1. Bréf frá Sverri steinhöggvara Runólfssyni 4. þ. mán hvarmeð hann kveðst hafa kostað 16rd til vegargjörðarinnar fyrir ofan Bergstaði og biður um að sér verði [...] ... ingunni. Fulltrúarnir komu á samt að [~~svara~~] fresta úrlitum þessa máls þar til snjór væri tekinn upp og séð yrði hvað öll vegaradgjörð þessi væri mikils verði

2 Bréf frá sama, hvarmeð hann biður um að fá útmælt 4 part [...] af Arnarhólsholti sem liggi milli Brennu og Efraholts. Út því leyti bæjarfulltrúarnir voru á það álits að Sverrir færi fram á þessa útmælingu gagngert til þess að nema þar grjót, þá þótti þeim í sjálfsvert að raska [~~þa~~] að svo komnu þeirri grundvallarreglu sem fylgt hefir verið til þessa, að láta Arnarhólsholt vera almenning eða standa almenningi opið til grjótnáms.

3. Bréf frá sama s. d. hvarmeð hann biður um að sér verði á veitt og útmælt byggingarstæði m. m. fyrir sunnan kirkjuna, hjá kalgarði pl. kr. Frederiksonar eða þar fyrir austan. — Fulltrúarnir komu á samt að svara að þareð þetta væri á hinni eiginlegu kaupstaðarlóð yrði beiðnin að vera á lóg komin undir álitum byggingar nefndarinnar.

4 Bréf frá Jóni smiðsvin Jónssyni á Efraholti 19. Marts hvarmeð hann biður um [~~...~~] til lóðarumbótar spildu

sem er liggr milli lóðar hans að Efriþingholtunum og Skólavörðustígnum. Fulltrúunum kom ásamt að leggja þessa lóðar viðbót að sínu leyti, ef hin umbeiðsja spilda sé ætluð til ræktunar, með því skilyrði að hann greiði í bæjarsjóð tálu árlega fyrir hverja 6–8000 □ faðma er spilda þessi inniheldr, auk lóðargjalds eptir opnu br. 26. sept. 1860.

Bæjargjaldkerinn hafði sent yfirlit yfir bæjarsjóðs reikninginn frá 1. jan. – 31 f. mán. – og sýnir það að útistandandi bæjargjald sé nú 263 rd. en í sjóði aðeins 82 rd 69 ß, og þó borgaðir í sjóðinn fyrir [illegible] 100 rd til slökkvitólanna. Bæjarfulltrúunum kom ásamt af því sjá nú framá að bæjarsjóðinn vanti [illegible] í mestu peningavandræðum þangaðtil þar gjaldast þ. ár. 4/12 í júlí og ágúst mánuði, þá væri nauðsyn að biðja bæjarfógeta að reyna að útvega sjóðnum allt að 400 rd skyndilán mót 4% vöxtum frá lokum þ. mán. til loka ágúst mán. þ. á. [illegible] úr Hafnarsjóði eða annarsstaðar og að bezt sjóðinn alls til að ná annars staðar [illegible]

Þá var rætt um hvenær niðurjöfnun ~~á~~ bæjargjaldanna skyldi byrja, og kom fulltrúunum ásamt, að fresta henni þangaðtil strax eptir páska einkum þareð Guðm. Þórðarson væri fjærverandi.

Ákveðið að greiða smið Helgasyni eptir ávísun III. 1 rd 5 ß 8 ß fyrir kneirör í barnaskólanum. –

Consul M. Smith tók að sér umsjón bæjarvegarins fyrir Aprílmánuð. – Fundi slitið

G. Gudmundsson. S. Melsted M. Smith C. O. Robb H. Jónsson

Ár 1862 fimtud. 8. maí áttu fulltrúarnir fund með sér kl. 11 f. m. og voru allir fulltrúarnir á fundi nema Guðm. Þórðarson ~~sem var~~ á mína fyrri part dagsins, er hann var á sjó – aðal fundarefni var að fyrirtaka niðurjöfnun bæjargjaldanna fyrir 1862

En áðr en þetta aðalætlunarverk hafði verið framlögð þessi bréf frá bæjarfógeta

1. Bréf 10. f. mán. er birtir bréf lögst. ráðh. 25 febr. þ. á. áhrærandi úrskurð stm. um bæjargjald Einars prentara Þórðarsonar f. á.
2. Bréf s. d. er birtir stiftamtsbréf 7. jan. áhrærandi uppboð á Skeljahúsa og Hólakotsblettunum. – Þetta málefni er nú síðar leitt til lykta á bæjarstjórnar fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 Bréf 23. f. mán. um að Erlendi Ingimundarsyni í Hafnarfirði hafi fengið fáum kár? ... hér í bænum

4 Bréf s. d. um viðhaldandi uppástúngu um að breyta gjaldseðlunum eptir formi þeirra. Fulltrúarnir komu á samt, að ~~geta~~ fallast á þessa breytingu.

En fremur var lagt fram, sent af bæjarfógeta, bréf frá R. P. Moll 13. f. m. hvarmeð hann beiðist þess meðr í Skólahúsinu þegar Sívert Magnússon sé farinn þaðan. Fulltrúarnir komu ásamt, að ~~þessa~~ beiðni yrði að afregja og ... ~~af því~~ ... hverjum sem væri ~~stórt~~ ~~taka~~ ~~þeirra~~ að gjöra á Skólahúsinu sem væri ráðgjörðar í sumar og af því þegar væri búið að ákveða að skóla haldið ætti að byrja um lok Septbr mán.

Að þessu búnu var tekið til niðurjöfnunarinnar og var henni framhaldið dagana 8–10 og 13 Maí og var henni lokið að kvöldi hins síðastnefnda dags.

Guðmundsson. S. Melsteð M. Smith

Á.

Ár 1862 miðvikudaginn 14. Maí áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi: Jón Jónsson ... Þórðarson og Kott

1. Var framlagt og komu til umræðu samkvæmt bréfi bæjarfógetans 12. þ. mán. útmælingargjörð 10. næst. áður ... á Kálgarðslóð, ~~fyr~~ handa D. Thomsen fyrir framan hús hans á Lækjartorgi og varð útmæling þessi frá austri til vestra ... húsinu, en útfrá húsinu til suðrs 20 álnir. Fulltrúarnir komu ásamt að, þarsem sýnist hafi verið ... að umsóknum á þessum stað (Lækjartorgi) hvar sem nauðsynlegt er að halda því opnu fyrir ferðamenn ... vegi og 3 ... og ... legt að ... frá því að ... afhending nái samþykki.

2. Ávísað eptir fylgjandi reikningum
1. Lúðvík Alexíus f. ~~Árnason~~ fyrir snjómokstr á Austrstr. ... teikning (á dt. II) 4.72; 2. sama, fyrir snjómokstr fyrir Skólahúsinu (á dt. III) 2.– 3. Guðna Einarssyni og Konrad M. Smith, fyrir ... 2.48 + 1.481 (IV) af því fé sem Guðbrandi Guðnasyni er ... á fyrir reikningum

3 Bréf frá ... í dag ... heimildarbréf bæjarfulltrúanna 8. Sept. 1848 fyrir Móhúsalóð. Fátækranefndin fer framá að bæjarfulltrúarnir vili samþykkja, að hún selji þessa eign — ... sé komin á ~~...~~, og ~~...~~ í skuldir ... —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir 280rd með þeim skilmálum að hinn nýi kaupandi megi gánga inní þann rétt, að öllu leyti sem Símoni var veittr yfir Móhúsa blettinum með tilheyrandi í skjalinu 8. sept 1848.

Fulltrúunum kom ásamt, að fallast á álit og tillögur fátækra nefndarinnar þannig: að hinn nýi kaupandi fengi að halda Móhúsa landinu á leig leigu laust ~~til~~ það sem eptir væri hinna á kveðnu 25 ára, þó að gjaldast þetta ~~skattfrjálsa~~ lægsta lóðarlóðar tollsgjaldi árs. samkv. og br. 26. sept 1860, – eða til 8 septbr 1873, en uppfrá þeim degi félli ~~leigan~~ landið aptr undir bæjarins skyldu laust sem fullkomin leiga hans. – ~~Fundi~~ í 24 Dosent S. Melsted tók að sér um sjón bæjarverkamanna fyrir þenna mann

Jón Guðmundsson. S. Melsted M. Smith

Ár 1862 miðvikudaginn 28. Mai áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Smith og Roth

I Voru framlögð eptir fylgjandi bréf frá bæjarfógeta

a. Bréf 15 ~~Mai~~ þ. m. er birtir stiptamts bréf 12. s. m. og ráðherra br. 13 febr. þ. á. áhrærandi skyldu Thorvaldsens sjóðsins til að styrkja að til tölu til barnaskóla halds hér í bænum.

Útaf þessu ráðherrabréfi sem var ritað einungis á dönsku, hreifði Guðm. Þórðarson mótmælum gegn því að bæjarstjórninni væri ritaðar yfirvalda- og stjórnarráðstafanir einungis á dönsku, þareð hann hvorki skyldi vandasöm mál ritud á dönsku né fyndi sér skylt að skilja ~~og~~ eða taka þátt í meðferð mála sem svo væri úr garði gjörð. Fulltrúunum kom ásamt að styðja þessa kröfu G. Þórðarsonar og rita ígegnum bæjarfógeta til amtsins um málið

b. Bréf ~~bo~~ 17. þ. m. er birtir bréf amtsins 7. nóvbr á undan, hvarmeð ~~bo~~ skýrt er frá að lóðarkaupmaður Þórarinn Jónsson í Melshúsum hafi kært yfir brd. lóðartollinum fyrir amtinu, og að kyllist amtið í þessu tilliti umsagnar bæjarstjórnarinnar um að því skuli greida þenna brd. auka lóðargjaldsins; fulltrúunum kom ásamt að óska af bæjarfógeta, að málið sé tekið fyrir á sameiginlegum bæjarstjórnarfundi.

II. Bréf frá einstökum mönnum:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(með á teikningu bæjarfógeta)

c. Bréf frá ~~ein~~ skólakennara Jens Sigurðssyni 20. þ.m. um að fá hreinsaða og hlaðna upp rennuna frá Norð-urhlið húsi hans yfir þvera Brattagötu; ~~Fulltrúar~~ Full-trúunum kom ásamt að þetta væri nauðsynja aðgjörð einnig með fleiri rennur í Aðalstræti og þvergötunum þar vestur úr, og sömuleiðis aðalrennuna á Kirkjugarðs-stræti: „Teitsrennunni." — Eptir nákvæmar umræður var afráðið að fela Sverri Runólfssyni að hlaða upp þessar samtals 4 aðalrennur, ef hann vildi gangast undir að gjöra hverja álin í aðalrennunum á 9ß, ~~stærri~~ ~~[illegible]~~ [illegible] sem á þær liggja fyrir vara legt verð; og að hann feli hafarlaust til þessara verka einkum Teitsrenn-unnar eptir næstu helgi.

d. Bréf frá þeim 3 mönnum sem eiga hæstbjóðend-ur að Melshúsatúninu, um: að fá úthelti á þessum túninu ofanálag gjört o.s.frv., að girt verði Hólakotsgryf-jan forsvaranlega, að ~~gryf~~ bæjarstjórnin láti gjöra við hliðið hjá Sveini bónda húsi og láti loka því og sjái um að Melakotshliðið geti fallið aptur.

Fulltrúunum kom ásamt, að svara á þá leið að þeir vili sjá um að Hólakotsgryfjan verði girt sem fyrst, en að aðra leyti álíti hún sér ~~ekki koma~~ (að greiða úr því) það sem beiðendur fara fram á í bréfinu. Girðingu á gryfj-unni [illegible] Kl. Jónsson að sjá.

e. Bréf frá leiguliða Elliðaánna frá E. Thorstein-sen um að fá ~~[illegible]~~ fyllta gryfjuna er tekin var í Elliðaárveginn, fyrir nokkru var, en skaðabæt-ur eptir mati óvilhallra manna fyrir það sem gryfjan var látin ófyllt og ~~og~~ óbyrgð í lengra í vor. Fulltrú-unum kom ásamt, ~~að~~ samkvæmt bréfi þeirra ~~þ.m.~~ að svara, að þeir hefði þegar annast gengist að þessara kröfur af hendi.

Smiðurinn Helgi Jónsson lagði fram skrá yfir gjörð áhöld og verkfæri er borgin á.

Þá kom til umræðu um hinn nýja brunn á Lækjartorgi, og kom fulltrúunum ásamt að setja í hann tré, ~~þegar búið og~~ svo öllum á haldsum þegar búið væri að auka brunninn upp nokkrum sinnum.

Ávísað þessum reikningum: ~~fyrir~~ Til Nicolaisen fyrir aðgjörð á slökkvitólunum, staðfest af Wulff, 9 Rd. — Kr. Magnússen eptirstöðvar fyrir snjómokstur á Kirkj-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brú nesti vetr, 3rd. —
Snikkari M. Jónsson bát að sér umsjón bæjar-
-verka fyrir Júní mánuð. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted H. Jónsson G. Þórðarson

Ár 1862 þriðjud. 10. Júní áttu fulltrúarnir fundi með
sér og voru allir á fundi nema Gísli Þórðarson, sem er í
ferð utan bæjar

Þá var tekið fyrir að jafna niður bæjargjöldum á þá
sem tekið hafa bólfestu hér í bænum, orðið sjálfra sín
~~mat~~ á þessu vori, eða flutt búferlum inní umdæmið á þessu
vori, fyrir síðari hluta ársins frá fardögum til nýárs. Var
þá búin til og samþykkt uppkast til niðurjöfnunar á þessu
gjaldendr og var hún að upphæð ~~45 rd~~ 35 rd

Þá voru framlögð og rædd þessi bréf.
1. Frá Pétri prentara Ármundssyni dags. í dag, og vísað til
að gjörða ~~bæjar~~ fulltrúanna frá bæjarfógeta, hvar P. Á. biður
um að ~~fá til~~ fá til leigu Prentsmiðju garðinn þ. ár fyrir
2 rd. Fulltrúarnir komu á samt að svara, að ~~ef~~ hann
~~útvegi áreiðanlegan ábyrgðar mann~~ megi ~~hann~~ fá
garðinn til leigu, eða borgi fyrir fram.
2. Bréf frá M. W. Johnsen kaupmanni, í nafni Laugaeigend-
a í Laugarnesi og Kleppi, um að bæjarstjórnin sjái um að ~~að~~ ~~Laugarnes~~ ~~drkottr~~ verði
uppruddr, vegurinn inn að Laugarnesi, eins og að undan
förnu; — Eptir nokkrar umræður, varð sú niðurstaðan
að á þessi margar og kostnaðarsamar vegabætr lögð fyrir
í ár, sem almenning varðar miklu meir heldren þessi
litt farni vegur inn að Laugarnesi, þá gæti bæjarstjórnin
eigi veitt annað né meira en til nauðsynlegasta ruðn-
-ings og það á gjörvöllum veginum frá Vegamótum inn að
Fúlutjörn, — heldren 4 rd.
Þá var þessum reikningum ávísað: a. Gudni í Berg
-staðum 2 rd (af 2 rd 3 ß sem krafizt var.) b. Kaupmanni Thomsen
2 rd 48 ß fyrir pappír (á ath IX.) Fundi slitið

Jón Guðmundsson S. Melsted M. Smith. C. O. Robb H. Jónsson

Ár 1862 laugardaginn 28. Júní áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi nema Konsul M.
Smith.
Fyrst var framlagt
a. Bréf bæjarfógetans 18. þ. m. er birtir ráðherrabr. 10. f. m.
hvar með er samþykkt að taka 400 rd lán af Kollu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til aðgjörðar og endrbótar á [illegible]
6 Bréf sama, birtir í gegnum Amtið ráðherrabréf
31. f. mán hvarmeð er afsagt leigulaust 1600 kr lán úr
viðlagasjóði, til aðgjörðar barna skólanum, en aptr lagt til að
taka þetta lán annarstaðar að því leiti sem það fáist
með þeim kjörum sem bæjarstjórnin fór fram á

Þá kom til umræðu og úrgreiðslu:
1 Bréf frá E. Waage ~~dags~~ 27. Júní þ. á hvarmeð hann biðr
um rennisteins brú á kostnað bæjarsjóðs yfir rennistein-
inn fyrir framan hús hans í Aðalstræti. Fulltrúarnir
komu ásamt að svara að bæjarstjórnin yrði að álíta
þessleiðis rennisteins brú er einungis leiða að þyrfi
og fortagsleið einstakra manna, bæjarsjóðnum óviðkomandi.
2 Bréf frá hreppstjóranna í Seltjarnarness hrepps, 21.6.14 um
ruðning og aðgjörð á veginum er liggr frá Melkotsblett
ina og verðr að takmörkum bæjarins við Seltjarnar-
nes hrepp. — Fulltrúarnir komu ásamt að svara,
að það væri sjálfsagt, að bærinn léti ryðja þenna veg
og bæta hann eptir því sem venja hafi verið til að
undanförnu.
3 3 Bréf – tvö frá Arnbeli snikkara Schewing og 1 frá
Hólmfríði Bjarnadóttur, um að fá leigð her-
bergi í barna skólanum. Fulltrúarnir komu ásamt að svara,
að að eins hefði fulltrúunum þótt betra, ef álits skóla
nefndarinnar hefði fyrst verið leitað, en fulltrúarnir
~~það~~ yrði um þessi bónarbréf að halda sér til bréfs síns
til bæjarfógeta um sama málefni 15. ~~þ. m.~~ f. mán
Þá kom til umræðu um, að nauðsyn væri
4 á að fullkomna húsaröðunum (fortang) að sunnanverðu
í ~~Aðal~~ Austr strætinu eptir því endilöngu utan frá ~~Aðal~~ vestri
til Aðalstrætis, og hefði húseigendrnir Knudtzon, M.
Arnason, Lambertsen og B. Gunnlögsen gjört góða byrjun
á þessu þegar í fyrra haust. Eptir nokkrar umræð-
ur komu fulltrúarnir ásamt að rita bæjarfóget-
anum um málið, og fela honum að semja sem fyrst
við hlutaðeigandi húseigendr í sunnanverðu ~~Aðal~~ Austr-
strætinu og binna þá til að fullkomna þann byrjaða
hans stíg, hvar á meðal það einkum var tekið fram,
að N Jörgen færi inn norðr girðingu kálgarðs síns við
Nr 2 í Aðalstr. svo, að stéttin með garðinum yrði
eins breið með fram garðinum eins og hann er við norðr
gafl sjálfs hússins, að B. Gunnlögsen verði skyldaðr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að nema burt kolkhússkúrinn, að þeir legði því skylda hvíldi á honum frá því skúrinn var fyrst reistr; og að stiptamtmanni verði skrifað, að það verði fé úr löggæzlusjóðnum, til þess að umbæta og hlekka hússtiganum fyrir framan Yfirréttarhúsið og bað þess.

5 Var ávísað: a. Herra Runólfssyni, 9rd 32ß + 18rd fyrir rennugjörðir; b. Guðbr. Guðnasyni, uppí klakahögg 90ß; c Lögregluþjónanum, fyrir mölingar 2rd 16ß, og fyrir uppboð 1rd 68ß; d. C. F. Siemsen brunabót fyrir barnaskólann 18rd 4 8ß; e Jóni Guðmundssyni, fyrir skriftir, o.fl. 9rd 5 4ß

Jón Guðmundsson tók að sér umsjón bæjarverkanna fyrir Júli mánuð. — Fundi slitið

J. Guðmundsson. S. Melsted C. O. Robb H. Jonsson G. Þórðarson

Ár 1862 miðvikudaginn 23. Júli áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Guðm. Þórðarson sem var fjærverandi.

Fyrst kom til umræðu byggingarnefndargjörð 4. þ. mán. á hverandi Skuggahverfisveginum, sem með bréfi bæjarfógetans 8. s. mán. Fulltrúunum kom ásamt að fallast á álit byggingarnefndarinnar, og þessvegna að biðja bæjarfógetann að hlutast til um að lóðar eigendurnir fyrir neðan timburhús herra Jóns Jónssonar og Guðm. snikkara ~~[illegible]~~ að þeir skuldbindi sig til að afstanda nauðsynlega lóð undir veg ofan frá [illegible] niður að sjó eða Skuggavörð, ökleyfis svo að greiðr vegr gjörði þar [illegible] eptir áliti byggingarnefndarinnar, og álitu fulltrúarnir, að fyrr þetta kæmist í kring og vissa fengist fyrir að hin nauðsynlega lóð yrði afstaðin treystist fulltrúarnir eigi til að láta byrja á veginum að ofan verðu ofan norðr yfir grjótbeltið.

2 Bréf frá skólakennara Jens Sigurðssyni dags. í dag hvarmeð hann talar um grjót það sem hefir komið upp úr gömlu rennunni í Aðalstræti. Fulltrúunum kom ásamt að svara að bærinn hefði sjálfr ~~sjálfr~~ fulla þörf á þessu grjóti og gæti ~~[illegible]~~ því ekki látið það falt.

Það kom til umræðu og var ákveðið

A. að semja um að bera ofaní nýja veginn ~~fyrir af~~ bakvið Bakarahúsin, og lagfæra bleytuleðjuna þar sem við þarf.

B. Að láta lagfæra og umbæta Grjótagötu uppað Geirsbæ með góðri rennuleiðslu meðfram allri götunni að sunnan og veginn ofaní barði, meðfram úr skólaholtsgryfjunni og gott lagfært. - og var afráðið að biðja bæjarfógetann að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

auglýsa sem fyrst og á hverja undirboðsþing til þessarar vegargjörðar og á Helga, að fulltrúarnir fái að sjá álit sitt um skilmálana áðr en þeir sé auglýstir.

Þá var ávísað þess um reikningum:

1. Sverri steinhöggvara Runólfssyni fyrir rennusteina 16rd 48ß + (Kaupst 23-16ß ávís. ad) 20rd
2. Helga sn. Jónssyni 9rd 4ß (IV) + 1rd 4ß ~~(II)~~ ~~(IV)~~ (III)
3 Guðm. Guðm. i ofl 9rd (III) 4. Dómkirkjuprestinum Hannes af Reykjavíkurfjórð frá 54-62 samþykt áðr á aðalfundi) 19rd 21ß (IX)
5. Þorst. Bjarnarsyni fyrir eldivið 2rd (IX) 6. Ól. Andersen fyrir Vergt 72ß ~~III~~
7. Guðbr. Guðnason uppboð á Kleppsv. veg (Kaupst 16rd ávís) 8rd (IV)

Þá var og viðtekið að kaupa nú á auction í Keflavík 2rd planka, ef bidest með góðu verði og menn hentugri Breiddal fyrir 20-25 rd.

Konsul Smith tók að sér umsjón bæjarverkanna fyrir Águst mán.

Fundi slitið

J. Guðmundsson S. Helgesen M. Smith C. O. Robb Thomsen

Ár 1862, 27. ágúst, áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema kaupmaðr C. O. Robb.

Fyrst var framlagt bréf bæjarfógeta 30. f. mán. er kunngjörir ráðherra bréf 11. s. mán. hvarmeð lagt er samþykki á að bakari Bernhöft fái ~~fúsi~~ kvelkotsblettinn til ~~eign~~ erfðafestu eignar gegn því afgjaldi og öðrum skilmálum sem fastsettir voru við uppboð á honum þ. 7. maí 1860.

Þá var tekið til umræðu um nauðsynlega lagfæring á rennunni, samanvið Strandgötunni og kom fulltrúunum ásamt að taka til þessa verks Sigurð Hanssyni ~~úr~~ annan duglegan og dreittanlegan mann til forgöngu, en ráða að öðru leyti helzt þá bæjarbúa til verksins sem eigu ógoldið og erfitt með að gjalda; afráðið að steinleggja rennuna i botninn.

Afráðið að ítreka ~~alvarlega~~ alvarlega við bæjarfógetann um eptirlit af hendi þjónustumanna og með almennum þrifnaði á strætum bæjarins og sérstaklega með að eigi sé borin aska og rusl í rennur bæjarins, einkum rennuna milli Fjósahús og Suðrbæjar, ~~hvara~~ sem nú sé orðin full að nýjum, strax fyrir þarafleiðandi ~~fyr~~ áskoran bæjarfulltrúanna í fyrra haust 20. Sept. f. á.

Sömuleiðis að skrifa bæjarfógetanum um að láta sem fyrst rannsaka heimildarlausa innrepttskt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á nokkurra selstöðuverzlunarbúa, í svo nefndu 57
Kaplaskjóli innan bæjarins landamerkja, hvarum
Magnús Jónssyni í Bráðræði muni geta gefið nákvæm-
-ari upplýsingar, og að þeir sem upp hafa tekið verði
dregnir til ábyrgðar fyrir þenna heimildarlausa
yfirgang en mórinn tekinn í löghald að því hann
væri enn óflutt burtu.

Sömuleiðis að rannsókn yrði um mótöku
í ~~Kaplaskjóli~~ Fossvogi í ár þrátt fyrir þaraðlútandi kröfu
fulltrúanna í fyrra haust, og einkanlega ef
mórinn hefir í ár verið seldur til útflutnings til
annara þjóða.

Að síðustu var ávísað þessum reikningum

a. Uppboðsreikn. fyrir planka, 29 Júli þ. á 24rd 3 7ß IX.
b. Skaðabætur til frú Thorsteinsen — — 5 . . IX.
c. Snikkari Jónsson, aðg. við nýja port — 8 . 8ß VII
d. Guðm. smiði Jóhannessyni — — 5 . 4 . VII
e. Hr. St. Johnsen, vegavinna frá Veginum að Kirkjug. 3 . 2 . IV
f.–g. Sv. Runólfssyni — 1 + 5 — — 6 . . IV

Fundi slitið

J. Guðmundsson. P. Melsteð Thomsen G. Þórðarson H. Smith

Ár 1862, 2 Oct. áttu fulltrúarnir fund með sér og
voru allir á fundi nema kaupmaður C. O. Robb.

Formaðurinn gat þess, að síðan á síðasta fulltrúa
fundi hafi verið 2–3 bæjarstjórnarfundir.

Bæjarfógetinn var framan af á fundi, og voru
þá af öllum meðlimum bæjarstjórnarinnar undirskrif-
-aðar 2 veðskuldabréf

1o dags. 2 Ag. ~~upp~~ til Kláss og bústjórnarfélags
Suðuramtsins, upphæð 700rd dags. 2. Ag. 1862
2 Viðbótir á veðskuldabréf (áður 100rd) til Hafnar
-sjóðsins, viðb. upph. 200rd dags. . . .

Þá kom til umræðu bréf bæjarfógeta 13. f. m. sem er
svar uppá bréf bæjarfulltrúanna um móupptekt Magn-
-úsar Þorkellssonar á Grímsstöðum í Fossvogi. Fulltrúunum kom
ásamt að svara á þá leið, að þeir álíti hér fram-
komna óhlýðni gegn yfirvalda skipun af hendi Magn-
-úsar og þannig væri rétt að þaraðlútandi rannsókn
um móupptekt ꝛt. í sumar og þar afleiðandi máls
~~höfðun~~ höfðun ef ástæða er til, ~~og væri~~ fari fram
sem opinbert lögreglumál [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um eigi fallizt á þessu staðinn ostaðn fulltrú-
arnir að málið eigi að þessu leyti borið undir inn
stórð amtsins. Að öðru leyti álitu fulltrúarnir
rétt að fyrir bjóða sér hvorja möguleikt í Forstiorgi
fyrst um sinn, bæði Magnúsi og öðrum, því kæmi
hafi og sjálfir nægilega mótæ nálægt sér í Kapla-
skjóli eigi áður en aðrir í vetri þurpi bæjarins sem
árlega talið far upp má.

Þá kom til umræðu jafnaðarsjóðsgjaldið af bænum
er hingað til hefir verið ~~niðurjafnað~~ skipt upp á áætlun
og niðurjafnað. – Fulltrúunum kom ásamt að lög-
vakert væri nein ein bæjarins laga ákvæði fyrir þessu fyrir-
komulagi, og átti því að reyna að rita stjórninni
um að fá þessu breytt, jafnaðarsjóðsgjaldinu rýmt
burt úr áætlunum bæjarins, en því jafnað niður
framvegis á lausafjár hundruð framtalin, eins og annarstaðar í landinu.

Ennfremur var rætt um skipti stöðvar af skuldi bæjar-
ins til Thorkilli sjóðsins, og var afráðið að rita stipt-
amtinu bónarbréf um að mega hætta að greiða ~~vexti~~
~~afborgun~~ upp í sjálfa innstæðuna þegar þessu ári er lokið
nemlega 100 rd. hvert árið
~~helst~~ að eins vexti, en skuldin standi síðan með
þriggja uppsagnar fresti á báðar hliðar.

Að síðustu var afráðið að yfirvega hin nýja
bæjarbókardags skrá til á næsta fundi, ~~og skylda~~
~~formaðr~~

Dorent Melsted tók að sér umsjón bæjarverk-
anna fyrir Octob. mánuð. – Fundi slitið

Gudmundsson. S. Melsted H. Jónsson M. Smith
G. Þórðarson

Ár 1862. fundud. 9. okt. áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi, en Helgi Jónsson fór
aptr þegar í byrjun fundar án þess að tjá orsakir.

Formaðurinn framlagði á agripsreikning bæjargjald-
kera Juli – Septbr 1862. Útkrefjandi ógoldin bæjar-
gjöld þ. á 1553" 29ß. Kom fulltrúunum ásamt að
rita bæjarfógetanum um að auglýsa á þessum fjár-
náum og að láta því verða framgengt sem fyrst; og
skyldi jafn framt amma gjaldkeranum að búa sem fyrst
til þóradlútandi skuldalista

Þá var ávísað þessum reikningum
Consul M. Smith fyrir gusverk sama dag IV - 5. 2 - 8
Gudbr. Gudnasyni 15 og + 8 - 26/ - VII - 2. - -
                                      IV - 23. 1 - 10
Manni í Melkoti og Jóni á Steinum - IV - 3 - -

Fundi slitið

Gudmundsson. S. Melsted. M. Smith. C. O. Robb. G. Þórðarson

Ár 1862, laugardaginn 1. Novbr áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

Var framlagt:

1. Bréf bæjarfógeta 11. þ. mán. er skýrir frá að Amtið 7. þ. mán hafi stadfest útsvarið á Gud-rúnu Einarsdóttur í Melkoti; þ. á. 1 - 48.

2. Bréf sama s. d. er birtir orðrétt skiptaráðsbréf 7. s. mán. áhrærandi sveitarútsvar Gudbr. Gudbrands-sonar, og ur[s]kurðar að það skuli að eins vera 4 r 8 s fyrir hálfmissirið [til] 31. Dec. þ. á.

3. Bréf Lyfsala Randrups, til Byggingarnefndarinnar 28. f. mán., sent s. d. af bæjarfógeta fulltrúunum til álita. Biður Randrup um að sér verði ~~leyfðar~~ ávísaðir og útmældar 3 álnir til verstanverðu við pakkhús sitt (austan af hinum gamla kirkjugarði, til þess að breikka þetta pakkhús, og að auki 3 álna lóðar bót þar vestur frá. – Með þessu skjali sendi bæjarfógetinn útskript af Byggingarnefndargjörð 9. Febr 1848. – Fulltrúarnir sem nú eru á fundi staðfestu þann hluta gamla kirkjugarðsins sem hér ræðir um og alla afstöðuna, og virtist þeim ekkert geta verið í móti að Randrup fengi út-mældar 3 álnir vert fyrir vestan hið nú ver-andi apoteks pakkhús, en þar í móti virtist í sjálfu sér að honum væri ~~seld~~ ávísuð frekari lóð vestur í hinum gamla kirkjugarði, bæði með tilliti til þess sem sumpart er þegar á kveðið í byggingarnefndargjörðinni 9. febr 18 1848, og þess sem seinar kynni að verða tekið fyrir ákvarðað sökum með kirkjugarðinn um afnot og fyrir ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í heild sinni.

Bréf frá frú K. Sveinbjörnsson 10. ~~okt~~ f. m. sent af bæjarfógeta til álita, hvarmeð er beðið að hlaða upp rennuna yfir þvera Tjarnargötu. Fulltrú-unum kom ásamt, að láta hlaða þessa þessa rennu upp sem fyrst.

Þá var á vís að þessari reikningum, við komandi barnaskólanum, og voru allir á telkunda af formanni skólanefndarinnar.

1 Madam Ingeb. Gudjohnsen 5 — af láni
2 ~~Konsul Smith (31 + 25 = 14f)~~ — — d. l. aðrir að 15 + 23 = 78
4 Ludvig Alexíusson . . . . . 4 — d. + 19 ^{3} = III
5 Jón Guðm. vikat. Þjóðólfs — — 1 — 5 pl. — III

Snikkari Helgi Jónsson bað að fá umsjón bæjarvinnu fyrir Austurv.

Fundi slitið

H. Guðmundsson   M. Smith.   Hannes Þórðarson

Ár 1862 þriðjud. 11. Marz áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi. ~~nema Konsul M. Smith~~

Fyrst kom til umræðu um snjómokstur á þessum vetri í Austurstræti, og á Kirkjubrúnni ~~og~~ útvent eigin götunni fyrir framan austari húsaröðina á Austurvelli. Þarer þeir Ludvig Alexíusson og Kr. Magnusen, sem urðu lögskyldandi að þessum verkum fyrir 9 rd. 3 sk. og 10 rd. ~~hafðu þeir~~ á undirboðsþingi 26. okt. 1860 (sbr fulltrúa fund 1. Marz s. á.) höfðu þessir verið á fundi í fyrra (1861–62), og kváðu um hvað þeir færu til að hafa þau á hendi ~~af~~ yfirstandandi vetr, þá lausti fulltrúunum eigi ástæða til að breyta þar út af heldr láta það standa.

Eptir því sem aftalað var með fulltrúunum í f. mán. kom nú til umræðu ~~hin~~ nýju vegabótalög 15. Marz f. á. sem eru þinglesin hér í bænum síð-sumars. Var fyrst um það rætt hvort fulltrúarnir og bæjarstjórnin ætti nú þegar að hafa lög þessi til greina að fyrra bragði, eða bíða þess að sú tíminn tíð kæmi fyrst til máls í þeim efnum; virtist nú fulltrúunum að þetta mætti eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

báðir, bæði með tilliti til ákvarðana laganna
í 3. og 4. gr. og lagstjórnarbr. 28. febr. s. á. nr 2., og einn-
-un með tilliti til að nauðsyn verðist á að ~~vitið~~
það gæti orðið á kveðið áður en áætlun yfir bæjar-
-gjöldin 1863 verður algjörð, ~~hvata~~ við hverja
hluta þjóðvega þeirra sem að Reykjavík liggja, að
bæjarsjóðurinn losist hið næstkomandi ár. Af
þessum ástæðum kom ~~sú~~ fulltrúunum saman
að hreifa málinu nú þegar af hendi bæjarstjórn-
-arinnar, — og reka bæjarfógeta þarað lútandi álit
sitt, þannig

a. Að þjóðvegir að kaupstaðnum verði eigi
kallaðir aðrir en þeir 2 aðalvegir 1o frá bakara
brúnni inn að Fossvogslæk og 2o vegurinn
sem liggur suður bæinn og frá Melkotsblett-
-inu fram á Seltjarnarnes

b. Að bæjarsjóðurinn frá byrjun næsta árs
verði laus við viðhald og aðgjörð á þess-
-um aðalvegum að því leyti þeir liggja
fyrir utan hina upprunalega kaupstaðarlóð
frá 1792, — en þó með þeim nákvæmari
takmörkunum og skilyrðum

1 Að bærinn haldi við á sinn kostnað
framvegis öllum aðalveginum suður bæinn
og túnum bæjarins ~~að~~ suður að Melkotsblett-
-inum, með því þessi hluti sé ~~[illegible]~~ bæði
skemmtivegur bæjarbúa og leið til Kirkju-
-garðsins.

2 Að vegabótarsjóðurinn taki að sér framvegis aðal
aðgjörð ~~[illegible]~~ á Bakarabrúnni þegar á þarf
að halda, með því þar yfir er alfaravegur
allra ferðamanna til staðarins hvers vegar að
og ~~þess~~ brúin þarf jafnmikið þess vegna að vera
bæði margfalt um máls meiri og sterkari
heldur en á þyrfti að halda ef hún væri einungis
handa bæjarmönnum.

Þess mest vilja fulltrúarnir áskilja
sér, þegar [illegible] að leggja [illegible]
eður úrskurð á þessi takmörk þjóðveganna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á ~~Mis hér greinilla hakmörk~~ kjördæmanna, að vera upp ~~um frá~~ nálæðanar uppástungur um, hvaða aðgjörð kjördæmi þessir þarfi að fá næsta ár og hvað mikilum kostnaði, sú aðgjört mundi verða bundin.

Því var ávísað þessum reikningum:

a Jubr. Guðnadyni - eptirst. af vatnkoggi til ?vetrnæta 1862 - - (IV) 5-1-8

b. Lögreglu þjónunum (IX) . 5-2

c Guðbrandr - - - - (IV) . 4-8

d Guðm Jóhannesson - - - (IX) 1-3

e Sverrir Runolfsson (eggi ... 20) - (IV) 17 " "

f. ~~Konrad~~ ... B. Smith af laurfé barna skólans - - - 16-2-8

Fundi slitið

G. Guðmundsson. S. Melsted M. Smith. E. O. Kolb. H. Sigmundsson
G Þórðarson

Ár 1862, fyrstud 5- desbr áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema kaupmaður Konrad M. Smith, er sigldi til Danmerkur með síðasta gufuskipsferð héðan.

2 ~~1~~. Framlögð voru þessi bréf frá bæjarfógeta, öll dags. þ. mán.

1 - er birtir amtsbr. 29. f. mán um gafnaðarsjóðs gjaldið af Reykjavíkur kaupstað, og kveðst amtið ekki hafa komið málefninu með síðustu póstskipsferð.

2 - Er birtir amtsbr 28. f. mán, hvarmeð er afsögð ~~að~~ beiðni bæjarstjórnarinnar ~~um að fá~~ ^(breytingu á vöxtum) Þorvaldsens sjóðs láninu frá 1859.

3 - hvarmeð send. er fulltrúunum til álita

A. Áætlun frá barnaskólanefndinni 29. f. mán. það fé er til skólans þarfi fyrir árið 1863, - að frádregnum tekjum - 700 rdl

B. Áætlun frá fátækranefndinni, 1. þ. mán. yfir það fé sem ~~fé~~ til fátækra þarf árið 1863, samtals, að tekjunum frádregnum, . . 1446 rd 48 ß

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur bréf bæjarfógeta dags. í dag, er birti stiptamtsins bréf 4. þ.m. er segir, að Amtið hafi snemma í sumar sent ~~stjórn~~ lögstjórninni bréf bæjarstjórnarinnar 17. Marts og 27. April þ. árs, – um lánsleyfi allt að 400 + 800 rd til þess að kaupa fyrir rentuberandi skuldabréf, og þar með að geta staðgoldið í viðlögum lánsfé til að standast útgjöld bæjarins ~~framan af~~ fyrri helming ársins frá 1. Janr. 30. Juni ár hvört. Afskriptir af báðum bréfum bæjarstjórnarinnar fylgdu.

Um áætlun fátækra nefndarinnar var afráðið, að fresta þaraðlútandi ályktunum, og nákvæmari áætlan um þangaðtil, með ... sérstakr fátækra gjaldkeri C.O. Robb væri beðinn að veita henni fullkomnari helzt upplýsingar um þessa áætlan hvör er hann getur gefið og bygt á þ. árs fátækra reikningi, er hann lofar að gefa, – og þangað til fátækra reikningar undanfarinna ára 1859–61 virðist vera auglýstir á prenti, ef það gæti orðið sem bráðast.

Áætlun skólanefndarinnar fannst ~~bæjarstjórninni~~ fulltrúunum eptir kringumstæðunum verða að samþykkja eins og hún liggr fyrir. –

Útaf bréfi stiftamtsins 4. þ. mán. var afráðið, að að rita stiptamtinu gegnum bæjarfógeta, að ~~fulltrúa~~ með þeim þingum og miklum útgjöldum sem ~~fyr~~ liggi opin fyrir þessa ári, hvaraf allmikið fé ~~geri~~ ~~fallið~~ falli til greiðslu í hverjum mánuði frá byrjun ársins, sjái fulltrúarnir eigi þort að ráða úr þeim nauðsynjum nema hæfilegt styrktarlán fengist til bráðabyrgða að minsta kosti til að standast helztu útgjöldin í Janr. Marz 1863, eða þangað til svar ~~gjörs~~ gæti komið frá stjórninni; um þetta efni vonuðu fulltrúarnir bráðra úrræða stiptamtsins, ~~allt~~ þannig að ~~það til~~ bæjarsjóðnum verði útvegað 4–500 rd lán.

Þá var samkvæmt 19. gr. bæjarstjórnarlaganna gengið til kosningar á 3 manni í kjörstjórnina úr flokki fulltrúanna, og var dócent Melsteð kosinn með 4 atkvæðum.

Þá var ávísað þessum reikningum
A. Til árgjörðar barnaskólans af láninu
1 Jörgensen – 14 rd, 2. Bernhöft 34 rd, 3. Þ. Thorsteinson 27 rd 50 sk
4. Kr. Friðriksson 2 rd 2 sk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Af launum til aðgjörðar slökkvitólanna
1. Sig. Jónessen begge 62rd – 69ß, 2. Wulff 25rd – 4ß 12ß
C. Í bæjarþarfir:
1 A. Thorsteinson 5rd 48ß IV; 2 Guðm Jónsson á Bergst. 1rd 3ß IV;
2 E. Jónsson 2rd 2ß IX. —

Þá kom til umræðu bréf frá Sv. Runólfs-
-son 4. þ. mán., hvarmeð hann falast eptir að fá
grjótvagn bæjarins leigðan til marzloka 1863, ~~fyrir~~
frá þessum tíma, fyrir samtals 7rd í leigu. Full-
-trúarnir komu ásamt að leyfa Sverri vagninn fyrir
10rd, móti því að hann ábyrgðist ~~vagninn~~ hann að
öllu og skili honum eins óskaddaðum og ~~vel~~
í eins góðu standi einsog hann þá er hann afhentur
~~af 2..~~ með skoðun og áliti óvilhallra manna,
og borgi [illegible] er hann á þann hátt [illegible]
og svo að Sverrir sjálfr ~~kunni~~ geti eigi að fundið.

Guðm. Þórðarson fékk að hafa umsjón bæjar-
-verkanna fyrir ~~Sept.~~ Decbr mánuð.

Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted, C. O. Robb H. Jónsson G. Þórðarson

Ár 1862 laugardaginn 13. Decbr áttu fulltrúarn-
ir fund með sér og voru allir á fundi
Fátækragjaldkerinn kaupmaður C. O. Robb
lagði fram þær upplýsingar sem hann var beðinn
um á síðasta fundi, viðvíkjandi áætlun fátækra
nefndarinnar fyrir 1863, og sömuleiðis hafði
bæjarfógetinn léð fulltrúunum fátækra sjóðsreikn-
-ingana fyrir þau 3 ár 1859–1861, ~~Eptir nokkrar~~
og gengu þessir reikningar milli fulltrúanna til
yfirvegunar. Eptir nokkrar umræður kom fulltrú-
unum ásamt að að rita gegnum bæjarfógetanum í
~~gegnum~~ fátækranefndinni nokkrar athugasemdir
útaf þessari síðustu áætlun. 1° áhrærandi hin ár
frá ári vaxandi útistandandi lán, — er vert því að
regna að hafa inn, og takmarka framvegis eptir því
sem verðr. 2° Að nefndin gjaldi varhuga við að á-
ætlunin sé ekki að neinum verulegum mun yfir
skriðin og krefi nauðsyn, þá að leita viðauka
veitingar hjá hlutaðeigandi valdstjórn. 3. Að óviss-
u tekjurnar verði eptir undanförnum ára meðal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tali, og [að áliti heldur þau talelar] 4 Að gjöf eða seðlar útsvar Stephansens embættisins verðist hafa átt að telja sem sérstandandi skattgr, er að litundum mætti telja uppá að fengist næsta ár.

Bréf bæjarfógetans 10. þ. mán., hvar með fylgdi afskript af bréfi hans til hreppst. Ólafs Guðmundssonar á Mýrarhúsum, s. d. áhrærandi móupptekt Seltjarnarnesbúa í Kaplaskjóli þ. á. Fulltrúarnir komu ásamt að fela formanni ~~fulltrúaráðs~~ þeirra að mæta þeirra vegna ~~at~~ á þeim fundi er yrði gjörður um framkvæmdir um þetta mál, og sóttust á málið, um ~~at~~ 4 sk. minnst fyrir hvern upptekinn móhest, — án tillits til að þeir hafi með sér heimildir nokkra uppgelt fyrr framgöngu smærra til þessa, á hvað mikil mætti fallast á 6 sk. fyrir hestinn.

Bón frá verzlunarstjóra M. Stephensen, er getur þess að sér hafi verið synjað um að fá gjafavagn bæjarins lánaðan. Fulltrúarnir komu ásamt að svara að ~~fyr~~ [hefðu hafi] engir þeirra beðið um vagninn áður en hann var léð Sv. Kr. Michaelssyni 5. þ. mán., og að þeir að öðru leyti álíti sér heimilt og það þá eftir kringumstæðunum til hagsmuna fyrir bæjarsjóð að ljá vagna bæjarins með þeim skilyrðum sem þessi var léð.

Bréf frá Guðr. Gudrasyni 6. þ. mán. (sent frá bæjarfógeta í dag —) hvar í hann ber sig upp undan öskufyllingu í Suðurhverfinu. — Fulltrúarnir komu ásamt að vísa þessu málefni frá sér til lögreglustjórnarinnar aðgjörða og frekari ráðstafanar, ~~og~~ sama kvöld bréfi ~~bæjar~~fulltrúanna til bæjarfógetans þ. á.

Þá var ávísað þessum reikningum:
1 Kr. Haagensen, 11 rd 3 mk 38 s; 2. M. Jónssyni, 11 rd 3 mk 25 s; 3. Einari Þórðarsyni, IX. 4 mk.

Fundi slitið

Guðmundsson. J. Melsteð. C. O. Robb. H. Thomsen. G. Þórðarson

Ár 1863 þriðjudaginn 20. Janúar áttu fulltrúarnir fund með sér, og voru allir hinir eldri fulltrúar á fundi nema kaupmaður C. O. Robb, því starfa hans var lokið um árslokin; fram fóru þá ~~kosningar~~ [á fulltrúa], í hans stað úr flokki borgara og húseigenda, til 6 ára, og var þá kosinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með atkvæða fjölda yfirdómari Jón Pjetursson samkvæmt bréfum bæarfógetans 9 og 19. þ. mán. er vora framlögð, og var hinn nýkjörni fulltrúi nú á fundi.

Þá var gengið til kosningar á oddvita fulltrúanna fyrir þ. ár og var kosinn Jón Guðmundsson með 4 atk. gegn 1. enn til varaoddvita var kosinn S. Melsteð sömul. með 4 atkv. gegn 1.

Þá vora framlögð þessi bréf frá bæarfógeta, sem komu á fyr nefndar

1 Bréf frá 9. þ. m. hvar með fylgdi áætlun (eptirrit) ~~af~~ yfir útgjöld bæarins 1863.

2 Bréf frá [illegible] 27. des. f. á. er svarar bréfi fulltrúanna 16. s. mán.

3 Bréf 13. þ. m. hvarmeð fylgdi bréf til (bæarf.) frá dannebrogsmanni Skapta Skaptasyni 11. s. m. og beiddist hann lausnar frá starfa sínum ~~í~~ sem meðlimur fátækranefndarinnar

Þá var gengið til kosningar á einum úr flokki fulltrúanna til þess að gánga í fátækranefndina, og var til þess kosinn yfirdómari Jón Pjetursson með 4 atkv.: 1. — Í stað dannebrogsmanns Skapta Skaptasonar kom fulltrúunum ásamt að kveðja tomthúsmann Jón Arnason í Stöðlakoti.

Bæarfógetinn hafði sent fulltrúunum til álita bréf frá þeim lögregluþjónunum Ás. Arnasyni og Árna Gíslasyni, um að fá nýjan veg lagðan frá aðalveginum (í Bakarastígnum) suður, gjörvir með bænum Bjargi, Ofanleiti og suður að Grímsbæ. — Fulltrúunum kom ásamt að skoða þenna veg og semja við bæareigendurna áður frekar sé afráðið.

Þá var ávísað af lánsfé því sem ætlað til aðgjörðar barnaskólahússins.

1 Birni smið Hjaltested 12 rd 8 ß; 2 M. Smiths verzlun 33 rd 64 ß;
3 Joh. Jonss. og Einar Jónss. (uppb. 63½) 58 rd [illegible] ß; 4. Ás. Arnasyni 12 rd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5 – Sverri másar Runólfssyni (22ʳᵈ 32ˢ) 15ʳᵈ þar af
velst eptir í vaxtaleigu, sundurþandarg. 5. f. m. (bls 64) 10ʳᵈ –
6. Geir Zoëga 4ʳᵈ 3ˢ; 7 Edv. Siemsen 8ʳᵈ 2ˢ 14ˢ. Fundi slitið

Ó. Guðmundsson. S. Melsteð. H. Sigurðsson. G. Þórðarson. Jón Pjetursson

Ár 1863, 17. Febr. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema yfirdómari Jón Pétursson sem hafði tjáð formanninum forföll.

Þessi 2 bréf höfðu borizt umferðis milli fulltrúanna fyrir þenna fund.

1. Bréf bæjarfógeta 3. þ. mán. hvar með fylgdi útdráttur af skuldalista bæjargjaldkera yfir þá er eiga ógoldna umræddan leiðarbolla eptirgjald eptir tún og kálgarða m. fl. fyrir árin 1861 og 1862.

2. Bréf frá dómkirkjuprestinum 14. þ. mán. hvar í hann fer framá að bæjarstjórnin sjái sér hennar fyrir greiðslu prestsetíundar af hinum ýmsu túnblettum bæjarins, úr bæjarsjóði, samkv. Rentek. br. 4. Mai 1833.

Málefni þetta kom nú til ítarlegrar umræðu, og virtist fulltrúunum ~~að~~ réttast að skrifa bæjarfógeta og fela honum að gjöra allt sem gjört yrði til þess að ná hinum umræddu lóðgjaldsskuldum inn í bæjarsjóð á hvern þann hátt sem löglegur og tilhlýðilegur þætti. Fulltrúunum virtist mega benda til, hvort ekki mundi mega taka þess leiðis legugjöld lögtaki, sem þykist samkvæmt hinni almennu ákvörðun í Op. br. 2. Apr. 1841 og sem þykist samkvæmt grundvallarr. í Op. br. 21. Mai 1829, og eptir þeim nú komnari reglum sem það lagaboð fyrirskrifar í þeim efnum sem þar ræðir um.

Málefnið um preststíund af hinum ýmsu túnblettum Reykjavíkur kaupstaðar, kom þá til ítarlegrar umræðu, og varð það niðurstaðan að fresta úrslitum þess máls til næsta fundar. –

Þá kom til umræðu bréf frá Guðmundi næturverði Gizurarsyni dags. 5. þ. mán. sent frá bæjarfógeta í dag ~~hér~~ og beiðist næturvörðurinn þar 18 rd launa uppbótar ennþá eins og undanfarin ár. Fulltrúunum kom ásamt að veita þetta að sönnu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legti, að þessi 18ᵃ skyldi greiða konunni nú ½₂ hverri mánuð af ~~[struck]~~ því fé sem er ætlað til ómaga gjalda f. á. og var hessu samþ. á ... fundinum

Þá var framlagt bréf frá þeim Guðbr. Guðnasyni og Klemenzi Klemenzsyni, hvarmeð þeir hafa samið svo með sér, að Klemenz taki að sér rennur og Klakbogg m. m. ~~til~~ um ~~[struck]~~ þennan yfirstandandi mánuð, fyrir 6ʳᵈ af því fé sem Guðbrandi er ætlað.

Þá var ~~á ný~~ tekið til umræðu ~~[struck]~~ hvernig til hagar og afnot skyldi afráða ~~af~~ áhrærandi hinn gamla ~~nýja~~ kirkjugarð, því leigu máli staðarins sá sem hann hafði frá manni sínum væri á enda. Fulltrúarnir kom á saml. að réttast væri að bjóða kirkjugarðinn upp á uppboðsþingi til leigu um 10 ár, að sela hver ~~segir~~ ... að skrifast á ~~[struck]~~ hinn frá farandi leigutaka áhrærandi það, hvort hún á liti sér skylt að skila gróinn gerðinguna að norðan verðu við Prentsmiðju megin eður og gerðingunum hinu megin, í forsvaranlegu standi, og á liti hún sér það eigi skylt né það muni verða á liti hennar skylda, að fá Prentsmiðjunni sagt leiða til þess að viðhalda þeim gerðingum, fyrir sinni leið og sömuleiðis eiganda Apoteksins að viðhalda gerðingunni að austanverðu. Að öðru leyti og þegar þetta væri komið í kring, ætti ~~að hún~~ hinn fyrri leigu liði út af hendi garðinn með gerðingum og ofaná lagi eptir reglulegri útektargjörð og ætti að áskilja hið sama af hinum nýja leigu liða með uppboðs skilmálunum.

Þá var ávísað þessum reikningum:

1: til cand. Þorv. Jónssonar, fyrir prófarkal. A.171 — 3ʳᵈ

2 — „ E. Jónssonar og Jóh. Jónssonar, af lán til barna skólans — 3ʳᵈ

3 Reikningr frá Wulff, fyrir ~~aðgjörð~~ 2 stega til slökkvitóla, var ekki ávísað að sinni um nákvæmari upplýsingar fengizt reikningrinn er að upphæð 28ʳᵈ 48

Guðmundr Þórðarson hefir tekið að sér að annast Tuneli ... ... hvarvetna fyrir Febrúar.

Guðmundsson. J. Melsted H. Thomsen G. Þórðarson

Ár 1863, miðvikud. 4 Marz áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

Fyrst var á ný tekið til umræðu bréf dómkirkju-prestsins 14. Febr. þ. á. — Eptir nokkrar ítarlegar umræð-ur urðu allir fulltrúarnir á því, að bæjarstjórninni bæri ekki að taka að sér að krefja inn eða ábyrgjast prestinum tíund hans af hinum ýmsu pörtum jarðarinnar Reykjavíkr, ~~at~~ sem komnir væri í annara eign, eða orðnir seldir til ábúðar eða leigu-mála, Að útgjörðinni sinni frá skildri, hvaraf tí-undin er ákveðin heimtuð úr bæjarsjóði í þ. árs á-ætlun.

Þá var framlagt bréf bæjarfógetans 24. f. m. er birtir stiptamtsbréf s. d. hvar í ... fyrirskipað undan að skipa fjárnám á um sum(?) landskuldar og lóðar-gjöldum.

Þá var tekið til umræðu Sankt. vegalaga tilsk. 15. Marz 1861, hver aðgjörð skyldi nauðsynleg við þjóðvegina innan Reykjavíkr kaupstaðar ~~um stund~~ á næsta sumri samkvæmt uppástungum fulltrúanna 2. des. f. á., til þess að um þetta yrði rætt, hverjar lögð skyldu uppá-stungur til bæjarfógetans. eptir þaraðlútandi ~~uppástúng~~ umræður urðu fulltrúarnir einhuga á eptirfylgjandi uppástungur.

A. Aðalvegurinn frá Bakarastígnum þarsem kaupstaðarlóðin þrýtr
Óumflýanlega aðalaðgjörð og viðhald á þessum vegi, álítast vera:
 a. Aðgjörð á Fossvogsbrúnni neðrin gegn ~~með~~ nægri uppfyllingu, hlaða upp vegarbarmana og grafa niðr rösum beggja megin.
 b. Ræsningar á Öskjuhlíðarveginum, ofan í barð í brúna í Hálkanum, og brúnni frá Vega-mótum ~~til~~ ofan til kaupstaðarlóðarinnar ~~lag~~ verði fram með þeim ~~veg~~ kalla vegarins, og lagfæring á Öskjuhlíðar Klifinu.

Allar þessar aðgjörðir ætlast fulltrúarnir á að muni leiða með sér að minsta kosti . . — 16 Rd. (?)

B. Aðgjörð á ~~Bra~~ Veginum frá Skólavörðu-hlíð fram að Laugarfarveginum 15 (?)

Fulltrúarnir álíta að rita bæjarfógeta hér að lútandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bréf, að uppá stungar þessar yrði komnar undir Amtið til samþykkis eða úrskurðar

Þá var framlagt bréf frá Petri Skálasyni 1. þ.m. hvar með hann frá segir sér lóð þá er honum var útvísuð 1860, er hann kveðst aldrei hafa ~~sagnað~~ slegið á eign sinni, né notað og beiðist upp gjöfa á hinu áskilda lóðargjaldi af blettinum fyrir 2 undanf. ár samtals 1rd 49ß. Fulltrúunum kom ásamt eptir ástæðum Petrs, og orsöku hans og aðreina kringumstæðum, að eptir gefa þetta gjald, ~~svo~~ ef Petr slepti lóðinni.

Þessum reikningum var á vísað:

1 Hannesi Hanssyni af rennu fé Guðbr. Guðsasonar 6rd. } ad ly A III

2. Hr. Magnúsi Egersi snjómokstri 2rd 58ß

3. Jakob smiðstara Sveinssyni af fimm til at gjörða barna skóla húsinu 5rd 1ß, þaraf skyldi 4rd ganga til skuldalúkningar fyrir á got linu lega eptir kalgerð í Melsh. brekkunni

Guðm. Þórðarson hafði á fram ávísaðs bóðar verlaunar við fyrrat ~~fyrir~~ fram eptir þ. m. Fundi slitið

Guðmundsson. S. Melsted H. Jónsson Gísli Þórðarson Jón Pjetursson

Ár 1863 miðvikud. 25. Marz átta fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema yfirdómari Jón Petursson, sem hafði forfall

Tekin voru til meðferðar þessi bréf.

1 Bréf bæar fógeta 9. þ. mán. er segir, at hann hafi sent Stiptamtinu bréf fulltrúanna 6. þ. mán, um stund af Rafsparðs. jörð og hennum gjörum sína blettinn, án þess að hafa neitt svarað að ath. ...

2. Bréf bæar fógeta 6. þ. mán. er birtir bréf Stipt. s.d. og gánga þau þar að því út þrenttsmiðjan kosti girðingar til helminga fyrir sínu lóð, milli hennar og hins gamla kirkjugarðs. — Fulltrúunum kom ásamt at gánga að þessu vegna lóðarins, af því svo þótti liggjandi úti að fá engin Torfa soll. Steinssonar slegit ... til að ~~skila~~ hafa ábyrgð á þessum hluta girðinga hins gamla kirkjugarðs, þar at þeg at látandi skilmálar væru nokkuð óljósir. Enfremur var afráðið að senda oddvitanum prentsmiðjunnar

um, að hafa þessar gerðingar að eins langbanda gerðingu á Stólstúni, ~~með~~ með Trjánlárum, með því sú gerðing gerði miklu kostnaðar minni, heldur en með rimlum upp og ofan, og þó nægileg milli ~~umgerta~~ lóða sem svo umgertar ~~að~~ eru á alla aðra vegu. Formanni fulltrúanna var falið að semja og aftala nákvæmar um þetta við forstjóra prentsmiðjunnar

3. Bréf frá skólanefndinni, dags. í dag, hvar með hún tilkynnir bæjarstjórninni, að Adjunkt S. Melsted sem nefndin hefði kosið fyrir gjaldkera skólans, hefi fyrir þessar sakir beðizt lausnar úr nefndinni, og telr skólanefndin fulltrúunum, af þessi ~~af~~ undanfærslu Melsteds verði tekin gild, að kjósa annan mann í skólanefndina samkv. barnask. reglug. 27. okt. 1862 20. gr og bæjarst. reglug. 18. gr. –. Fulltrúunum kom ásamt eptir nokkrar umræður, að taka gróa undanfærslu S. Melsteds til greina, var því ~~og kosin~~ kjörðr í hans stað barnaskólanefndina skólakennari Jónas Guðmundss.

Þá kvaddi formaðurinn því að það væri álgað kunnordið að kaupmaðr Hansen Smith væri ekki von fyrri með annari gufuskipsferð og gerði hann því nauðulega von fyrr en um miðjan Maí, en svo lengi mætti enganveginn draga með bæjargjaldanna ár; ið þó í sjárverk að engi væri nú annar af hendi ~~falt~~ kaupmanna skeltarenna í þess fulltrúanna, en þó ~~þætti~~ verðist einkar nauðsynlegt að einhver væri með undsjöfnunna af hendi kaupmanna. Fundarmönnum kom því á samt að bæjarstjórnin vekti athygli amtsins að þessu atriði með uppástungu um að kaupmönnum verði gjörð kostr á að gjöra einn úr sínum flokki eða af sinni hendi til þess að vera við niðurjöfnun.

Þá var ávísað þessum reikningum A. VI

I Í þarfir bæjarins: Adfl. A III. (b. Einari prentar 15ᵃ – 1/ á Guðbr. Guðnugni og Hammeri Hansj. 4 + 4 : 8)

II Af láni fé barnaskólans

11. Bæjarfógeta tilkaupa á ofnum og eldsgögnum 101

b. M. Smiths verzl. 75ᵃ – 3, 4; b. Zachar. Arnason 1ᵃ – 4

Helgi Jónsson bað að sér um sjáist bæjar verk-
-anna um apríl mánuð undanfarinn. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsteð. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

Ár 1863 fyrirmið. 21. apríl áttu fulltrúarnir í fundi
með sér og voru allir á fundi nema G. Þórðarson og Jón Pétursson
-son er hafði hægt forföll.

Formaður var lagði fram bréf frá skólakennara
Jónasi Guðmundssyni dags. 8. þ. m. hvar hann
beiddist greinar upplýsinga á hvorandi launum Melsteðs
úr barnaskóla nefndinni og kvaðningu hans í nefnd-
-ina. Formaðurinn gat þess, að hann hefði hinn þ. d.
svarað þessu bréfi með því að senda hlutaðeiganda afskrift
af bréfi skólanefndarinnar 25. þ. mán. og útdrátt af
fundargjörð fulltrúanna s. d.

Þá var tekið til umræðu frumvarp til reglugjörð-
-ar fyrir slökkviliðið í Reykjavík, sem bæjarfulltrú-
-um til álita með bréfi stiftamtsins 1. þ. m. Og voru
þeir skjöl látin berast meðal fulltrúanna til
yfirlesturs eftir fyrirlagi formannsins s. d.
Fulltrúunum kom ásamt að þar sem þessi
reglugjörð, ef hún kemist á eigi að ná til meðalmeginn
yfir íslenzkan almenning hér í bænum, þá væri nauð-
synlegt að fá þetta frumvarp framritað á íslenzku
túngu, og skyldi þessu fara á leit við stiftamtið áð-
ur en frekar verði við málið gjört.

Þar var, ~~rétt um~~ tekið til umræðu hvenær hent-
-ast væri að byrja niðurjöfnunar gjörð bæjargjaldanna
fyrir þ. ár, og varð niðurstaðan að byrja hana
fimtudaginn 30. þ. mán. og halda henni áfram
hinn næstu daga.

Framlagt ágrip bæjargjaldkerans yfir gjöld og
tekjur bæjarsjóðsins frá 1. Jan. – 31 f. mán.

Ávísað þessum reikningum, af lausafé barnaskólans
A. 14–15 þ. m.: Smith 43" 67; Fischer 42–48; Jac. Sveinsson
~~42" 48~~ 54 rdl.; Bíldag E. Bjarnasyni 17 rd.; Joh. Jónss smið-
-ara 6 rd.

Síðast var framlagt bréf bæjarfógeta 7. þ. mán.
sem hefir Amtsbréf 31. f. mán. er svarar bréfi fulltrú-
-anna 25 f. maí. áhrærandi hluttöku kaupmanna, í stað
Smiths, í niðurjöfnun. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsteð. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1863 fimtudaginn 30. April áttu fulltrúarnir fund með sér, að til kvöddum bæjargjaldkeranum Chr. Zimsen, til þess að byrja niðurjöfnun bæjargjaldanna fyrir 1863. Niðurjöfnuninni var síðan fram haldið dagana 2, 5, 7. og 8. Mai og lokið síðast nefndan dag. —

Jón Gudmundsson. S. Melsted. H. St. Johnsen. G. Þórðarson. Jón Pjetursson

Ár 1863, laugard. 16 Mai áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi (nema Helgi smiður Jónsson sem kom fyrir fundarlok). —

Fyrst ~~allir~~ gengu fulltrúarnir á hinn nýja veg, þann er Sverrir steinhöggvari Runólfsson lagði í fyrra haust, og var tilefni þeirrar skoðunar bréf hans 29. ~~Apr~~ f. mán. þar sem hann skorar á fulltrúana að ávísa sér þeim 12rd er eptirstanda óávísaðir fyrir þessa vegargjörð. Sverrir var sjálfr viðstaddr skoðunina, og samdist svo við hann, að áðr hann fengi þetta fé ávísað, skyldi hann ~~upp~~ rífa upp og hlaða bæði þver-ræsin, og leggja um úr vandaðra grjóti þar sem því þarf að bæta í ístað hins lakara. Sverrir skuldbatt sig til að hafa þessu verki lokið ~~og~~ gjörðu ofaní barða umhverfis ræsin, ~~svo~~ til þess að hafa af báða þá slakka sem þar eru í veginum, — fyrir lok Júní mán. þ. á.

Þá var rætt um ~~ræsa~~ ~~að hreinsa~~ aðal vor hreinsun bæjarrennanna, og þótti nauðsyn að ~~ff~~ það yrði gjört að minsta kosti fyrir lok ~~ætt~~ þessa mánaðar. Af því nú Guðbr. Gudnason er nú fjærverandi, var afráðið að ~~ff~~ yrði hann ekki aptr kominn um þá tíð, 24–25 þ. m. þá skyldi gjöra konu hans kost á að láta vinna þau verk, en gjörði hún ~~það~~ eða gæti það ekki, þá skyldi láta vinna þau á Guðbrandar kostnað. Sömuleiðis var afráðið, að láta hreinsa lækinn svo fljótt sem verkafólk fengizt til þess.

Ávísað Kr. Haagensen, eptirstöðvarn fyrir snjó mokstr á kirkjubrúnni þ. á. 4rd

Yfirdómari Jón Pjetursson tók að sér umsjón bæjarverkanna fyrir Mai mánuð

Fundi slitið —

Jón Gudmundsson. S. Melsted. H. St. Johnsen. G. Þórðarson, Jón Pjetursson. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ~~að~~ ei frekar væri afráðið um þetta málefni skyldi
biðja bæjarfógeta, að útvega afskript af ráðherra
bréfinu orðrétta.

C Bréf bæjarfógeta 22. f. m. fylgdi þarmeð afskript
af þarnams skipan þeirri er amtmaðurinn í Suðuramt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-inu setadi 16. f. mán Skuldaskrá Fjalldkerans yfir þá sem ógreiddlega bdarggjöldin f. á. Þessari fjárnámsskipan afsegir amtið að skipta fjárnám á aukaútsvari:

Landsyfirrjettarhússins
Latínuskólans og prentsmiðjunnar
og byggir amtmaðr undanfærslu þessa á ~~varhuga~~ lögðfringa bréf
-inu 8. Marz 1864.

Eptir nokkrar umræður var afráðið að ~~sita~~ frá falla aukaútsvari Latínuskólans og yfirrjettarhús ins. En ~~öðru~~ öllum Máli þótti skipta um aukaútsvar prentsmiðjunnar; varhéð fulltrúunum, þarsem engi bein lína undanfærsla í gjaldi þessu lægi fyrir frá yfirstjórnendum prentsmiðjunnar, að tiltæk legast væri að ~~sita hana~~ skóra á ~~hana~~ þá, bdaar þágeta -veginn, um þeir hvort, þeir ætladi sér að þoraeta nd -an gjaldinu, og láta þafnframt í ljósi að bdarstjórn -in sjái sig knúða til að leggja málið undir dóm -stólana, ef ekki verði annars kostr.

Þá var gengið til kosningar á 3. manni í stjórnin -ina til þess að undirbúa fulltrúakosningu (í stað N. Smiths) ~~eptir~~ í byrjun næsta árs, og var nú til þess kjörinn docent S. Melsted með 3 atkv.

Þá var á vísað þessum reikningum
A. Samkv. á tl. A. II
1 Guðm. á Bergstöðum af 16ᵃ 0 Árni Bjarnason af 15ᵃ; 3. Th. Stephensen 12 rd.; 4 Havsteens húsi 5 r 0
A. III. Havsteens verzl. (sami reikning A. II.) 9/6
A. IV. Jón Arnarson Staðlati 2ᵃ
- V. Smith 5ᵃ 4 p; Havsteens verzl. 11ᵃ 4 12 (sami reikn. og A. II. 14)
Jón Pétursson yfirdómari bað að sér umsjón bdar verkamanna fyrir þetta mánuð. Fundi slitið

Guðmundsson S. Melsted H. Sommer Jón Pjetursson G. Þórðarson

Ár 1864, föstud. 23. Desbr. áttu fulltrúarnir fund með sér, og voru allir á fundi nema yfirdóm -ari Jón Pjetursson

Fyrst var fram lögð afskript af bréfi lögstjórnar bréfi 21. Júli þ. á. áhrærandi [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af Reykjavík. Fulltrúunum kom á samt að láta skaðar vera við þetta mál svo búið fyrst um sinn.

2 Bréf amtsins 15. Desbr. þ. á. hvar með fylgdi umkvörtun frá Gísla Gíslasyni á Grænuborg yfir upp-færslu þeirri á afgjaldi eptir Grænuborgar blettinum sem bæjarstjórnin gjörði í sumar. Af því formenn bæjarstjórnar fundr verðr á morgun verður fulltrúunum réttast að fresta úrslitum máls þessa þartil á morgun á téðum fundi.

3 Bréf Stiptsyfirvaldanna 16. þ. mán. hvar með þeir ~~fyrst~~ svara bréfi fulltrúanna 3 ju þ. mán. og skorast undan að greiða aukaútsvar landsprent-smiðjunnar þ. ár. en ætlast til að bæjarstjórnin haldi málefninu á ný undir úrskurð stjórnar-innar áðr en að það sé lagt undir dómstólana. Fulltrúunum kom á samt að standa skyldi við álit þeirra 3. þ. mán. sem yfirlýst var í bréfi til þeirra bæjarfógeta s.d. og var afgjört að fela formanninum með fullmakt er nú var samin, og undirskrifuð á fundinum, bæði að byrja málið með kæru til sáttanefndar, og ef sættir komast ekki á, fá að sækja um gjafsókn hjá amtinu og halda síðan málinu áfram og sækja undir dóm fyrir bæjarþingsréttinum.

Þá var ávísað þessum reikningum

Eptir Athl. A II: Guðmundi Jónssyni á Bergst. m. fl. 9rd (reikn. sjálfr að upphæð 12rd) ; Guðmundi Halldórssyni 4rd 60ß ; Jörg. Guðmundssyni 1rd 72ß ; Páli Bjarnas. kinnst(?) m. fl. (af 25rd 14ß) – 24rd 3 14ß ; Guðbr. Guðnas. eptirstöðv. af reikn. 18 9/64 5-3ß ; Sapi(?) uppí reikn. 18 6/4 64/5 12 rdl.

Fundi slitið

G. Guðmundsson. S. Melsted H. Sveinsson G. Þórðarson

Ár 1865, miðvikud. d. 18. Janr. áttu fulltrúarn-ir fund með sér.

Auk H. Kr. Friðrikssonar(?) allir fulltrúar voru nú á fundi þeir 2 sem kosnir voru á bæjarþingi 11. þ. mán.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1° Faktor Thorvaldr Stephensen, kosinn til 6 ára í stað konsul M. Smiths.
2 Faktor Oli Petr Finsen, kosinn til 4 ára í stað yfirdómara Jóns Péturssonar, er umbið vottorð lausn frá fulltrúa störfunum með bréfi 2. þ. mán. sem tilkynnt er fulltrúunum með bréfi bæarfógeta 4. s. m. eptir, og var það bréf nú framlagt á fundi.

Um kosningu beggja 2. bæarfulltrúa, og að þeir hefði undergengið hana, en accepterað samþykkt kosningargjörðina, var framlagt bréf bæarfógeta 14. þ. mán.

Þá var skorað á fulltrúana að kjósa formann fyrir þ. á. og var Jón Guðmundsson endrkosinn með 5 atkv. og dócent S. Melsteð til varaformanns einnig með 5 atkv.

Formaðrinn vakti þarnæst athuga að því að kjósa þyrfti mann úr flokki fulltrúanna x í fátækranefndina í stað J. Péturssonar, og annan í hafnarnefndina í stað konsul M. Smiths. Var gengið til atkvæða um þetta, og var kosinn í fátækranefndina faktor O. Finsen með 5 atkv. en í hafnarnefndina faktor Th. Stephensen með.

Jón Guðmundsson tókað sér umræður bæarverkanna það sem eptir var mánaðarins. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsteð. O Finsen. Th. Stephensen

[illegible]

Ár 1865 mánud. 13. Febr. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

1° Framlagt var bréf bæarfógeta 11. þ. mán. hvarmeð fylgdi framsetud áætlun yfir ~~bæargjöldin~~ tekjur og útgjöld kaupstaðarins 1865, staðfest af amtinu skilyrðalaust 20. s. mán.

2. Bréf amtsins 3 þ. mán. til bæarfógeta, hvarmeð Einar Zoëga er leystr undan bæargjaldi 1864. 2 rd.

3 Bréf sama, s. d. til bæarfógeta, hvarmeð Gísla Gíslasyni í Grænuborg er neitað um að fá linun á landskuldar og lóðar tollsgjaldi því af Grænuborgarblettinum, er hann ber sig uppundan fyrir nýgjörð; en um ... af blett

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum, vísar amtið til dómstólanna úrslita.
3. Bréf frá factor Jóni Stephens~~syni~~en, hvarí hann
gengst undan aukakasti á hendi bæjargjaldkerastörf-
-in. Bréfi þessu fylgdi uppteikning yfir ~~ymr~~
ýms áhöld bæjarins er nýi gjaldkerinn hefir tekið
við af hinum fráfaranda (Zimsen), samt pen-
-inga eptirstöðvar að uppbæð, 271 rd 47 sk,
Útaf hinum framlögðu bæjarsjóðsreikningi
fyrir undanf. ár og hinum mikil fengu skuldum, sem
ógoldnar ~~eru~~ voru um árslokin, kom fulltrúunum
ásamt að rita bæjarfógeta um skuldir þessar, og
skora á hann að gjöra kröptugar ráðstafanir til að
ná inn þeim skuldum öllum sem hægt er að
fáist, en eiga sameiginlegan fund með fulltrúum
til þess að taka ályktan um að láta þær skuld-
-irnar algjörlega út ganga, sem eru alveg ófáan-
-legar.
Þá var rætt um það hvenær hentast yrði að byrja
niðurjöfnunina þetta ár og kom öllum fulltrúunum, á samt að ~~þeir~~
byrja yrði seinustu dagana af þ. mán., eptir nákvæmari
samkomulagi og ákvörðun.
Ekki að samþykkt á útborgun A. Th.
Ludv. Alexiussyni 4 rd 72 sk (snjómokstur í Aust ~~...~~); Guðni
Einarssyni 1 rd 24
Guðmundur Þórðarson tók að sér umsjón bæjar-
-verkamanna fyrir Febr. mán. — ~~Fundi slitið~~
Að síðustu kom til umræðu bréf frá Kristjáni
Gíslasyni í Görðunum 9. þ. mán. um að fá lóðar við-
-bót við hina eldri lóð sína 90 faðma í hvert horn. En
af því bréfið tiltekur ekkert um það hvar eða hvorn
megin hennar eldri lóðar, að viðbót þessi eigi að
verða, þótti fulltrúunum, ~~að~~ nauðsyn til að lýsa
sér afstöðu lóðarumbótarinnar og aðrar kringumstæður
áður afráðið yrði að veita umbót þessa eða
á hverja með hvaða skilyrðum. ~~það yrði~~ Var því afráðið að fresta málinu ~~að~~ og so kom... Fundi slitið

G. Guðmundsson. S. Melsteð G. Þórðarson H. Sigurðsson O. Finsen
H. St. Johnsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1865, 26 Febr áttu fulltrúarnir fund með
sér ásamt hinum nýja bæargjaldkera factor
J. Stephensen, og var þá byrjuð ~~með~~ [fund með bæ] jöfnun
bæargjaldanna fyrir árið 1865. Var henni síðan
haldið áfram hina næstu daga 27 ~~febr~~ 28
Febr. og 1–2 Marz og hún svo leidd til
lykta hinn síðastnefnda dag.

28 Febr. á(?)var að Kr. Magnusen 3a
uppi suðurmolatrikunt á Kirsebra m. m.
þ. á.

Helgi snikkari Jónsson bauð að sér
umsjón bæarverka fyrir Marz mánuð.

Þareð allri bæarstjórninni er stefnt
fyrir yfirdóm 6 Marz af 41 gjaldendum
á Selsláð, komu fulltrúarnir fram á(?) þ. ári
ásamt að ~~með~~ fela formanni þeirra að mæta
þeirra allra vegna og fela honum að selja
um gjafsókn. Hinir nýju fulltrúar, sem
einnig eru stefndir, Finsen og Stephensen
ætla sér að mæta sjálfir. — Fundi slitið

Guðmundsson. S. Melsteð H Sigurðsson G Þórðarson
O Finsen J Stephensen Stephensen

X JB

Ár 1865, miðvikudaginn 22 Marz áttu fulltrú
arnir fund með sér og voru allir á fundi nema
Guðm. Þórðarson sem nú var kominn suðr í ver.
Eptir nokkrar umræður um verkamenn og nokkrir
fulltrúanna, sabir vaa stila Guðbrandar í verkum sínum
þegar ofan legningar kom á þ. mán. og þ. mán, urðu að taka
til að kenna fram löðum, — var þegar 15 þ. mán. áðrsad
fyrir þeirra vinnu í þ. mán. 8ur 2ji. Nú kom til um
ræðu reikningar frá Sverri Runólfssyni og 3 öðrum
mönnum fyrir vinnu þeirra í löðum 8. Febr
at upphæð 6ur 3ji; fulltrúunum virtist að þeir
3 væri vel sæmdir af 7 am daginn (ekki og þeir
þeir brýpdask.) og var þannig ávísað 5rd 3ji.
Guðbrandi var sjálfum en fremur ávísað 4rd 4ji
og stendr þannig eptir af klakhöggs og vinnukaupi hans þó undir 11rd

Ennfremur var ávísað

Aug. Thomsens verzlun, samkv. á dst. VI. (fyrir beiti) ... 9 . 60

Lögreglu þjónum — fyrir meðlegu — VI — 3 . 64

Ennfremur kom fram reikningur frá Arna Bjarnarsyni í Melshúsum fyrir 2 daga á á-burð í Aðalstrætu í Decbr.mán., samtals 4 menn = 4rd; en það sakir þess, að Arni kom með og þótt á ávísað reikning fyrir þessi verk undir árslokin, en þessi vinna gat er nú kom, kom fyrst til formannsins um miðjan þ. mán., og ne[illegible] eigi hvaða mánaðardag í Decbr. að verk þessi hafi verið unnin, þá varðst öllum fulltrúan-um ekki gjörandi að ávísa reikning þess-um og sett að sinni. — Fundi slitið

Gudmundsson. S. Melsted. H. Jónsson
O. Finsen Th. Stephensen

Ár 1875 laugard. 14. April áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Helgi snikkari Jónsson og Guðm. Þórðarson.

Formaðurinn gat þess fyrirfram að hann hafði þegar um byrjun yfirstandandi mánaðar, afstalað við hr. Th. Stephensen að hann hefði á hendi um-sjón bæjarverkanna fyrir þenna mánuð.

Þá var framlögð ágripsreikning yfir bæjar-gjaldkerans frá 1. Jan. – 31. Marz þ. á., — en sýnir ógoldnar skuldir (bæjargjöld m. m.) til 31 þ. mán. 479rd 4 ₰ 7/, og ennfremur, að sjóðurinn var þá í peninga skuld til gjaldkerans um 46rd 2 ₰ 8/. — Í sambandi hérmeð gat formaðurinn þess, að bæjarfógetinn og hann hefði ~~laun~~ 2. um byrjun þ. mán. tekið 300rd segjandi lán úr hafnarsjóðnum handa bæjarsjóði til þess að geta staðist helztu útgjöld framyfir 1 Júlí þ. á., — sam-kvæmt því sem þeim hefði verið heimilað á sam-eiginlegum bæjarstjórnarfundi um árslokin.

Þá kom til umræðu bréf frá yfirdómara Jóni Péturssyni dags. 7. þ. mán., hvar í hann beiðist leyfis til að fá á sinn kostnað afskrift verbo tenus af Nidr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jafnan bæargjaldanna í Rvík 1864 handa bæar-fulltrúanum á Akregri og eptir tilmælum eins þeirra. – Eptir nokkrar umræður kom öllum fulltrúunum á saman um, að neita ordrettri afskript en bjóða hr Assessorum fullkomið Schema. Th. Stephensen stakk uppá, að ef J. P. vildi ekki þyggja þetta boð, þá léti bæarfulltrúarnir afskrifa téð schema, og sendi það með stöstu bæarstjórninni á Akregri, og féllust hinir fulltrúarnir á þessa uppástungu. – Fundi slitið

J. Guðmundsson. S. Melsted P. Pjetursson Th. Stephensen

Ar 1865, laugardag 20. Mai áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

Fyrst komu til umræðu eptir fylgjandi 3 byggingar-nefndargjörðir er sendar höfðu verið frá bæarfógetanum til álitag með bréf. 25 Febr. þ. á.

1° Byggingarn. gjörð 21. Jan. hvarmeð Einari Einarssyni í Nyjabæ er útmældt kálgarðsstæði fyrir vestan Arnarhóls lóð túngarðinum, að um máli 35 al. norðr og suðr og 51 al austr og vestr eðr samtals 1785 □ álu. – Fulltrúunum kom á samt að eptir láta lóð þessa afgjaldslaust um 10 ár þó með því skilyrði, að nú þegar sé farið að gjöra jarðarbletti þessum tilgáða, og því haldið áfram, árlega; en að þeim 10 árum liðnum þykir hæfilegt að ákveða 4 álu árlegt afgjald árlega af bletti þessum, auk þess 6 álu. gjalds sem nú sé af þessari Nyjabæarlóð. –

2. Byggn. gjörð 24 Febr. þ. á., hvarmeð Utmælingar gjörð sú, sem heimilaði Sverri Steinhöggvara Runólfssyni byggingarleyfi fyrir sunnan dómkirkjuna, 18 Febr. 1863, var lengd að gildi enn um 1 ár til 18 Febr 1866, með framteknum skilyrðum, Fulltrúunum kom á samt að samþykkja gjörð þessa að sínu leyti, með ~~sínum~~ skilyrðum þeim sem bygginganefndin hefir fram tekið.

3. Byggn. gjörð s. d. hvarmeð ekkjunni frú J. Melsted er útmældr lóðar auki fyrir sertan og ofan ~~kaupstaðar~~ kirkjunnar, af hinum svo nefnda Ullarstofu parti, hvar auki þessi er 16 al. frá austri til vesturs og 27 al. frá norðri til suðrs, eðr 432 □ álu. Fulltrúarnir ~~álitu að~~ velja að veru sam ~~þykkja~~ þessa lóðarviðbót, ~~og frá fallaa~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en varð að vísa Fra Melsted til að semja við
leigu liða Ullarstofuportsins ~~um~~ E. Jónsson um
hafi legt undir gjald fyrir í misseri hin spildurnar sem
gengu af honum, um þann 2 ára tíma sem eptir
er af leigumála hans, og virðist sjálfsagt að um
þann sama tíma verði bæjarsjóðurinn að sleppa
tilkalli til tolls af þeim hluta lóðarinnar sem
er óbyggð.

Þá var rætt um hina nauðsynlegustu veg-
-argjörðir og vegabætur; og var öllum ljóst, að eptir
því sem nú stendur í sjóðnum sé ekki að hugsa
til að geta fengið ~~hesta~~ þéra hesta til að aka
afam vegina þar sem sérstaklega þurfi við, og verði
sjálfsagt að fresta öllum þessleiðis verkum fram
í miðjan næsta mán; en fulltrúanum kom á-
samt að vinda að verkum þessum svo fljótt
sem yrði álitið þarft. — Samuleiðis var álitið nauð-
synlegt að fresta aðgjörð eða um byggingu Bak-
-arabrúarinnar fram yfir lestir en kaupa hagaulegt
efni í hana smám saman eptir því sem það
yrði fáanlegt.

O. Finsen bað að sér umgöngu bæjarvertanna
fyrir Júní mánuð.

Að síðustu kom til umræðu fóðurbát sá
sem Kristjan Gíslason ~~hefir~~ í Görðunum, bar fram
í bréfi 9. Febr þ. á og sem kom til umræðu á fundi
fulltrúanna 13. s. m. eptir; samkvæmt því sem
þá var ályktað, höfðu þeir 3 af fulltrúunum: Mel-
-sted, Guðm. Þórðarson og Th. Stephensen, skoðað ~~eptir~~
á sigkomulag og afstöðu lóðarauka þess er hann
beiðist, og segja það sé hér um bil spilda — (þessi
90 faðmar á hvern kant) fyrir norðan og vestan
bæinn að Görðum, er ~~bærinn~~ Reykjavíkur kaupstaður má álíta bagalaust
að öllu af láta til yrkingar. Samkvæmt þessari
skoðun þeirra varð nú sameiginlegt álit allra fulltrú-
anna að láta Kristján fá lóðarviðbót þessa með þeim
kjörum er hann ber fram á: afgjaldslaust í 10 ár eða til
fardaga 1887, en uppfrá því með 10 álna viðauka við sem að greinda tóm-
húsgjald hans, eða samtals 16 álnir árlega. — ~~Fundi slitið~~
að öðru leyti eptir ~~[illegible]~~ því sem byggingarnefndin
þá kveður nánar til og á kveður sérstaklega. Fundi slitið.

E. Guðmundsson. S. Melsted. Th. Jónasson [illegible] Th. Stephensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1865 laugardag 10. Júní áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Th. Stephensen sem fór vestr á Breiðafjörð til verzlunar fyrir fáum dögum síðan.

Fyrst var framlagt bréf frá kaupmanni konsul M. Smith 8. þ. m. og fer hann þar þess á leit, að bæarstjórnin láti því verða framgengt sem fyrst, er fulltrúarnir hefði orðið ásáttir um f. á., að lengja skíðagarðinn vestr með lóðunum uppað brú þeirri + sem liggr uppað húsi hans. Fulltrúunum kom ásamt að láta gjöra þetta verk sem fyrst og ~~var hlet~~ lofstu Helgi smiðr Jónsson á hendr að ~~a~~ sjá því farborða.

Þá var tekið til aukaniðrjöfnunar á þá menn sem hingað hafa komið á þessu vori og tekið hér aðsetr sem sem einhleypir eðr sjálfráðir, sem tómthúsmenn eða verzlunarþjónar eðnaðarmenn o. fl. Að því sem fulltrúarnir gátu fengið upplýsingar um voru þessir menn (og konur) 13 að tölu og var nú niðrjafnað á þá samtals 26 Rd.

Með bréfi frá í dag til ~~landf~~ bæarfógeta, — er hann sendi á fundinn — fær faktor Jón Stefánsson að hann fari í spekulantsferð vonbráðar, og taki hér bóndi hans, kaupmaðr Fischer við bæargjaldkera störfunum á meðan.

Þá var afráðið að láta ryðja ~~[illegible]~~ hliðarveginn sem fyrst og var Ó. Finsen og Helga Jónssyni falið að semja nú kvornar um það verk við Guðna Einarsson í Holti. — Sömuleiðis, að reyna að semja um ofaníkeyrslu ~~nor~~ ofaní traðningsbrúna nú fyrir lestir. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted. O. Finsen. H. Jónsson. G. Þórðarson

Ár 1865. mánud. 17 Júlí og voru 4 á fundi en Guðm Þórðarson var forfallaðr og Th. Stephensen var enn fjærverandi.

Með því hr bæarfógetinn kom einnig á framanverðan fundinn, var fyrst tekið til umræðu, hvort nú skyldi skora á Alþing að það sendi frá þingfundi þessum ítrekaðar bænarskrá um, að ~~Reykjavíkr~~ timbr- og múrhúseignir Reykjavíkr-kaupstaðar gjörði tekn-ar ~~upp~~ inní brunabóta félag ~~hinna~~ dönsku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupstaða, eptir þeim reglum og með þeim skilyrð-
um, sem tekin voru fram í Brunabótafrum-
varpi ~~því~~ því er stjórnin lagði fyrir Alþing 1863.
Eptir nokkrar umræður, kom bæarfógetanum og
fulltrúunum ásamt að hreifa þessu máli með því
að rita þaraðlútandi áskorun til alþingis
og fela hinum fyrri þingmanni Reykvíkinga (þareð
nú er engi fulltrúi á þingi fyrir Reykjavík) skólakenn-
ara H. Friðrikssyni að flytja málið og fylgja því fram
á þingi.

Bæarfógetinn vakti máls á að hreppstjórarnir
á Seltjarnarnesi hefði farið þess á leit að bæarstjórn-
in leitaði til að umbæta veginn fram á Skerið
~~utan~~ á kaupstaðarlóðunni, að einkum að umbæta
og bera ofaní Bráðræðisbrúna, ryðja austurenda
Eyðsgranda eptir því sem Reykjavíkr umdæmi
nær, o.s.v. Fulltrúunum kom ásamt að láta
gjöra þessi verk svo fljótt sem verða má og verka-
menn fást. — Sömu leiðis ~~var~~ var afráðið að
láta bera ofaní traðningsbrúna og vegamóta-
brúna sem fyrst að gjörð

Þá var ávísað — 3rd 5~~13~~

Samkv. Áætl. A II. 1. C. O. Robb 10rd 3 ℔; 2 Helgi Jónsson
3. Guðni Einarsson 4rd 1 ℔
— " VI. Form. bæarfullt. 5rd 3 ℔

Helgi snikkari Jónsson beiddi að sér umsjón
bæarverkanna fyrir það sem eptir er Júlí- og tor
Agust mánuð. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted H. Guðmundsson O. Finsen

Ár 1865. laugard. 30. Sept. áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi nema H. Jónsson
sem hafði forföll og og Tr. Stephensen fjærverandi

Bréf bæarfógeta 11. þ. mán. var framlagt er
skýrir frá að stiptamtmaður Hilmar Finsen hefi
tekið við embættum sínum 7. s. mán.

Sömuleiðis bréf sama 26. f. mán. um að
Juliana Jónsdóttir á Lévendarel. á Álptanesi
væri sett til að gegna yfirsetukonu störfum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hér í bænum, í stað Ingibjargar Pálsdóttur yfirsetukonu, er andaðist á Landakoti í þ. mán. Annað bæjarfógetabréf ~~30 f.~~ 11. þ. mán. segir að Juliána Sæ[illegible]... en Anna Magnúsdóttir á Vífilsstöðum [illegible] um [illegible].

Þá ~~bæjarstjórn~~ lagði formaðurinn fram, bréf Stiftsyfirvaldanna til barnaskólanefndarinnar 18 Mai þ. á. er til kynnir álit og athugasemdir kirkju- og kenslustjórnarinnar 31. Janr. þ. á. á hrörandi frumvarp til skóla reglu(barnaskólans) er skólanefndin hafði samið þ. á. og sent stiftsyfirvaldanna til samþykkis stjórnarinnar. — Nú hafði nú sent frumvarpið aptur og óskað, meðal annars, — álits bæjarstjórnarinnar áður reglurnar sé samþyktar. Skólanefndin hafði nú lokið lagfæringunni síðan, og falið formanni bæjarfulltrúanna að láta málið ganga til yfirvegunar milli fulltrúanna.

Eptir ósk Helga Jónssonar og af því Th. Stephensen var fjærverandi var ákveðið að fresta öðrum málum er lágu fyrir til fundar næsta Þriðjudag 3. n. þ. mán. [illegible] kl. 4. e. m.

Ávísað Jóni Jónssyni á Litla Bergstaðum 1 rd. 3 ß, samkvæmt á [illegible] 11.

Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted. O Finsen. G. Þórðarson

Ár 1865 þriðjud. 3. Oct. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Th. Stephensen sem enn var ókominn.

Fyrst var framlagt bréf bæjarfógeta 30. f. m. hvarmeð er tilkynnt, að Magnús ~~[illegible]~~ Magnússon sé tekinn til lagavarða til löggæslu með Guðmundi frá 1. Oct. þ. á. til 15 Maí [illegible] næsta ár

Þá var tekið til umræðu, með því ný vetrarvinnan undir bæðst síns sem ~~fyrir~~ [illegible] 1860 högg[illegible] úr vatnsbólinu og í vegunum samt hreinun þeirra, og ~~[illegible]~~ á framvegis [illegible] ~~[illegible]~~, hvort þessi vinna skuli enn bjóða upp

~~mið~~ át undirbúið þeigi, hvort öll sömu æði
tímdi skipti, og til hve margra ára í senn.
Eptir að fulltrúarnir höfðu rætt þetta mál með sér
~~to~~ varð samhuga álit þeirra ~~að~~

1° Að skipta verkum þessum í tvent eða byrja
upp í þessu lagi

a. að halda framvegis Lækjarins opnum (fallandi) ~~og~~
~~með~~ klakhöggi og snjómokstri hvenær
sem við þarf og eptir því sem lögreglustjór-
inn og hvor fulltrúanna á hendi og segja
-já; — með þessu verki fylgja klakhögg
við alla 3 vatnspóstana.

b. Hreinsun allra rennanna í hverju stræti
~~bæjarins~~ kaupstaðarins bæði haust og vor og
burtkeyrsla þess er upp úr þeim kemur, samt
klakhögg í þeim á vetrum.

2° að verk þessi skuli byrja til 3 ára frá vetrnóttum þ. á.
Þaramóti virtist fulltrúunum lægi nóg á stöðu
til að afráða undir bað hvorki á snjómokstri
á Kirkjubrunni, ~~og~~ eða Austurvelli austanverðum, eða
Austurstræti, svo framt þeir er verk þessi hafa
á hendi hafa, eða aðrir ~~þeim~~ þá fá áreiðanlega
veldi tekast verk þessi á hendur fyrir sömu borgun
sem að undanförnu, eptir tilgreint bað 1860; né
heldur hreinsun og viðhald vatnsbólanna, ef Gustav
Johannesson vill halda þessu ár eptir áfram
fyrir hið ákveðna tilgreint bað frá 1860, eða annar
sem álitinn verður hæfilegur fyrir því.

Formaðurinn bar undir álit fulltrúanna
eptir tilmælum konsul E. Siemsens, með hverjum
~~a~~fgjalds kjörum bæjarstjórnin mundi vilja að
sinni leyti eptirláta honum kálgarða-blettinn (Péturs
Kúlasonar blett), sé ódýrfeldu um aldr og æfi
ef hann færi að ~~yrkja~~ greiða gjaldið í bæjarsjóð
nú þegar, strax fyrir það að hann hafi keypt
afnota og brúkunar réttinn af erfingjum hins
~~fyrra~~ þess er fyrst fékk blettinn útmældan, ~~og~~
~~rétt hafði hann~~ til rétttunar leigulaust um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

akaðu árabil, en af þeim tíma sé en að hann
sögn 13 ár eptir. — Fulltrúarnir ræddu málefni þetta
og þótti til eptirleiðis grunna talaðir, — að ~~þáraf~~ afgjald nú
þegar, fyrir þau árin sem eptir eru ~~á~~ fyrir hver að
báðum getr enga lega þeygit, er þrein um tekk fyrir
bæarsjóðinn, — að þeim bletti þessi er ~~sem~~ bæði
lítill ummáls og ~~með~~ þar til grott uppfaðt með
og grjóturð, og út hennti því ~~sem~~ að tiltölu
miklum kostnað til þess, að gjöra úr því grasgefinn túnblett, — og að jafnan sé á það að líta
að það er sóman til varlegta framfara þegar
menn er bæði hafa vilja og efni til þess, vilja
leggja fé og kostnað í að rækta upp slíka bletti
og af þessum ástæðum verfi þeim hæfilegt að gjöra E. Leman kost á að uborga
öðru sam þykki fyrir því að hann fengi blett
þenna til erfðafestu ef hann vildi greiða
samtals 27 áln. árs ~~ty~~ í afgjald um aldr og æfi
þ. e. 21 al. sem afgjald fyrir gálfan tún blettinn
og að auk 6 alnir tíundar gjaldið er þar hefir verið
(þótt E. Leman hafi nú þarið til og refið bæinn)
Þarnæst var á vís að þessum reikningum
Eptir l. A. 11
1 Guðbr. Guðna. 12 4/ 8/ 2. Snikkari H. Jónsson 12 1/ 8
3 Magn. Árason 8 4/ 4. 4 Framh. Sölvhaptsson 14 1 4
5 Jens Jóhannesson 13 3/ 2/ 6 Guðm. Guðm. 7 3 6
7 Guðm. Jóhannesson 3 1/ 3/ 7 smidt bl. H. Sn. 1 2
Eptir l. A. III:
Helgi Jónsson 4/ 8/ —
Umsjón ~~sagnh~~ bæarverkanna fyrir næstk. Októbr.
feluin. Guðm. Þórðarsyni og Th. Stephensen eptir
samkomulagi og hentugleikum þeirra í milli.
Eptir fyrirspurn nokkurra bæarfulltrúanna
hjá steinhöggvara og múrara Sverrir Runólfssyni
á hrörandi Steinboga yfir lækinn (í staðinn bakar
brúarinnar sem nú er aftergengin) — svarar hann
í bréfi dags. í gær að hann ætli að 7 álna
breiðan steinboga þvoran yfir lækinn megi
gjöra fyrir 260 — 300 rd. En afskrí þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svar Sverrir er ~~sem~~ nokkuð óákveðið og ýmsir verulegir atriði óákveðið en þó skygja meðlimir varðandi um hvort hann skuli fylgja í þeirri uppkoð sem hann lítsetr eða ekki kom fulltrúunum ásamt að fela formanninum að fá ákveðnari ~~og framsett~~ áætlun hjá Sverri hvar hin verulegri atriði skulu svo framsetast in að bæjarstjórnin geti þar eptir gengið að eða frá áætlun hans, og þurá verði Grandavallar partr samnings ef áætlunni þykkti að ganga

Fundi slitið

Gudmundsson. S. Melsted H. Jónsson G. Þórðarson O. Finsen

Ár 1865 laugardaginn 2 decbr áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

Bæjarfógetinn hr. Thorsteinson kom á fundinn, og bar hann upp fyrst bréf frá Guðmundi Gizurarsyni, næturverði, 25. f. mán. hvarmeð hann biðr um lausn frá næturvarðar starfanum fyrir elli- og lasleika sakir, frá næstkomandi nýjári. — Bæjarstjórnin kom saman um, að veita Guðmundi lausnina, en að bæjarfógeti auglýsi sem fyrst að næturvarðar þjónustan sé laus og að þeir sem vili gefa sig til þess, verði að vera komnir með bónarbréf sín ~~fyr~~ fyrir lok þessa mánaðar.—

Formaðurinn lagði fram skilmála þá er hann hafði gjört, samkvæmt umboði bæjarstjórnarinnar við Sverrir steinhöggvara Runólfsson dags. 13. f. mán, sem nú var undirskrifað og að þeim gengið af Sverri. Formaðurinn gat þess, að Sverrir hefði ekki getað útvegað sér eða ábyrgðarmann, og hefði hann leitt Sverri fyrir sjónir, að þar af leiddi, að hann gæti eigi fengið neina fyrirfram borgun eptir IV. tölul. skilmálanna a., eða fyrren verkinu væri lokið og það lagt af hendi eptir skilmálanum. Um hvað brúarinnar, er Sverrir vill fá ákvæðna sem fyrst, varð eigi nú útgjört, hér á fundi, og verði ekki fyrren næstkomandi mánuð. 4. þ. mán.

Framlagt bréf frá Sverri Runólfssyni 25. f. mán.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvarí hann beiddist að fá bæarvagnana á leigu til vors fyrir 8rd hvern þeirra. Fulltrúunum kom á-samt að gjöra Sverri kost á að fá grjótvagninn eða stærri vagninn til leigu viku og viku, þegar bæarstjórnin sjálf þarf hann ekki við, fyrir 1rd um vikuna og bæta allar skemmdir ~~að~~ og löskun að auki. En hvort sem Sverrir gengr að því eða ekki, var afráðið að láta smíða nýjan kassa á þenna stærra vagn.

Þá voru framlagðar

A. Áætlun fátækranefndarinnar frá 24. f. mán. yfir þarfir fátækra og það tillag sem til þessara þarfa úr bæarsjóði árið 1866, — samtals netto 1297rd 28ß

B Áætlun skólanefndarinnar, um þarfir Barnaskólans s. ár 714rd —
og er þaraðauki áskilið af nefndinni að hrökkvi ekki tekjar skólans til undan-farins árs, loka fyrir útgjöldunum, þá verði að því skapi að auka við þessa áætlun.

Fulltrúarnir fundu eigi ástæðu til að vefengja þessar áætlanir, eða neita um að samþykkja þær, en á-skilja að hlutaðeigandi nefndir gefi nákvæmari upplýsingar og skýrslur áðr en bæar áætlunin gjörist.

Útaf steinbrúarvegjörðinni yfir lækinn, og með sérstaklegu tilliti ~~til að~~ sem eptir því orðið ~~verð þetta~~ tilgangr ~~framgangr~~ þykir ~~fremur~~ hér hagfelldara líklegr að leiða með sér samtals útt. en 400rd ~~utgjö~~ sérstakleg útgjöld saman í einu lagi, kom meiri hluta fulltrúanna ásamt að fara þess um af nýju á leit við amtið að fá frestun á árlegri afborgun af þeim 200rd eptir stöðvum af Thorvillii spítala skuldinni frá 3. Mai 1859 (upphaflega 400rd) núna fyrst um sinn, gegn árlegri rentuborgun og tvíræðri uppsögn, ef spítalinn vildi fyr kalla eptir skuldinni í þeirri bæarsjóðinum bagar.

Framlagt bréf frá hra. Sigurði Sívertsegni og Ásmundi Guðmundssyni í Klúbbhúsinu um að fá ávísað pláss til uppsáturs og vergagna í hvar til svo nefnda Sverta-skóla; bæarfógetinn hefir ritað á bréfið að frá hans hlið byggingarnefndarinnar mætti ekkert verða þessari beiðni til fyrirstöðu. Fulltrúunum kom ásamt að ~~svarar~~ ~~þetta~~ hér lægi þvíværsstæði væri ekkert í móti að heimila og úthluta þá beiðni ~~þessari~~ sjálfsum þeim til afnotar eptir því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem byggingarnefndin nákvæmar ákveði, en
á meðan ekki er nákvæmar búið að afráða og á-
kveða um aptur Svartaskóla plássins yfir höfuð
hvort heldr til byggingar eða annarar brúkunar o
fyrir fulltrúunum ísjárvert að ávísa, sé þar
vergögnuplás svona 2 einstökum mönnum eins
og beiðendunum og það því fremur sem svo margir
sé þar búendr í Ullidarhúsalóð er ein mitti þarfi
eigi séð vergögnu á sama stað, heldren þessir 2.

Reikningr frá B. Hjaltested járnsmið ~~yfir~~
28 Oct. þ. á. fyrir aðgjörð á stólvistólunum, skotti
ekki verða ávísað með svo hánum daglaun um
einr og þeir voru á verkin, og var reikningrinn
þarum ítrekaðr og sendr apt. Birni Hjaltested.

Af því fulltrúarnir hafa komist að raun um
að nú verandi bæar gjaldkeri Jón Stefánsson hefði slept, svo at
smiðjunni og sótt sjóðfundi gjaldi ~~tee~~ á hana til bæar-
sjóðs útúr skuldalistanum sem sendr var frá honum
undir þarnamr samþykki amtsins, álítast þetta tal
töku eða forsómun gjaldkera svo frálecht ætti rétta
aðferð og skyldu ~~fulltrúann~~ bæargjaldkerans, að hann
ætti að fá þarum áminningu frá bæarstjórninni.

Umsjón bæarverkana í December tekst O. Finsen.

Fundi slitið

á þeim dr.

Gudmundsson. S. Melsted H. Jónsson og þórðarson

O. Finsen J. Stephensen

Ár 1865 laugard. 23. Decbr áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi

Fyrst var framlögð gjörð byggingarnefndar-
innar 2. þ. m. er bæarfógetinn hafði sent til álita,
er Hannes Hansson ~~þarum~~ á Grund þarum ávísaði
lóðarauka við hús sín, með ákvæðinu um merkjan,
og yrði verandi þessi, eptir útmælingu nefndar-
innar hérumbil 2012 ~~ál~~ að flatarmáli. Þar sem
nú er skorað á fulltrúana hvort afstanda skuli þessi
lóðarviðbót, og með hvaða skilmálum, þá eru fulltrúarnir
ásáttir, með tilliti til 1. að skylslan yrði ekki ávís-
að áðrum til sérstakrar byggingar, og að þó jarðvegur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alls ekki annað en örðbar melr, þá þætti hæfilegt að Grandar-lóðarhallrein, sem ~~[illegible]~~ er 10 álnir, væri framvegis bætt við 4 álnir, eða samtals til 14 álnir árlega.

Því var tekið til umræðu bréf frá ekkjufrú Elinu Thorstensen 11. þ.m. ~~hvar~~ með einu fylgiskjali hvarmeð hún gjörir bæjarstjórninni kost á að fá Elliðaár-húsa og Ánanausta lóð nú þegar til þeirra um-ráða og allra afnota og afrakstrs, er hún nú hefir þar af þeirra eptir byggingar bréfi. Hún telr til að nú hafi hún 80rd uppúr Elliðaár-húsa kýrgróðanum árlega, auk 60rd í lóðartolla að meðaltali um 10rd fyrir Ánanaustagarði. Hún vill því láta leigulóðarrétt sinn af hendi með því skilyrði, að bæjarsjóður endurgjaldi sér árlega annaðhvort hvern ~~[illegible]~~ mánuð eða hvert hálfmissiri að tiltölu 140rd að frá dregnum þeim 9 dölum er hún á nú að gjalda í landskuld eptir harðfiskverði í verðlagsskránni árlega. Þar að auki fer hún þess á leit að hún megi endurgjalda bæjarsjóði í þeim gömlu kaupi 2 kýrlagsgildi er Elliðaárhúsagörð fylgja og sem á henni hvíla eptir byggingarbréfinu; vill hún þá endurgjalda bæjarsjóði kúgildi þessi eptir því árs verðlagsskrá með 87rd 84ß og beiðist að mega greiða þetta á 6 næstkomandi árum, eptir réttri tiltölu og þannig að það dragist frá fyrtéða árgjaldi er henni beri úr bæjarsjóði. Eptir nokkrar umræður um þetta mál kom fulltrúunum ásamt að fresta, algjörðum úr slitum þess þangað til á sameiginlegum áætlunar fundum bæjarstjórnarinnar undir árslokin.

Þarnæst kom til umræðu bréf stiptsyfirvaldanna til bæjarfógeta 8. þ.m. birt með bréfi hans 11. næst á eptir. Stiptsyfirvöldin óska þess í hverlegra álits og aðstoðar af hendi bæjarstjórnarinnar fyrir auka-útsvars gjaldskyldu landsprentsmiðjumannanna að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

118 bœarsjóði, til þess að þessi gæti lagt málið
þarefter undir úrskurð lögsfórmannsins er. Eptir
nokkrar umræður kom fulltrúunum ~~að~~ saman
að rita að væri rjett álit um málið en áskilja
sér ~~sparnaði~~ afdráttarlaust opinn rjett og áf
-skorinn til að leggja málið undir venjulegt dóm-
-stálanna, svo framt lögsfjórnin skyldi ekki geta
komist til þeirrar niðurstöðu, að prestsnudjanu
~~væri~~ væri skylduga til að greiða umbandsvarið, og
~~þannig vilja~~ þarmeð vilja afsenda málsrökin er
rétt er fyrsta útaf þessu.
Síðast var útrædd þessara reikninganna:
Eptir aðlum No II
1 Guðbr. Guðnason (eftirst. fyrir klukk.) 11.. 2. samt 2..87
Eptir No III
1 Jónas Helgason smiðr 5..5 ß; 2 Björn Hjaltested 8..
Fundi slitið
Jón Guðmundsson. S. Melsted H. Jónsson G. Þórðarson
O Finsen Th Stephensen

Ár 1866 fimtud. 11. Jan. áttu fulltrúarnir
fund með sér og og voru allir ~~hinir~~ 5 hinir eldri
fulltrúar á fundi og þaradauki Jón Þórðar-
son í Hákoti er var kosinn 4 þ. m. að ~~fullt~~ fulltrúi
hinn manna, í stað Garðar Þórðarsonar sem nú
~~gekk~~ var búinn að þjóna sín 6 ár; um þessa kosn
-ingu, ~~og~~ að annar hefði samfylgt hann að sönn
legti og að Jón Þórðarson hefði gengið undir
kosningarna, var framlagt bréf bœarfógeta
8 þ. m.
Þá skoraði hinn ~~fyrver~~ fyrverandi formaður
á fulltrúana að kjósa formann fyrir 1866 og
var Jón Guðmundsson endrkosinn með 5 atkv
gegn 1 og síðan var endrkosinn til vara
formanns S. Melsted með 4 atkv. gegn 2.
Eptir fyrirlagi bœarfógetans skoraði síðan
formaðrinn á fundinn að kjósa einn úr sínum
flokki í Byggingarnefnd... ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. Þórðarsonar og var Jón Þórðarson
kosinn með 4 atkv. gegn 2 (Zimsen), sömuleiðis ~~be~~
~~sömul~~ til að ganga í forlíkunarmanns stöðu nefndina a
einnig í stað Guðm. Þórðarsonar, og varð Jón Þórð-
arson sömuleiðis fyrir þessari kosningu, með 5 atkv
gegn 1.

Þá var lagt fram bréf bæjarfógeta 8. Janr 1866
hvar með fylgdi Áætlun bæjarstjórnarinnar — sam-
þykkt af Amtinu 6. þ. mán. — yfir tekjur og útgjöld
~~bæ~~ Reykjavíkur 1866.

Þarnæst kom til umræðu eptir fyrirlagi bæjar-
fógeta, bréf kaupmanns R. P. Tærgesens til
fógeta dags. 11. þ. mán. hvori hann fer þess á leit
að fá ~~fra~~ til byggingarstæðis þann hluta Prent-
smiðju garðsins sem lagður var til bæjarins 1847-48
Eptir nokkrar umræður kom fulltrúunum ásamt að
~~væra fr~~ Tærgesen gæti eigi leyft að byggja á þessu
svæði sjálfu, enda með tilliti til þeirra skilyrða
~~hva~~ með hverjum bænum var eptirlátinn þessi
kálgarðsparts, þaramóti skyldi gjöra Tærgesen
kost á, svo framt hann gæti fengið byggingarstæði
hjá öðrum hvorum lóðareigandanum fyrir vestan
eða austan Prentsmiðjugarðinn, að eptirláta
honum þá garð þenna til allra umráða og af-
nota hvort heldr til inngangsgötu í hann eður til kál-
garðs, þangaðtil ~~til~~ Bæjarstjórninni þykir tími
til kominn að leggja götuna

Útaf bréfi frá hinum setta vaktara Þorsteini
Jónssyni dags. í dag hvar með hann beiðir bæjar-
stjórnina um 24 rd lán úr bæjarsjóði til þess
að kaupa sér yfir höfn, kom fulltrúunum á
á vísa honum til láns uppá mánaðarlaun-
hans fyrir Janr - Marz þ. á. 16 hvaraf 1/3 inni-
helzt ~~fyrir~~ af hvers mánaðar launum.

Ávísað Guðmundi smið Jóhannessyni
samk. Áætlun 1865 IV. 19 rd 3 sk og Áætl. 1866 A V. 5 rd 48 sk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar hér var komið fundi kom herra bæjarfógetinn á fundinn og framlagði amtsbréf 9. þ. mán. er til kynnir að ~~kaupmaður~~ prófessor Dr. P. Pjetursson hafi beðist lausnar og fengið lausn, frá að vera forlíkunarmaður, og er þá fundið skorað á bæjarstjórnina að stinga uppá 4-6 mönnum er borgararnir geti kosið í milli og einn hvern þeirra samkv. tilsk. 10. Júli 1795 § 12.

Bæjarstjórninni kom ásamt að stinga uppá þessum 4 mönnum. Halldóri skólakennara Friðrikssyni
Hannesi St. Johnsen kaupmanni
Jens Sigurðsyni yfirkennari
Sigurði Melsted prestask. kennari

Fundi slitið

Allmontamen(?) P. Guðmundsson. S. Melsted. Á. Thorsteinson
Ó. Finsen. H. St. Johnsen. Jón Þórðarson.

Ár 1866 fimtud. 1. Febrúar áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema S. Melsted sem hafði þjáð forföll.

Fyrst var framlagt bréf bæjarfógeta 10. f. mán. er tilkynnir að Þorsteinn Jónsson tómthúsmaður sé settur næturvörður fyrstum sem til næstkomandi Maíloka

Sömuleiðis bréf bæjarfógeta 22. f. mán. er til kynnir Amtsbréf 19. s. mán. hvar með breytt er amtsúrskurðinum 17. Debr 1864, þannig að sakaútsvar N. Jörgensens gestgjafa fyrir sama ár er sett niður frá 38rd til 30rd.

Þá komu fram þessir reikningar:

frá Jens Jóhannessyni 14rd 3 ‸ 8 (að með kaupl. 1rd 2 ‸ 12)
og — Guðm. í Hákoti um 14rd + 3rd

en fulltrúum virtist að verkin þ. e. öskukeyrslan sem reikningar þessir uppá hljóða, se ei eingöngu att ‸ ~~og var því afráðið~~ í samanburði við upphæðina, að fela S. Melsted er hafði umsjónina í f. mán. að semja við forstjóra verkanna að um að setja reikninga þessa niður og um-

-skrifa frá

Jón Þórðarson tók að sér umsjón bæjarvatnanna fyrir Febrúar mán.

Fundi slitið.

J. Guðmundsson. Thomsen. Ó. Finsen. Th. Stephensen

Jón Þórðarson

Ár 1866 miðvikud. 11 April áttu fulltrúarnir fund með sér; Th. Stephensen og Jón Þórðarson voru fjærverandi.

Fyrst kom til umræðu um stefnu hins nýja steinboga. Og gengu fulltrúarnir á staðinn í dag til þess að yfirvega og ræða þetta þar nákvæmar. Þar sem ~~það~~ því var afráðið frá upphafi, að steinboginn skyldi vera 7 álna á breidd, var auðsætt að ef brúin fengi þannig 2 álnum meira heldur en hún er nú, þá kæmi hún til að stefna svo jafnlangt suður fyrir ~~syðri~~ syðri húsaröðina á Lækjar-torgi, en það yrði bæði til lýta og til mikils óhagræðis, enda með fram til kostnaðarauka; af því þá þyrfti einnig að breikka Bakara-stíginn sunnanvert. Því þótti í alla staði eðlilegast og réttast að fá leyfi til að breikka steinbogann norðanvert, og þess vegna sótti til stiftamtsins um að fá leyfi stjórnarinnar sem Arnarhóls-eiganda, að fá leyfi til að flytja inn eða norðar steingarð stiftamtstúnsins, sem fyrir norðan Bakara-stíginn er, um 2 álnir á kostnað bæjarsjóðs, en að fá fyrirfram eða bráðabyrgðarleyfi stiftamts til að rífa vestrenda garðsins og bregða svo að brúin yrði byggð þannig nú þegar.

Framlögð voru frá bæjarfógeta 2 bréf bæjarfógeta bæði dags. 6. þ. m.

1. um það að ekkjufrú Elín Thorstensen hafi undirskrifað samning um að taka af hendi við bæjarstjórnina öll umráð og afnot

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

utlúðar hurðunum frá utankomandi
perðalögum.

2 Hvarmeð er tilkynt í stiptamtsbréfi dags 15 Febr. þ. á. sam-
bref bæjarstjórnarinnar 15 Febr. þ. á. sam-
með úrskurði stiptamtsins, byggðr á tillög-
-um bæjarstjórnarinnar, að hrörandi bygging-
portar Jónasar Jónssonar í Grjótinu, er
samþykkt.

Ákvarðað þóroddi Torfasyni í Sölvhól
uppi klakhögg í lögunum. Grd. samkv. á öðr
A III. Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted. H. Sigurðsson. O. Finsen

År 1866 föstudaginn 18. Mai áttu full-
-trúarnir ásamt bæargjaldkeranum fund með
sér til þess að ákveða og niðurjafna bæargjöld-
-unum fyrir árið 1866 — Þessum verkum var sít-
-an framhaldið dagana 19., og apt. 22–24 s. mán
sama dag var verkinu lokið. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsted. H. Sigurðsson. Jón Þórðarson

År 1866 mánudaginn 11. Júni áttu fulltrú-
arnir fund með sér og voru allir á fundi nema
~~...~~ Þórðarson í ~~...~~ og Þoro. Sigfusson sem
er fjærverandi á Skraðalands ferð.

1. Var tekið til umræðu gjörð byggingarnefndarinnar
22 f. mán. hvarmeð ákveðið blettinn, eptir tilmælum
Kaupmanns J. Lambertsens er nú hefir ekki hrísinn lagða
land til fardaga 1873 er aukin, á sjáfr útemdi upp af ofan
~~í og~~ bátas naustina og vestr að Tjarnarendanum
~~...~~ ofanað seflum. Hinn útmældi blettr er fénhagn-
-ingr eðr með 4 hliðum: 137½, 125 — 180, 112 og eða
112 álnir að lengd er mæli; í blettinum mun því vera
nærri 3 dagsláttur að flatarmáli. Blett þennan
vill nú bæarstjórnin að sinu leyti eptirláta
Lambertsen til umráða og afnota með eptir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fylgjandi kjörum:

1. Umgirði hann ekki þenna nýja ladaranka, hvorki með skurðum, né girðingum ~~og~~ meini ~~hvorki~~ öðrum bæjarmönnum hvorki mótak né hagbeit innan þessara tveggja takmarka, þá má Lambertsen ~~hafa blettinn~~ fá ladaranka þenna ~~leigu~~ eptirgjaldslaust, um sama árabil og hann hefir Móhúsablettinn ~~af gjald~~ leigu fríann nefnil. til ársl. 1873

2. En ef Lambertsen þannig á nokkurn hátt afgirðir ~~þenna~~ ladaranka ~~og þa~~ hvort heldur með skurðum, garði eða öðru vörzlugjörð, svo að ~~þeir a~~ bæjarmenn þarmeð útilokast þarfrá beit og mótaki, þá á seilast 10 álna eptirgjald fyrir hverja dagsláttu er greiðist eptir verðlagsskrár meðalverði innan hvers árs loka í bæjarsjóð fyrsta sinn fyrir árslok 1866.

3. Optr vill bæjarstjórnin slaka svo til í þessari leigu, að leigjandi (Lambertsen) fái 10 álna linun í eptirgjaldinu fyrir hverja þá dagsláttu eða eptir þeirri tiltölu sem hann gjörir verulega jarðabót á ladaranka þessum, t.d. með því að slétta ~~og~~ uppfylla og planera gamlar mógrafir, grafa þar fram ~~uppfyl~~ vatnsveitingar og ~~uppfyllingar~~ uppþurkunar skurði eins o.s.fr. — Skal þá jafnan beri undir leigjandi að sýna og sanna fyrir bæjarstjórninni árlega ~~ef hann~~ til þess að verða þessarar linunar í bæjargjaldinu aðnjótandi. —

Þessi leigusamnings er sjálfsagt á enda ~~undirrein og to umræðu~~ með umvara og ofanritaðri Lambertsens yfir Móhúsablettinum.

Þá var framlagt bréf bæjarfógeta 24. f. m. er til fylgir ~~t~~ lögð. bréf — 1. s. mán, — hvar með eru sendt ~~og~~ 100rd eptirlaun Næturvarðarins Guðmundar Gissurarsonar.

Þá var talið til umræðu grjót það er Sverrir flutti í vetr eptir tilmælum bæjarstjórnarinnar, þareð hann vill fá borgun á verða fyrir þetta grjót. Ettagnar af ~~fer~~ hinu stærra grjóti hefir hann þegar afhent bæjarfulltrúanum, hvern á 24/, en hið smærra uppfyllingargrjót er ~~en~~ oafhent. Var nú afráðið, að fá Alexíus

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir sama gjörna borgun til að taka við þessi
grjóti ~~af hon~~ fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, af hverri
og að ákveða honum síðan 21–22 sk fyrir hverja
lest sem Alexíus tekr gilda

Þá var talað um vegavinnuna á aðal
veginum og Helga Jónssyni falið að semja
um hann við Guðna í Miðhalli eitt aðra, og
hafa sérstaklega eptirlit með ~~hvernum að~~ fyrir borgun að
~~því~~ það verði unnið til hlýðilega af hendi leyst.

Að síðustu var tekin fyrir Aukaút-
svörum á þá menn sem hafa tekið hér bólfestu
orðið sjálfs síns menn eða ~~tel~~ gjört borgara
og hlutadaregsmanna frá þ. árs fardögum. Þess-
ir menn voru 18 að tölu talla og konum
og var nú jafnað niður á þá ~~fra~~ frá fyrir ½
árið frá fardögum til árs loka samtals 36 rd
ð. var að þeirra reikningu

Eptir áætlun A III
Guðna Einarss. (þ. reanur) 5 "
O. Fenren — — 5-2 ƒ
Eptir A 17
Tilsjónarmenn 2-3 ƒ + 5 ƒ 2 /

Fundi slitið

Jón Guðmundsson. S. Melsteð H. Sigurðsson. Jón Þórðarson

Ár 1866 laugard. 14 Júlí áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi nema Jón Þórðar-
son og þá Stephensen þá fjærverandi
Fyrst var tekið fyrir útmælingargjörð bygg-
ingarnefndarinnar 26 f. mán. hvar með þeim Birni
Guðlaugssyni á Melnum og Þórði Gíslasyni frá Lamba-
stöðum voru ákveðnir nýir bæjarstæði, í stað
þeirra er þeim var útmælt 26. s. mán. en sem bæjar
fulltrúarnir eigi gátu samþykkt. — Þessi seinni út
vísun, 26. f. mán., hvar með þeim Þórði og Birni
er ákveðið 2250 □ álna lóð, ~~hverri~~ hverjum fyrir sig, til bæjarstæða ~~fa~~ milli
Ánanaustar og Mýrarhúsa, virtist fulltrúunum
nú í engu tilliti athugaverð, hvers vegna hann
bæði að samþykkja af bæjarstjórnarinnar hálfu

Þá var framlagt bréf dags. í gær, frá þeim Guðm. Lambertsen og konsul E. Siemsen, er bæjarstjórnin, eptir samkomulagi við Sverri Runólfsson hafði falið umsjón með Steinbogagjörðinni yfir lækinn. Í bréfi þessu bera þeir sig upp undan, að 3 hin seinustu ~~lög~~ séu efstu lög í Steinboganum hlaðin ~~svo~~ með þeim frágangi, þvert fyrir skýlausar útlendar aðvaranir þeirra til Sverris, eigi hafi verið þau til grunna hlaðin ~~er~~ hafi lagt lög þessi niður á laun við þá, að þeir geti eigi álitið verkið forsvaranlega af hendi leyst í þessu tilliti. — Bæjarfógeti var tilstaddur á fundinum, tók þátt í þessum umræðum, og varð það samhuga álit bæjarstjórnarinnar, að rita á bréf þetta, — einsog nú var gjört hér á fundinum, — yfirlýsingu til Sverris um að bæjarstjórnin geymdi sér og áskildi allan rétt sinn óskertan í þessu tilliti, gegn Sverri, og að bréfið skyldi ásamt þessari yfirlýsingu birta honum sem fyrst með stefnuvottum.

Að síðustu var ávísað þessum reikningum
Eptir Reikn. A III
Guðni Einarsson (fyrir vegaruðn.) 6 rd –
— A V. Guðm. Jóhannesson 15 rd 15 ß
— A VI. Jón Guðmundsson form. bf. 7 rd, i Steenberg 3 rd –
A. Árnason, G. Þórðarson, E. Þórarinsson 10 rd –

Fundi slitið

G. Guðmundsson S. Melsted [illegible] O. Finsen

Ár 1866 föstudaginn 10. Aug. áttu bæjarfulltrúarnir fund með sér. voru allir á fundi nema formaðurinn og Jón Þórðarson og Ó. Stephensen sem var fjærverandi. Fundurinn var boðaður í forföllum formanns bæjarfulltrúanna af varaformanninum, og var lagt fram á fundinum bréf frá formanni með hverju hann ~~felur~~ leggur fram embætti sitt og forföll og sendir jafnframt álit sitt um mál það er varðar skal viðvíkjandi beiðni Consuls Smiths um sandnám í fjöru bæjarins.

Var þá fyrst framlagt og tekið til umræðu bréf Consuls Smiths dags. 8. þ. m. hverri hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sókir leyfis bæjarstjórnarinnar að mega taka sand hérumbil 100 tunnur í fjöru bæjarins til byggingar bókhlöðu ~~stað~~ hins lærða skóla. Bréfi Consuls Smiths fylgdi bréf stiptamtsins dags. 8. þ. m. ~~sem~~ til Consuls Smiths, sem felur afgreiðslu þessa málefnis aðgjörðum bæjarstjórnarinnar. Eptir að hafa rætt mál þetta ítarlega varð það sameiginlegt álit bæjarfulltrúanna að veita Consul Smith hið umbeðna leyfi að taka 100 tunnur af sandi til áðurnefndrar augnamiðs, en þó með því eina skilyrði að sandurinn ekki sé tekinn á einum stað heldur á víð og dreif í fjörumálinu og ekki mjög ofarlega.

Faktor O. Finsen tók að sér umsjón bæjarverka Augustmánuð.

Fundi slitið.

S. Melsted   H. Sigurðsson   O Finsen

Ár 1866 þ. 7. Sept áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi. +

Fyrst kom til umræðu um að gjöra svo við alfaraveginn beggja megin hins nýja steinboga að yfir hann gæti orðið alfært sem fyrst og að ~~hin~~ gömlu trébrúna mætti nema algjörlega í burtu. Fulltrúarnir báðu að fá sem fyrst Sigurð Hansson eða annan vandlan og lagvirkan mann til að gangast fyrir þessu verki og takast á hendur, undir umsjón bæjarfulltrúanna. Um ~~[illegible]~~ grindur kliðarnar beggja megin steinbogans, ~~[illegible]~~ steinstólpanna sem ætlast er til að verði úr járni, var afráðið að reyna að semja við postskipsstjórann J. Andresen að útvega þær í Skotlandi nú í heimleið sinni til Hafnar.

Útaf bréfi E. Waage til bæjarstjórnarinnar 23. f. mán. + áhrærandi borgun fyrir mölflutning á vögnum eptir almenningsvegunum, héldu fulltrúarnir þegar fyrir mánaðarmótin gengist fyrir að bæta úr þeim vankostum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísað þessum reikningum:
Eptir Atk. A. III.
Jón Ólafsson í Hlíðarhúsum 9 rd 40 s og Jón Jónsson í Torfabæ 1 rd 16 s
G. Zoëga 2 rd 3 s
Aptan V. O. Finsen 9 rd; Ubl Johnsen 9 rd 1 s; Teit Ásmundsson 4 rd 48 s
G. Zoëga 7 rd 5 s 8 s

~~Th.~~ Doctor Th. Stephensen bað að sér mundi verða veittur frestur fyrir þ. mán. — Fundi slitið. H. Jónsson
Guðmundsson. S. Melsteð. ~~Th. Stephensen~~ Jón Þórðarson

Ár 1866, fimtud. 18. Okt. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Th. Stephensen.

Útaf bréfi frá Geir Zoëga dags. í dag, ~~gengu~~ um um skurðir þá er austursporð Hlíðarhúsa aur-lögi undir af vatnsrennsli inná veginn að vestanverðu, þá gengu fulltrúarnir nú þangað, og höfðu Zoëga til ráðaneytis. Varð svo eptir nokkrar umræður sú niðurstaðan, að leggja nýja rennu þvert yfir veginn ~~frá sem~~ í stefnu frá ~~suð~~ landnorðurhorninu á Sjóbaðs hússins, um ~~þann~~ sama stað þar sem eldri rennan var áður en vegurinn var lagður; ~~og~~ og var afráðið að fyrir verði þessu eptir því sem gjörð.

Þar næst kom til umræðu girðing sú er Einar Þórðarson prentari hefir gjört á móts við ~~at~~ fyrir norðan túnvallar síns (fyrir neðan Stuðlakot) ~~ss~~ með fram sunnanverðum Stuðlakotsveginum upp undir Stuðlakotsgarðinn og suður með ~~veg~~ afstorsveginum sem þar liggur vestur með garðinum til ~~Stóls~~ Skálholts og suðreptir. Fulltrúunum er það kunnugt að margir þeirra þar um þorpum er helst eiga ~~leið~~ umferð um þennan veg, álíta honum mjög stórskemmdir búnar af þessum girðingum, einkum fyrir sem djúpa sund ~~sem~~ eða gröft er Einar hefir grafa látið milli girðinganna og vegarins. og hefir gröfturinn því þegar gjört veginn illfæran með fram Stuðlakots garðinum, og báðir Stuðlakotsvegunum frá brúnni uppeptir, en einkum ~~suður~~ fram með Stöðla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hotsgarðinum, skemmdir væru fyrir gröftinn, þegar
~~þegar lagsins~~ klaki og þar eptir lagning yfir veginn.
Fulltrúarnir þeir er skoðað hafa þessi garðangar
verk Einars virða að sýnilegt sé að álíta þau
til skemmda fyrir veginum, einnig þeir virða allir
að álíta að bæði Einari og hverjum öðrum sem
væri verði að álítast heimildarlaust að leggja
uppá ~~sett~~ umráðningsett ofan heimildar félagsins, afráða
víti þessleiðis mannvirki er annaðhvort byggja geta
leitt með sér skemmdir ~~og~~ á alfaraveginum og
tálmanir á almennri umferð manna. Full-
-trúarnir afráða því að rita bæjarfógetanum
um þetta mál í þessa stefnu, og biðja hann
að uppáleggja Einari að fylla aptur grafirnar alstað-
-ar þar sem af þeim er nokkur skaði búinn á veg-
-unum, og vili Einar eigi undirgangast það
fríviljuglega, en byggingarnefndin eða aðrir til
kvaddir óvilhallir menn, álíti skaða búinn, þá
að fá Einar skyldaðan til þess með lögsókn og dómi

Þá var afráðið að semja við einhvern formann til að ~~taka~~ taka að sér norðsfletning Stephensens-
-garðsins og semja um það eptir faðmatali. Sömu-
-leiðis var afráðið að fullgjöra samning þann sem O.
Finsen hefir lagt undir leigu að við Svein Ingimundarson.
Áliti til aðgjörðar á Brattaðs brunni.

Þá var ávísað þessum reikningum, samkv.
áætlun A II. — A. Jóni Ólafssyni (fyrir aðgjörð á Bak-
-arastígnum umhverfis brunna) 36rd 68ß; B. (áætl. A V) Faktor
J. Jónassen: 3rd 4ß 14ß og Konráð E. Steinsen eptir áætl. A V 6-[illegible]

Jón Þórðarson í Hákoti tók að sér umsjón
brunnverkanna fyrir Oktobr. — Fundi slitið

J. Guðmundsson S. Melsteð H. Jónsson O. Finsen
(handsalaði) Jón Þórðarson

Ár 1866, laugardaginn 17. Nóvbr. áttu
fulltrúarnir fund með sér og voru allir á
fundi nema Helgi Jónsson.

Fyrst kom til umræðu um járnklefana
sem pantaðar voru og nú komnir með síðustu póst
skipsferð, til þess að hafa beggja megin á hinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nýja steinboga, og var afráðið að fela Ch. Stephen-
sen er nú hefir umsjón bæjarverkanna þ. mán., að
semja við Guðm. Smið Jóhannesson, um að koma járn
klifanum forsvaranlega fyrir, ~~og~~ svo fljótt sem hægt
væri.

Sami fulltrúi skýrði nú frá að sjómokstrinum
á Austurstræti sem Loðvík Alexíusson vildi ekki
hafa á hendi framvegis, hefði Bergsveinn Þorkelsson
tekið að sér næstkomandi vetr fyrir sama verð og
verið hefir hingað til (9rd 3ß) –

Sökum almennrar umkvörtunar
bæjarbúanna er sem eiga heimili fyrir austan lækinn
var afráðið að ~~láta sér~~ fela einhverjum vissum
manni skósmíð á bakarastígnum neðan frá
brúnni og upp fyrir Martr korn á hæri Jónasar
smiðs; Melsteð og Stephensen tóku að sér að
semja við menn um þetta einn eða fleiri.

Þá var gengið til kosningar á einum úr flokki
fulltrúanna til þess að ganga í bæjarstjórnarnefndina
ásamt formanninum, til þess að undirbúa kosningu
á nýjum bæjarfulltrúa um byrjun næsta árs, er
lektor Melsteð hefir þá útendað sinn 6 ~~vetra~~ ára
tíma í bæjarstjórninni, – og var hann til þess kjör-
inn með atkvæðafjölda.

Að útsvari var ávísað, samkv. áætl. A. III
1. Þóroddi ~~Þorvarðarsyni~~ Torfasyni (eptirstöðv. fyrir hreinsun um
á lækinn, 25rd) 1865–66 – 8rd; 2. sami (fyrir aðgjörð
á lækjargarðinum) 48ß. 3. Guðna Einarssyni, (eptirst.
fyrir klakhögg og rennuhreinsun 1865–66 – 35rd –) – 10rd
(þess í stað fyrir Guðna var 13rd); 4. Sami, eptirst.
fyrir vegaruðning 6rd. 5. Ögmundi(?) ... Jóni Þorkelssyni
6rd. —

Fundi slitið

J. Guðmundsson. S. Melsteð. O. Finsen. H. St. Stephensen

Jón Þórðarson

Ár 1866 mánudag 3. Decbr. áttu fund með sér og
voru allir á fundi

Fyrst var framlagt bréf bæjarfógetans, hvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með fylgdu áætlanir fyrir árið 186~~6~~7

a. frá fátækranefndinni dags. 28 f. mán. að upphæð — 1271-76

b. — skólanefndinni — 29 ~~[illegible]~~ f. mán. 631-48

Fulltrúarnir fundu eigi ástæðu til beinlínis að ve-fengja áætlanir þessar yfir höfuð að tala, heldur gjörðu þér nú að samþykkja með skilyrði um að fá téðar nefndir [illegible] bæjarstjórninni í té, áður áætlun kaupstaðarins fyrir 1867 verður fullgjörð fyrir árslokin, skýrslur og upplýsingar um að hve miklu leyti nokkrar eða engar eptirstöðvar verða af þessa árs áætlun, við byrjun næsta árs, og svo um fleira þaraðlútandi.

Bréf bæjarfógeta~~ns~~ 26. Nóvbr. þ. á. hvar með fylgdi byggingarnefndar gjörð 22. s. m. hvarmeð þeim:

Sveini Guðmundssyni

Gísla Þorsteinssyni

og Magnúsi Pálssyni

er útvísað tómthússtæði á Hlíðarhúsalóð, þarsem byggingarnefndin í gjörðinni 21. Júní hafði ákveðið að fyrst skyldi ~~reis~~ verja til tómthúsbygginga. Um útvísanir þessar fundu fulltrúarnir eigi ástæðu til að synja samþykkis að þeirra leyti. En að því leyti bæjarfógeti jafnframt skorar á fulltrúana að þeir ákveði lóðartolla á hvert einstakt á téðum lóðum þessum, samt á nýbýlis-tómthúsum þeirra Björns Guðlaugssonar og Þórðar Gíslasonar sem var ~~á landi á þ.~~ útvísuð á Hlíðarhúsalóð 21. og 26. Júní þ. á. (sbr. fund 14 Júlí þ. á. þar framanr.) þá ~~voru fulltrúarnir~~ varð samhuga álit, að slíka lóðartolla af útvísuðum tómthúslóðum frá stofni væri að eins bæjarstjórnin öll (fulltrúarnir í sameiningu með bæjarfógeta) að ákveða eptir fyrirmælum í O. br. 26 Sept 1860. Að öðru leyti urðu allir fulltrúarnir samdóma um að á engri þeirra 5 nýju tómthúslóða sé ástæða til að taka lóðartoll fyrir yfirstandandi ár.

Bréf bæjarfógeta 23. f. mán. hvar með er gefið til kynna að L. Knudsen bókhaldari, hafi skriflega (til bæjarfógeta) afsalað sér sínum afnotarétti til kálgarðsins með við útnorðurhorn Tjarnarinnar (Tjarnarg. Nr 4 lit. B) til kaupmanns R. P. Tær-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-geren, sem nú á liðnu ári fyrir afan: Tjarnarg. A 14 lóðir.

Avísað þessum reikningum

B. Hjaltested: 1rd 4ß 8s og Torfa Jónssyni í Blakonarbæ 4rd 93ß 8s, hvorttv. eptir áætl. A III.

Fundi slitið

J. Guðmundsson. S. Melsted. H. Jónsson. O. Finsen. Th. Stephensen

Fón Þórðarson

Ár 1867 fostudag 18. Janr. áttu bæarfulltrúarnir fund með sér og voru allir heima eldri bæarfulltrúar á fundi nema Th. Stephensen og lektor S. Melsted sem gekk úr fulltrúaráðinu um árslokin síðan þess að hans 6 ára tími var þá á enda, en í hans stað var kosinn á bæjarþingi 4. þ. mán. factor Hans Anton Sivertsen, samkvæmt hér framlögðu bréfi bæarfógetans 16. þ. mán. er jafnframt tilkynnir að Stiftamtið hafi eigi bréft neitt við kosningar gjörðum að athuga, og að hr. Sivertsen hafi ~~afta~~ unnið fyrir bæarfógeta hið skrásloga heiti, sem tilskipun reglug. 1846 ákveður.

Því næst skoraði fulltrúinn Jón Guðmundsson ~~á fultr~~ er hafði kvaddt til þessa fundar sem formaður frá 1866, á meðfulltrúa sína að kjósa formann fyrir yfir standandi ár, og var Jón Guðmundsson endurkosinn með atkvæða fjölda (4:1). Þarnæst var gengið til atkvæða um varaformann og hlut þeir O. Finsen og Hl. Sivertsen 2 atkvæði hvor, (Th. Stephensen 1 atkv.); fulltrúunum kom ásamt að fresta lykta þessarar kosningar þangað til Th. Stephensens atkvæði næðist á fundi, er forsætinn hét að gángast fyrir sem allra fyrst.

Þá var framlagt bréf bæarfógetans 16. þ. mán og þar með fylgjandi áætlun ~~yfir tek~~ bæarstjórnarinnar yfir tekjurnar og útgjöldin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skadarins 1867 og er hún samþykt af amt-
-inu 14. þ. mán
Þá var framlagt bréf bæarfógetans 14. þ. m.
er bætir fulltrúunum bréf stiptsyfirvaldanna 11.
næst á undan, hvarmeð þau ~~b~~ gjöra kost á
að bæarsjóðrinn geti fengið greitt aukaútsvar
það sem landsprentsmiðjunni hafi verið gjört
að borga árin 1864, 1865 og 1866 svo framt
bæarfógeti, vegna bæarstjórnarinnar gángi að
því skilyrði að þessu gjaldi skuli málsókna-
-laust verða aptrskilað úr bæarsjóði undireins
og bæarfógetinn fer að útvega um, að hlutaðeig-
-andi stjórn (arráð) annaðhvort með úrskurði
sínum frían prentsmiðjuna frá gjaldskyldunni
eða vísar málinu til dómstólanna. Bréf þetta
hafði gengið um kring milli fulltrúanna til yfir-
lestrar og yfirvegunar síðan í fyrra kvöld, og
varð nú eptir nokkrar umræður samhuga
álit allra þeirra sem voru á fundi, að
gangast eigi undir áðurvísi skuldbindinga
til að aptrskila þessu gjaldi. Því það yrði
greitt nú þegar, - heldr en samkvæmt bréfi
bæarfulltrúanna 29. Decbr 1865, og var því
afráðið að semja og senda bæarfógeta þannig
lagaða skuldbindingu, með tilmælum um
að vili stiptsyfirvöldin eigi hafa hana gilda
eða láta greiða aukaútsvarið af hendi;
uppá svo lagaða skuldbindingu um aptr-
-skilun þess, þá gángist hann fyrir því, - undir-
eins og fyrsta póstskip er komið í vor og ef þá
eigi kemr um neitt svar frá stjórninni, - að málið
um aukaútsvars gjaldskyldu prentsmiðjunnar verði lagt
fyrir dómstólana. - Fundi slitið

J. Guðmundsson. H. Thorsteinsson O Finsen Jón Pjetursson H. St. Sveinsson

Ár 1867. fimtud. 24 Jan. áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi ~~[illegible]~~ nema H. [illegible]
Fundr þessi var undirbúinn boðaðr til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at fullgjöra vora formanns kosningunna sem varð að fresta á síðasta fundi. — Atkvæðin sem þá voru greidd (O. Finsen og H. Sivertsen höfðu 2 hvor) voru látin standa, en Th. Stephensen greiddi nú á fundi sitt skriflegt atkvæði fyrir og hann Sivertsen, og varð hann þannig ylgirlegur varaformaður fulltrúanna árið 1867

Þarnæst kom til umræðu og var lagt niður, hvernig fulltrúarnir gæti haganlegast skipt með sér bæjarverkum á yfirstandandi ári, og varð eptir nokkrar umræður, þetta af samkomulagi

~~Ja~~ Í því sem er eptir af Januar mánuði hafa fulltrúarnir umsjónina á hendi sameiginlega

Í Februar og Júlí . . . . — Jón Þórðarson Hall.
— Marz og September — Th. Stephensen
— April og Oktober — H. A. Sivertsen
— Mai og August . . . Helgi Jónsson
— Júní og Novbr — — O. Finsen

Umsjónina í Desbr. verða nokkrir á hendur þegar þarað kemur.

Th. Stephensen skýrði frá, á fundinum nú að þarsem honum á sameign bæjar bæjarstjórnarfundi 10. þ. mán. hafði verið falið að semja við Hinrik Hansson á Efstabæ um að láta þátt í endurbót á þeirri skemdum á bæjarklefanum á steinboganum, ~~er~~ hafðu orðið ~~sem~~ fáum dögum áður ~~fyrir~~, þá hefði hann eigi getað komist að því samkomulagi við ~~þetta mál~~ Hinrik, sem bæjarstjórnin gjörði að skilyrði 10. þ. mán. Fulltrúunum kom ásamt að fela bæjarfógeta að gánga í málið og fá réttingu á skemdum. Þeirra af Hinrik eða öðrum er að því voru valdir, eptir rétt ugumalarökum; — Fundi slitið

J. Guðmundsson H A Sivertsen O Finsen Th Stephensen
Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

134

Ár 1867, laugard. 2. Marz áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi.

Fyrst kom til umræðu reikningur frá Páli
Magnússyni á Holti, hvarmeð hann krefst um-
-samdrar borgunar, 44ß á hvern faðm af þeim
16 faðmum er hann sé búinn að hlaða uppí af
þeim hluta Stiptamtshúsgarðsins að norðan-
verðu við bakarastíginn, sem liggur austur frá
Hlíðinni norður í Stiptamtsgarðinn, uppað húsi
Jóns Péturssonar assessors; en þenna hluta
garðsins tók Páll Magnússon að sér að
hlaða upp og fóðra einn fyrir 44ß hvern faðm
eptir skriflegum samningi við Th. Stephensen
af hendi bæjarfulltrúanna, og átti Páll, eptir
þeim sama samningi að hafa aflokið öllu
verkinu fyrir 31. Jan. þ. árs. – Eptir nokkrar
umræður kom fulltrúunum ásamt að ávísa
ekki hinum framkomna reikningi að svo komnu
og eigi nema því að eins að Páll vili ~~ept~~ minnsta
kosti skuldbinda sig með nýjum samningi (með 4 rd [illegible]) til
að fullgjöra verkið og leiða það til lykta, svo sem
mögulegt verði nú þegar áður menn fari sér
eða sér miður af verkinu sem orðið gæti, en
að öðrum kosti fyrir (norðan) fardaga í tilætlaða lagi.
Undir eins og Páll er búinn að ganga að nýjum
samningi á þessa leið, var ályktað að ávísa
reikning hans 25 Jan. þ. á. að því leiti þeir 16
faðmar sem hann uppí hlaðar verði álitnir
full gjörðir

Þvínæst kom til umræðu ~~um~~ hvaða leigu-
-mála ~~að~~ skuli viðhafa á Melshúsa-Hlíðu-
-vallar og Ullarstofu túnunum, frá nú kom-
-andi fardögum, því þá er á enda leigumáli
[fárra] en þeingu tún þessi á leigu, til 5 ára
vorið 1862; hið sama er um þessi í Tjarnar-
-endanum. – Eptir nokkrar umræður urðu allir
fulltrúarnir á því að láta nú bæta [tún hvers]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp- og skrifa bæjarfógeta þar að lútandi, á sama hátt sem þeir 2 hlutar húsnaedis voru uppboðnir og með sömu skilmálum, principaliter til erfdafesta og til vara uppá 20 ára leigumála og leita svo sam þykkir ~~[illegible]~~ stjórnarinnar með ráðstöfun þessari, skyldi verð að því leiti undirgengið bygð þeingiört. Jafnframt skyldi fela bæjarfógeta að láta sem fyrst koma til nákvæmrar á liða hvort haganlegra væri að útkomu nýja og aðra veri hafnnorð milli Melshúsa og Hólavallar túnsins, eða að hin gömlu hafnmörk gæti haldizt hin sömu og verið hefir.

Þá kom til umræðu um Alfaraveginn ofan í kaupstaðinn og hvorsu haga skyldi undirtöku hans, eða nyrðri stefnu af nýr vegr. verði lagðr, m. m. Fulltrúunum kom á samt að gjöra sem fyrst ~~[illegible]~~ að fari yrði skaðinn þar á veginum og koma sér með á ein hverja festu fyrir komu lagi hans.

Auðsad var þoradði í sölo köl, samkvæmt á útlem A III uppi tessar kvennanna 9da. Fundi slitið

J. Guðmundsson, H. A. Sivertsen, H. Jónsson, O. Finsen.

H. Stephensen, Jón Þórðarson

Ár 1867 laugard. 6. April áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

Fyrst kom til umræðu bréf frá formanni sjúkrahúss stofnunarinnar (~~nú á~~ ~~[illegible]~~ bæjarfógeta Thorsteinson) dags. 4. f. mán., áhrærandi það mál, hvort bæjarstjórnin vili, styrkja að því, með hæfilegu tillagi úr bæjarsjóði, að sjúkrahúsinu nýi taki sjúkrahúsinu, sem sé nú á tveimur þannig 3 ₰ á sumrum fyrir hvern eins stalda skilling en 3 ₰ 8/ á vetrum, gæti orðið lækkað t. d. um 16 s 6 daglega fyrir hinna fátækari meðal ~~almúga manna~~ ~~af~~ sjómanns manna og annara almúgamanna ~~hér í bænum~~, er þyrfti að leita sér húsnæðis og aðhjúkrunar á sjúkrahúsinu. Fulltrúarnir ræddu nú þetta mál, og kom það þá fyrst til álita, að bæjarstjórnin sæi sér eigi fært að láta í té úr bæjarsjóði hinn umrædda styrk, sem í bréfinu er stungið uppá að verði 50 rd (að minsta

korti fyrir yfirstandandi ár, nema því að eins
að leitað yrði ~~sem~~ það aukaveitingar hjá amt-
-inu fyrir þessari upphæð. Þareð [illegible] á kostna-
ðargreinir í áætluninni 1867 ekki gátu komið
þeim út gjaldaáætlunar. Sanna stað virtist full-
-trúunum, að einnig upp á skrifunga þessi lagi til
fyrir, er þeir yrði að vera að fallast á í aðal-
efninu og þótti vert að styðja, þá ætti hinn
sérstaki undir ítarlegra álit og tillögur fátækra-
nefndarinnar, einnig fulltrúarnir jafnframt
urðu á álita, að bæjarstjórnin því að eins ætti
að leita aukaveitingarinnar hjá stiptamt-
-inu að einmitt nefndin vildi styðja að því
að gera þess vegna hinna þáttakandi og afla
þeim fjárafla, og þá jafnframt hafa
að sér hið nákvæmara eptirlit með því
og meðal hverir af hinum fátækari bæjar-
-mönnum í hvert skipti eigi að fá um tíma
í spítalahúsið með sjúka sína í legu- og að
sjúkravinnugjaldinu til stiftamtmannsins, og far-
-að takandi milligöngu við stjórnarnefnd
spítalahússins til þess að koma slíkum bæjar-
búum, er hún fyndi ástæðu til að gefa með-
mæli sín, inn á spítalahúsið í hvert sinn.
Fulltrúarnir komu því nú ásamt, að vísa
fátækranefndinni, sem fyrst og bera undir hana
þetta mál, og ~~[illegible]~~ var undireins á sama fundi
að undirrita og nefndin ~~[illegible]~~ gefi bæjarstjórn-
-inni yfirlýsingu sína um að hún vildi
styðja málið að sínu leyti og óska ~~[illegible]~~
til þessarar bæjarstjórnarinnar um auka-
-veitingu á 50rd fyrir þ. á., samt að nefndin vildi
legði taka að sér umsjón og milligöngu
við spítalahússtjórnina sem þyrfti var getið, þá
skyldi fulltrúarnir - bæjarfógeta leiðina, leita
þessara 50rd aukaveitingar hjá Amtinu án þess
að neinu þyrfti til sérstaka fundar um
það mál.

Bæjarfógeti sendi til álita bréf frá Halldóri
Þórðarsyni yfirlæknir 24. Jan. þ. á. með áteiknun
stiptamtsins 25. s. mán., hvarmeð Halldór hefur
borið sig upp undan bréfi bæjarstjórnarinnar 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þ. mán. hvarmeð bæjarstjórnin lýsti yfir við Halldór að hún geti eigi beinlínis eða með öllu uppfyllt
8rd 80ß (8rd 80ß) – áverað reikninginn hans 15 Octobr f. á. með
eigi skjalareikn. frá J. Finnbogasyni 15 Juli f. á.
Stiftamtið benti á álit bæjarstjórnarinnar um
þetta. Fulltr. var á sama að segja því
hvorki til gefa frá fyrrum með þessa Kröfu Halld.
Þórðarsonar fyrir Kvaðningu á hels í Brennt
smiðju portinu nema segnar og eina þar með
atriðum þar ~~hann~~ er bæjarst. hafi byggt á synjun
sína (sbr. bréf af d. d.).

Fundi slitið.

Guðmundsson, H. A. Sivertsen, Hjörnson, O. Finsen, ~~J. Stephensen~~
Jón Pétursson

Ár 1867 laugardaginn 20 April áttu fulltrúarnir fund með sér, að viðstöddum bæjargjaldkeranum herra Jóni Stefánssyni, til þess að byrja niðurjöfnun á bæjargjöldunum fyrir 1867. Þá fyrst framlagði formaðurinn

1° Bréf bæjarfógetans 16. þ. mán. er birtir Stiftamtsbréf 15. – hvarmeð jafnaðar sjóðsgjaldið af Reykjavíkur kaupst. fyrir yfirstandandi ár er álitið til 50rd, þ. e. 10rd meira heldur en áætlun var á fjárhagsáætlun

2 Bréf sama er tilkynnir Stiftamtsbréf 17. þ. mán. hvar með uppástunga bæjarfulltrúanna frá – þ. mán. byggð á þaraðlútandi uppást. bæjarfógetans um aukafjárveitingu til sjúkrahússins hér í bænum fyrir þ. ár – 50rd.

Niðurjöfnunin verður þannig nú að vera 60rd. hærri heldur en í þ. árs áætlun er ráðgjört.

Niðurjöfnuninni var síðan haldið áfram dagana 23 og 24. þ. mán. og henni lokið til lykta hinn síðast nefnda dag.

Áverað.

Eptir Áætlun III. Til B. Hjaltest. (sama veiting sem var áverað 31. Dec. f. á. en framvísað glatað) 4rd 3ß (haldið til baka fyrst um sinn)
a VI. Joh. Olsen, aftekin húsagjald 1866. 1rd 2ß 4ß

Fundi slitið

Guðmundsson, H. A. Sivertsen, Hjörnson, O. Finsen, J. Stephensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1867 mánudaginn 3. Júní áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi. — Tilefni þessa fundar var bréf bæarfógetans af d. d. hvarmeð fylgdi bréf frá R. Anderson, ~~öðrum~~ einum félaganna Henderson Anderson & Co sem eiga Glasgow-verzlunina, einnig dags. í dag, og sækir hann þarmeð til að fá tilleigu, tóftar stykki það er liggr milli Brekkubæar, ~~og~~ og Glasgow-verzlunar lóðarinnar að vestanverðu, og vestan-verðu ~~þ~~ pakkhúss verzlunarinnar No 11 í Aðalstræti að austan, og kveðst vilja fá að leggja þar trjávið að hinna samarlangt. Bæarfógetinn getr þess í bréfi sínu, að hann hafi munnlega leyft Jóni Jónassyni að stafla þarna grjóti, sem á hvorum túna og legið laust og varar hann við því, að svoframt bæarfulltrúarnir leyfi þeim Henderson lóðina, þá muni þó Jónassen verða að gefa hæfilegan frest til að flytja grjót það í burtu er þar liggr enn.

Eptir nokkrar umræður varð atkvæðagjörð fyrir því (O. Finsen og J. Þórðarson með því skilyrði: að Jónassen verði fyrst gjörðr kostr á að ~~að~~ halda lóðinni til að stafla á grjóti og hafa það þar) að gjöra Henderson & Anderson kost á að fá lóð þessa til leigu árlangt eða til Mai loka 1868, til þess að stafla þar trjávið, með eptirfylgjandi skilmálum.

1o Að hann gjaldi í lóðar leigu 5 rd í bæarsjóð fyrir 31. Desbr þ. á.

2. Að hann haldi 3 álna breiðum gángi opnum milli Glasgow's fjóssins og trjáviðarstaflanna alla leið frá sjálfum Götuhúsastígnum og svo til hússins No 1 í Götuhúsastíg (Kristjans hús) svo að þar sé jafnan greiðr og óhindraðr gángr með þessari breidd.

3 Að trjáviðarstaflarnir gangi eigi ~~lengr~~ lengra til austrs heldren á vörubrúnna, sem liggr að vestanverðu við pakkhúsið No 11 í Aðalstræti; og skuli skylda til að ryma timbrinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að svo mikla lepti úr vegi eða til hliðar sem nauðsynlegr aðgángr passar, hús eigandans verð ser skalleg til efnis [uppsetningar] s. d. útaf eldsvoða eða til aðalaðgjörðar. — Það var afráðið, að gefa Jónassen ~~þetta~~ þenna leigumála til athugunar og biðja bæarfogeta uppáleggja honum að skafa flutt allt grjótið í burtu sem hann á nú á lóðinni ekki seinna en að kvöldi 13. þ. mán.

Meistari Arni Sam... sendi reikning dagsd. í dag upph. 64 rd, fyrir að mola grjót. En af því þetta verk var unnið í Maí-Júni þá eða fyrri, þótti nauðsyn að rannsaka nákvæmar hvort eigi væri þegar á vísað.

Aptr var þjónanum ávísað eptir á ætlun kr 17 a útaf uppboði á Melaskúra og Melakúrs...num, 1 rd 68 s. og fyrir mælingar á húsum, var 1 rd 24 s.

Fundi slitið

J. Guðmundsson, H. A. Sivertsen, O. Finsen, H. Jónsson

Jón Þórðarson

Ár 1867, miðvikud. 12. Júni áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema Th. Stephensen, sem fyrir fáum dögum er farinn vestr til kaupverzlunar.

Aðal fundar efni að þessu sinni var aukaniðurjöfnun á þá menn er hafa tekið sér aðsetr innan kaupstaðarins í þessu vori eða flutzt hingað og gjörzt lausamenn og sjálfra sín. — Þannig var nú jafnað niðr á samtals 10 gjaldendr sem ýmist eru alls eigi, uppteknir á aðalniðurjöfnuninni þ. á. eða og eigi voru settir þar í auka útsvar, einnig var um verzlunina S. Jacobsen & ... Það nú jafnaða gjald á hvern fyrir sig var að eins fyrir tímabilið frá 14. Maí þ. á. til ársloka, og er samtals að upphæð 42 rd. — Fundi

Þarnæst var tekið til umræðu bréf bæarfógetans 11. þ. mán. hvar með fylgdu 2 byggingar nefndar gjörðir s. d. og beiðir bæarfógeti að fá samþykt á lóðar mælingar þessar sem fyrst.

Ályktað: á hvorir útmælingunni til sem ... handa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórði Guðmundssyni á Grímsstöðum, fyrir norðan
Grímsstaðalóðina, kom bæarfulltrúunum ásamt
að samþykkja [hann] gegn því, að lóðar toller verði
síðar á kveðinn af þess ári útmælingu frá byrjun
ársins 1868, samkv. opbr. 26 sept. 1860. Sömu-
leiðis varlist eigi ástæða til að neita um
samþykki til hjallstæðis þess er Klemens Jóns
syni í Ullarverkhúsinu var á vísað þar á Ullar
verkhússlóð s.d., og það sín sérskilið lóðar
gjalds, og meðfram með tilliti til hinna sam-
sérlega skilyrða er bygginganefndin hefir ~~tekið~~
~~fo~~ bundið við hjallbyggingu þessa, er ~~...~~ óskast
beinlínis framtekin í hinni útvísunargjörð.

Beiðni Smiths konsuls á bygginganefnd-
arfundinum 11. þ. mán. um að mega flytja inn
stakkstæði sín beggja megin bæði að austan
og vestan verðu jafnt vestur og austur gafli báðar
húss hans í Hafnarstræti en að hann aftur
fengi samsvarandi minna að til tala í lóðar
gjaldi stakkstæðanna, fannst bæarfulltrúun-
um að ekkert geta verið til fyrirstöðu. En eftir
hvað á hverir stakkstæðis girðingarnar að norðan
verðu, þá virtist ~~þeim 4 af fullt~~ fulltrúanna
Jóni Þórðarsyni [þessarar] að ~~.....~~ stakkstæði
eignarinnar No 4 í Hafnarstræti stæði vera
sundal þeirra er væri hætt í sýglela þeirri að
þar mætti setja upp báta [og sép] undan stórflóðum
á vetrardag eftir þörfum, þá ætti eigi að leyfa
honum slíka girðingu að norðanverðu við stakk
stæði þessi er hlyti að verða uppsatrysett
-mönnum til meiri eða minni tálmunar. En hinsveg-
ar og hinir 4 fulltrúarnir voru J. Þórðarsyni
samdóma í aðalefninu, virtist þeim samt, að
eigi bæri að afstunga beiðanda frá að setja
upp girðingu þá er hann fer fram á ef það
væri aðeins tengt með því beina skilyrði, að
6-7 álna breitt hlið á miðri norðurgirðingunni
verði haft ávalt opið og hindrunarlaust um allan
~~tíma~~ vetrartímann frá miðjum Octob. til
miðs April mánaðar, því með tvöfeldum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá gangi á girðingunni yrði eigi álitið að skip eigendum væri þar með meinað ~~að bjarga~~ eða frá bægt að bjarga skipum sínum undan sjó á vetrardag. Fundi slitið

Jón Guðmundsson, H. A. Sivertsen, H. Jónsson, O. Finsen

Jón Þórðarson

Ár 1867, föstudag 20. Sept áttu bæjarfulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi. — Var þá fram lagt og tekið til umræðu og 30 rd. um

1º Bréf bæjarfógeta 4 Júlí þ. á., hvarmeð tilkynnist, að Þórður Árnason í Skála hafi verið tekinn til aukanæturvarðar frá 1. s. mán. og um svo langan tíma sem bæjarfógeta þykir nauðsyn til, — og þessvegna hafi hann lagt honum að halda 25 rd. s. mán.

2. Bréf sama 2. s. mán. hvar með fylgdi byggingarnefndar gjörð 1. sama m. og er þar með Stofnfélagi Reykjavíkur kaupstaðar því sem myndast hefir á næstl. vetri, ávísað t. 30 álna breitt svæði frá norðri til suðurs — suður af Melkots túngarðinum og þar niður með honum allan með jafnri breidd að neðan sem að ofan. Bæjarfógetinn leggur útmælinguna undir samþykki bæjarfulltrúanna. Fulltrúarnir komu sér saman að samþykkja byggingarnefndargjörðina, þannig að ~~félagið~~ stofnfélagið þurfi að hafa það til frjálsra afnota í 10 ár frá byrjun ársins 1868, svo framt bærinn þarf eigi á svæðinu að halda til bygginga eða annars á ~~sinum fyrir~~ áður en sá tími er útrunninn; — svo framt félagið skuldbindi sig að færa í lag og gjöra stokkinn sér legan til kostnaðar við ~~félagið~~ svæðið og að það þessvegna eigi ganga að svæðinu yrði, ef til vildi, tekið af þeim til bygginga eða annars innan 10 ára þá á félagið kost á að semja nú hvernær við bæjarstjórnina um það atriði.

3. Bréf frá næturverðinum Þorsteini Jónssyni 31. Júlí hvarmeð hann sækir um 40–50 rd. launahækkun. Fulltrúunum virtist eigi um talsmál að þetta, gæti tekið til greina fyrir yfirstandandi ár, né fyrir næsta árs áætlunargjörð var áformað að formaðurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi hjá vetrverðinn um fyrst munnlega af þessari mótstöðu.

4 Bréf frá 27 þ. m. [illegible] borgurum, grasnytjen(?) og tómthúsmönnum og fara þeir þess á leit og skora á bæarstjórnina að hún sjái útveg til þess að skólakennari Halldór Kr. Friðriksson — með sinn blaðagjálf(?) og granaða(?) þó sem hann hafi haft og haldið hér í allt sem á beit í landi bæarins, — haldist ekki uppi að skjóta þeim búðardönum og öðrum bæarbúum í [illegible] fyrir því að geta eignast og sett á vetr heilbrigðan fjárstofn.— Fulltrúunum kom ásamt að veita bæarfógeta um málið og senda þennan áskoranna, að láta það álitið(?) svo að búendur og aðrir bæarmenn [illegible] ekki þessari umkvörtun á fyrir sagnar, og að fela lögreglustjóra og skora á hann að gjöra ~~allar~~ sem bráðast allar nauðsynlegar ráðstafanir sem þörf væri á til þess að ~~ryðja úr vegi~~ koma í veg fyrir, að þetta yrði til fyrirstöðu fyrir að bæarmenn yfir höfuð geti ~~að~~ eignast heilbrigðan fjárstofn, ~~sem fyrst~~ nú í haust.

5 Var rætt um aðgjörð á bakarastígnum og öðrum vegum og var það falið þeim Th. Stephensen og H. Sivertsen sem hafa umsjónina með bæarverkum þenna og October mánuð, ásamt með Helga Jónssyni að ~~semja~~ að gangast fyrir öllum þeim nauðsynlegasta aðgjörðum, taka til þess verkamenn og semja við þá

6 Af því enn er ólögfærð hinn [illegible] skeiði(?) í Borgartúni sá er Hinrik [illegible] tók að sér(?) í vetr, er leit(?) var afráðið að endrnýja áður(?) bæarfógeta; að ~~hann haldi~~ Hinrik verði gefið alvarlegt tilhald að fullgjöra þetta verk eptir skuldbindingu sinni innan ákveðins tíma, eða ~~taka~~ láta gjöra verkið á öðrum kostn á hans kostnað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Áhvarðast þessar reikningar
Eptir A III Snikkari M. Jónsson (Steinsgarðs-aðvarað 21. Maí 36rd) 35 4 ℳ 8 ß
— a Sama (Steingarð) 5 52 ß — A IV — 2rd 3 ℳ
— a Swertsen — 5rd 3 ℳ 6 — a 1 — 2 ℳ
— a VI — M. Arnason 64 ß; Steenberg 3rd a í Uppsal 10rd 1 ℳ 8 ß

Fundi slitið

E. Gudmundsson, H. A. Swartz, J. Jónasson, O. Finsen, H. Stephensen, Jón Þórðarson

Ár 1867, föstud. 6. Desbr. áttu bæjarfulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.

1. Fyrir lagt var bréf bæjarfógeta 26 f.m. hvar með fylgdi bréf skiptaráðanda eptir ummælum á hendur hlut-tölu Reykjavíkur bæjar í vöxtum Thorkillii sjóðsins til móts við aðra hreppa í hinu forna Kjalarnesþingi frá fardögum 1868. Meðfylgjandi skýrslum og upplýsingar er beðið innan þess mán loka 1868. — Þar sem nú málefni þetta einkanlega og sérstaklega á hvorri nýju skyni, til léttis á venjulegum og sjálfsögðum bæjar útgjöldum, er einkum lýtur að uppfræðingu og menningu fátækra barna í bænum, þá komu fulltrúarnir um á samt að fela alla afgreiðslu þessa máls fátækra nefndinni og barnaskóla nefndinni í sameiningu, og að leggja það á vald beggja nefndanna í sameiningu, að koma sér saman um hvort og hve mikla upphæð sjóðurinn skuli ganga beinlínis til framfæris og menningar fátækum börnum hvort heldur í heimahúsum eða hjá fóstur foreldrum eptir því sem á stendur, eða að öðrum kosti að fá framt til uppfræðingar slíkum börnum í barnaskólanum.

2. Áætlun Barnaskóla nefndarinnar fyrir árið 1868, þar sem 30rd meira hvar með tillagið úr bæjarsjóði til barnaskólans er áætlað 661 rd. þ.e. 29rd 48 ß meira en var yfirstandandi ár

3. Áætlun fátækra nefndarinnar fyrir s. ár hvar með er áætlað 1078rd 48 ß tillag úr bæjarsjóði þ.e. 193rd 20 ß minna en f. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúunum kom ásamt að eigi fyndist nein sérstak-
-leg ástæða til að fresta samþykki á áðurnefndi þessu, þar
sem þarámóti gæti að ásækja allar ýtarlegri upplýsingar
frá gjaldkeram beggja nefndanna, þar sem þá enlega gjört
til að helga þeirri útgjöld, við aðaláætlan bæargjald-
-anna undir næstu árslok.

4. Bréf bæarfógeta 29. f. mán. hvar með er tilkynnt, að
stiptamtið hafi s. d. kvadt konuna Solveigu Pálsdóttur,
yfirsetukonu úr Vestmannaeyjum, til ljósmóður hér í
kaupstaðnum, frá sama d., í stað Helgu Egilsdóttur
sem dó hér í Ágúst þ. á. — ~~Hér~~ Hérmeð fylgdi bón-
-arbréf frá Solveigu sjálfri um að fá 30rd bráðabyrgð-
-arlán úr bæarsjóði uppí væntanleg laun sín, sakir
~~þess að~~ nauðsynja, þeirrar með því ferð hennar hefði
borið svo brátt að að hennar og hún hefði orðið að
taka sig upp sem næst allslaus. — Fulltrúunum
kom ásamt, að eigi væri talandi í mál að veita
henni svo mikið lán eða fyrirframgreiðslu uppí (launin)
~~sín~~ úr bæarsjóði, þar sem þau væri að eins 26rd 4ß ár-
-lega; ~~og~~ þarámóti þótti eptir kringumstæðunum
gjörandi, 1o að veita henni beinlínis hin væntanlegu ~~á helgum~~ ½ yfir-
-setukonu laun frá dánardægri Helgu Egilsdóttur,
nefnilega fyrir því frá mánuði frá 1 Septbr til 30. Nov.
þ. árs; 2o sem, forskot eða fyrirframgreiðslu uppí
launin 1868 — helming þeirra eða 13rd 2ß — er hún gæti
fengið greidda í ándverðum Janr. 1868, móti því að
innihaldið verði í launum hennar mánaðarlega helm-
-ingnum við byrjun hvers mánaðar.

5 Bréf frá Þorláki Péturssyni 20. f. mán. hvar með
hann biður um að fá ávísað stæði til tómthúss og
útgræðslu milli alfaravegarins og mómýrarinnar
í Arnarhóls mýrinni, fyrir norðan svo nefndan
Pétursstíg. Bæði sakir þess, að ~~sjálft~~ sjálft þetta svæði ~~sitt~~ er
almennt þerriland þeirra sem taka upp mó þar fyr-
-ir ofan, að úr miðju og víðar svæði mómýrar-
innar þar ~~fyrir ofan~~ austrafa liggja beinastir og greið-
-astir vegir til móflutnings uppá til alfaravegarins, og
svo sakir annara kringumstæða, virtist ekki
gjörandi að henda því til tilbúna svæði til byggingar og
uppgræðslulands með girðingum.

6 Bréf bæarfógeta frá í gær, hvar með er sent til
álita bæarstjórnarinnar — eptir áskorun stiptamts-
-ins 2. þ. mán. — umkvörtun 13 tómthúsmanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verkstæði í bænum, eptir því að bæjarstjórnin hafi nú fyrir skemmstu heimilað að á vera staði til kaupstað-artúns í hinni svo nefndu Gróf, hvarmeð þeim verði fyrirmunað að hafa skepnahúsrétt og og útræði ~~frá~~ hinni svonefndu í Grófinni, framvegis ... þeirri er dagsett 28. f. mán. Eptir nokkrar umræður komu þeir 5 fulltrúanna (allir nema Jóni Þórðarsyni) er sem þykir að leyfa byggingar í grófinni á aðalfundi 15. f. mán. að halda fast við það atkvæði sitt, og að æskja leyfis að tjá álit sitt um málið með stiptsyfirvöldum til álits bæjarstjórnarinnar um þetta mál haustið 1867.

Þá var gengið til kosningar á einum fulltrúanna til að ganga bæjarstjórnina á samt formanninum til að undirbúa og ráða til lykta kosningu á nýjum fulltrúa í byrjun næsta árs, í stað Jóns Guðmundssonar, sem þá hefur útendað sinn (seinni) 6 ára tíma; og var til þess kosinn O. Finsen með 3 atkv. (Chr. Zimsen 2 atkv. H. Jónsson 1 atkv.)

Þá var ávísað þessum reikningum.

Eptir ályktun N. 111	Ármanni Guðmundssyni	2-88
	Magnúsi Ara Michaelsd. (eptir skýrslu fyrir lóðum til Okt. loka 1867	
— " — " 17	Uppboðsreikningr (fyrir kampsleðr)	2-92

Fundi slitið.

J. Guðmundsson, H. Sivertsen H. Jónsson O. Finsen

H. Stephensen Jón Þórðarson

Ár 1868, þriðjudag 21ta Januar, áttu bæarfulltrúar=
=nir fund með sér, og mætti ~~voru~~ hinir eldri fulltrúar, nema
formaðurinn, herra J Gudmundsson, sem við árslokin
hætti þessum störfum, þar hans 6 ára tími þá var út=
=liðinn, en í hans stað var á þórþingi þann 14da
þ: m, samkvæmt bréfi bæarfógeta, dags: þ 20da, ~~hún~~
~~með bæarfulltrúunum gefst til kynna~~ kosin til
bæarfulltrúa, ístað herra J Gudmundssonar,
herra yfirréttardomari Jon Pétursson, sem eptir
áminstu bréfi bæarfógeta, hefir tekið ámóti þessari
kosningu, sem og líka að stiptamtið hefi staðfest
~~þessa~~ hana ~~kosningu~~, og var hann líka mættur.

Þarnæst skoraði varaformaður frá fyrra
ári, er hafði boðað til þessa fundar, á meðfull=
=trúa sína, að kjósa formann fyrir nú yfirstand=
=andi ár, og voru þá greidd 4 atkvæði fyrir H
Sivertsen, og 2 fyrir J Péturssyni, varð því H
Sivertsen formaður ~~þetta~~ fyrir árið 1868.
Þar eptir var gengið til kosningar á vara=
=formanni, og voru greidd 4 atkvæði fyrir J Pétur=
=syni og 2 fyrir O Finsen, varð því J Pétursson
varaformaður fyrir árið 1868; líka var hann
kosin til, úr flokki bæarfulltrúanna, að ganga
í nefnd barnaskolans.

Á fundinum var líka bæarfogeti, Cansellirað
A Thorsteinson tilstaðar, og var þá kosin til bæar=
=gjaldkera, ístað herra J Steffensen, sem í
framlögðu bréfi tilkynnir bæarfogeta, að hann
þegar hann nú hefir skilað af sér reikningi fyrir
síðastl: ár, sem hann hefir haft á hendi síðustu 3 ár,
vilji hætta þessum starfa: kaupmaður O P
Möller með öllum atkvæðum.

Ennfremur framlagði bæarfogeti bréf frá
O Finsen, dags 11ta þ m, hvari hann biðst lausnar
úr fátækranefndinni, í hverri hann hefir verið
gjaldkeri síðustu þrjú ár, og var því gengið til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til athvædagreidslu um annan sem i stad O Finsen, á ad gánga i fátækranefndina úr flokki bæarfulltrúa, og hlutu þeir Th Stephensen og Jón Þórdarson hvör þrjú athvædi, - var því kastad hlutkistu, og hlaut Th Stephensen ~~hlutkistid~~ athvædid

Ennfremur framlagt bréf frá G Zoega, dags: 13da þ.m, til bæarfógeta, hvari han segir sig lausan úr fátækrastjórn bæarins, og var i hans stad kosin kaupmadur J Heilmann

Þarnæst kom til umræda hvörnig skipta skyldi hinni dagligi edur mánadarlagu umsjón i bænum, - en þar fulltrúunum kom ásatt um ad þessu jafnvel mætti haga betur en undanfarin ár, en til þessarar umrædu^nu ekki nægur timi, er þessu frestad til næsta fundar, og umsjónin því þángaatil sameiginleg. Fundi slitid.

H A Sivertsen Jón Pétursson Ólafur Pálsson
O Finsen H Stephensen Jón Þórdarson

Ár 1868, fimtudag þ: 6ta Februar, áttu bæarfulltrúarnir fund med sér.

Var þá framlagt bréf frá bæarfógeta, dags: 1^{sta} þ.m, hvarmed han sendir áætlun yfir tekjur og útgjöld bæarins fyrir 1868, sem er samþykt af Stiptamtinu þ: 24. Jan:, og líka tilkynnir ad fátækranefndin hafi kosid kaupm J Heilmann sem gjaldkera. Ennfremur hefir bæarfógeti sendt bréf frá stiptamtinu dags: 31te Januar, hvarmed þad, med áskildu samþykki lögstjórnarinnar, samþykkir ad hid áætlada lán (600rd) til gjördar á Hlídarhúsaveginum, megi taka, og kom fulltrúunum saman um ad bidja bæarfógeta ásamt formanninum gjöra þar partil naudsynlegu rádstafanir.

Þarnæst kom til umrædu, hvörnig skipta skyldi umsjón yfir bæarvorkum, n.l: snjómokstur og fleiru, og kom ásatt um ad hvör tæki vissan hluta bæarins, þanig: Í allt fyrir austan læk, Helgi Jónsson 2) lækin og svedi þad sem er fyrir austan hús Madm

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

148) G Möller, Th Stephensen, 3) frá húsi Madm G Möller vestureptir kirkjubrú og þarmed adalstræti, H Sivertsen 4) kirkjugardsstræti tungötu og grjótagötu, O Finsen, og 5) bröttugötu og nordur á Hlidarhúsa-veg, Jón Þordarson. Fundi slitid.

H Sivertsen Jón Petursson, H Jonsson O Finsen
Th Stephensen Jón Þordarson

Ár 1868, fimtudag þann 19da Marts, áttu bæarfulltrúarnir fund med sér, og var þá framlagt:
1) bréf bæarfulltrúans J Þordarsonar til bæarstjórnarinnar, dags 15 Februar hvarí hann stíngur uppá breitíngum á kosningarrétti og atkvædisrétti vid kosningu bæarfulltrúanna, reikníngsári bæargjaldkira, og gildandi ákvördum um lódartolla, med fleirru.
2) bréf frá bæarfógeta, dags 19 Febr, hvarmed hann tilkynnir bæarstjórninni, svar Stiptamtsins dags 31ta Januar, til hinna 13 tómthúsmanna í vestri hluta bæarins, útaf umkvörtunn þeirra yfir rádstöfun bæarstjornarinnar, í tilliti til útvísunar á Grófinni til húsatiggingar, og 3) bréf frá bæarfógeta vidvíkjandi ad Gudrúnu Torfadóttir, Ofanleiti, eigi ad sinni ætta ad nota lausamenskuleyfi þad er hún leysti sídastl: ár, heldur gefa sig í vist. Bréf þessi hafa gengid milli fulltrúanna, til lesturs og yfirvegunar.

Eptir umrædu útaf innihaldi fyrrnefnda bréfs J Þordarsonar, kom fulltrúunum saman um ad fela á hendur herra J Peturssyni og J Þordarsyni ad yfirfara bréfid, og sídan liggja fyrir bæarstjórnina álit sitt um hin ymsu þau umræddu efni, og þareptir taka þau til endilegrar umrædu. Fundi slitid.

H Sivertsen H Jonsson O Finsen Th Stephensen
Jón Þordarson

Ár 1868 mánudag þ: 23 Marts, mættu fulltrúarnir, eptir tekinni ákvörðun á síðasta fundi, til að byrja niðurjafnanina á bæarbúa fyrir yfirstandandi ár, og var bæargjaldkerinn kaupm: O P Möller, sem var tilkvaddur, líka tilstaðar, þessum starfa var framhaldið hina næstu daga, og niðurjöfnuninni lokið á frumriti, miðvikud: þ 25ta. Fundi slitið

H A Sivertsen Jón Pjetursson H Jonassen O Finsen A Stephensen

Jón Þórðarson O. P Möller

Ár 1868 föstudag þ: 3ja April, voru fulltrúarnir ásamt bæarfógetanum á fundi, hvar þá var tekið til umræðu, hvörnig ráðstafa skyldi túnparti þeim af Hlíðarhúsa-túninu, er málaflutningsmaður Guðmundsson hafði til leigu síðastliðið ár, en sem hann nú hefir sagt lausum. Eptir nokkra umræðu komumst vér að þeirri niðurstöðu: að undantaka þann hluta af nefndum túnparti er liggur fyrir vestan og útsuðursmegin við húsið Hala, sem mestmegnis er melur og grjót, og því verður undirorpinn miklum kostnaði og átroðningi við tilbúning á þeim tilhugaða nýja vegi yfir túnið, og einungis seta til uppboðs hin nyrðri ofeystri hluta túnpartsins, eptir þeirri uppmælingu sem bæarfulltrúarnir nú umliðið hafa gjört, með sömu skilmálum og áður, sem og líka til eins árs leigu. Fundi slitið.

A Thorsteinson, H A Sivertsen H Jonassen O Finsen

A Stephensen Jón Þórðarson

Ár 1868 mánudag þ 6ta April, áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar þá var framlagt bréf frá bæarfógetanum dags: 4da þ.m, hvarmeð hann auglýsir að byggingarnefndin hafi avísað Assistent N Jaffetssyni husstæði á Hlíðarhúsalóðinni fyrir vestan hus Madma Þorb. Jónsdóttir, og æskir eptir að bæarfulltrúarnir staðfesti þessa ávísunargjörð,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem og líka að Guðmundi Erlendssyni, er hefir þann hluta Hlíðarhúsatúnsins (No 1) til leigu, ~~vottist~~ ~~sú tímum~~ hvar útvísanin er gjörð, verði veitt sú eptirgjöf í afgjaldi, er söluskilmálar túnpartanna ákveða. ~~Með~~ Brjefinu fylgdi afskrift af útmæl-íngunni og söluskilmálar fyrir túnpartana dags 28da Desbr 1866 ~~12 Febr 186~~.

Fulltrúunum kom saman um, að þar ekki muni vera annað hagfelldara byggíng-arstæði til ávísunar, geti ~~frá~~ að bæarstjórnarinnar hálfu, ekki verið mótmælt að þessi útvísan verði staðfest, og hvað snertir eptirgjöf á leigunni frá G. Erlendssyni, að fela á hendur bæarfógeta þarað-lútandi ráðstöfanir. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen St. Jónsson O. Finsen H. Stephensen

Ár 1868, laugardag þann 9da Maí áttu bæarfulltrúarnir ásamt bæarfógetanum fund með sér, og var framlagt bréf bæarfógeta dags: 5ta þ. m., hvarmeð hann sendir útmælingar-gjörð byggíngarnefndarinnar af 4da þ. m., ~~hvar~~ eptir hvörri hún hefir uppmælt lóðarblett þann er liggur sunnanvert við kálgarð organista P. Guðjohnsens, og sem hann ~~hefir~~ með bréfi dags 1sta þ. m. hefir óskt að fá útvísaðan til kálgarðs-stæðis. Í fyrrnefndu bréfi biður bæarfógeti um svar ~~álit~~ bæarfulltrúanna um hvört ~~þessi~~ útvísun þessi sé henni samþykk, hvörju vér játum, með þeim af byggíngar-nefndinni tilteknu skilyrðum. Þarnæst var tekið til umræðu boð G. Zoëga í Hlíðarhúsatúnpartinn No 4 í hvörn hann í bréfi dags: hefir boðið 40 álnar landskuld ~~??~~ í erfðafestu. Eptir nokkra um-ræðu komum vér að þeirri niðurstöðu, að ef Zoëga eptir munnlega umræðu vildi hækka boð sitt um 5 álnir ~~til 45 álnir~~, þá að ganga að boði hans.

Þá var rætt um hvornig eður í hvörju formi að byrja skuli og síðar framhalda vegarlagníngu og framskurði á Hlíðarhúsalóðinni, og hinum nýa Kleifaravegi, og var afráðið að ráða uppá 24 mönnum til að vinna að þessum störfum. Verkið byrjast á Hlíðarhúsalóðinni, og þegar ~~þetta~~ það er komið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkud áleidis, þá ad skipta verkamönnum í tvo flokka, og láta annan þeirra starfa ad alfaraveginum. Um kaupgjald verkamanna, tölu skurda á Hlídarhúsa=mýrinni og allar adrar hér ad lútandi rádstafanir verdur ekki fastlega ákvedid fyrir en verkid er byrjad. Fundi slitid.

[illegible] A Thorsteinson. Jón Pjetursson S. Jónsson [illegible] O. Finsen
H. Stephensen Jón Þórdarson

Medtekid bréf bæarfógeta dags: 11te Mai, hvarmed hann sendir gjörd byggingarnefndarinnar sama dag yfir útmælingu á bæarstædi til Consuls E. Siemsen, fyrir sunnan lód Kristjáns Jónssonar og fyrir vestan vegamót. Eptir ad bréfid hefir gengid milli fulltrúanna, er þessi útvísun samþykkt af fulltrúunum, og útmælingargjördin endursend bæarfógeta þ. 11te s. m. med áteiknun umgetnu samþykki.

A Thorsteinson

Ár 1868, fridudag þ. 9. Júni, áttu fulltrúarnir, ásamt bæarfógetanum, fund med sér, hvar þá, í tilefni af rádstöfun bæarstjórnarinnar vid=víkjandi þjódveginum yfir útlanda bæarins, er tekin var á fundi þ. 25te Mai (bodadur og haldinn af bæarfógeta), var af meirihluta álitid ad leggja skyldi upp hjá Skólavördu, en nokkrir af bæar=búum höfdu skrifad Stiptamtinu, og ~~[illegible]~~ beidst ad þessari rádstöfun yrdi breytt, en þau látid ad hinn fyrirhugadi vegur yrdi lagdur fyrir austan Skólavördu, var framlagt bréf frá Stiptamtinu dags: 6te þ. m. hvarmed þad samþykkir þá stefnu vegarins er meirihlutinn álítur hentugasta.

Hinn áformadi starfi á Hlídarhúsalódinni er nú þannig áleidis: ad búid er ad leggja veg eptir túninu vestur eptir frá Hlídarhúsahladi, um 140 fadma á lengd, og ~~[illegible]~~ skornir 5 skurdir á mýrinni, af hverjum einn lángskurdur ad ofanverdu, en fyrir nidur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-eptir fram í Tjörn, samtals um 250 faðma. Kostnaðurinn er ~~—~~ við veginn um 340 ríkisdali og við skurðina 125 ríkisdali (125), auk þess er enn kann að verða tilkostnað ~~við~~ til að hreinsa rudninginn af skurðarbökkunum. Að öðru leiti er ráðið að fresta þessum starfa, það sýnist minni nauðsyn strax að byrja á alfaravegi (þjóð) veginum, þar líka hefir hann í ár aukið kostnað með því að brúin í Fossvogi og troðningar næst henni, hefir verið umbætt, heldur en að framhalda Hlíðarhúsaveginum, þótt enn sé eptir ýng 40. 50 faðma af ástandi vegar hans.

Þá var tekið til umræðu hvornig haga skyldi tilbúningi hins nýja þjóðvegar, og komust vér að þeirri niðurstöðu að byrja á vegarlagningunni fyrir ofan Skólavörðu, þó svo nærri henni sem unt er að géta náð til uppfyllingar í veginn.

Þarnæst var framlagt bréf dags. 22. Mai frá næturv: Þorst. Jónssyni, hvarmeð hann sökum dýrtíðar biður um ~~launaviðbót~~ ~~eður~~ dýrtíðaruppbót og kom oss ásátt um að veita honum fyrir nú yfirstandandi ár 20 ríkisdali, þannig að hann fái 10. 30. Júni og aptur þ. 31. Decbr 10 ríkisdali. Fundi slitið

Á. Thorsteinson — H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, H. Jónsson, O. Finsen

Ár 1868, föstudag þ. 12. Júni áttu fulltrúarnir fund með sér, að undanteknum Th. Stephensen sem er að heiman farin í kaupferð, hvar þá framfór aukaniðurjöfnun á þá menn er á vor hafa tekið aðsetur hér í bænum, og sem ekki voru settir í útsvar á aðalniðurjöfnuði, 23. 25 Marts. Þau hér álögðu útsvör eru fyrir tímabilið frá 14. Mai og til ársloka, og ~~fram~~ eru þannig:

Björn Pálsson frá Launaumýri með	2 ríkisd.	"
Christ. G. Schram, snikkari,	2	"
Engilmaria Auðunsdóttir	1	"
Geir Ivarsson assistent, Rauðará	2	"
Frúi	2	"
~~Guðni hjá Hannesi vaktara~~	~~2~~	"
H. Clausen, sýslumaður	5	"
flyt	18	

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Henrik Helgason frá Húsatóttum . . . með flutt	14	„
Jens Jafetsson	2	„
Jens Smith, assistent,	2	„
Frederik Jonassen	2	„
Jón Einarsson (fyrr hjá Hjaltalín)	1	„
Jón Jónsson, járnsmiður hjá B. Hjaltested,	2	„
Jón Jónsson, Sölfhól	2	48
~~Jón J Illugason, Steinsholti~~	~~2~~	~~48~~
Jóhanna Skaptadóttir .	1	„
Karítas Guðlögsdóttir	1	„
Magnús Magnússon, Görðum .	2	„
Magnús Torfason, assistent,	1	48
Magnús Þórðarson, Dúkskoti	2	„
Páll Pálsson, snikkari hjá E. Jónssyni,	2	„
Petr W Bjering, bikir,	2	„
Pétr Jónasson, skrifari,	2	„
2) Sigríðr Elíasdóttir, Vaktarabæ	1	„
1) Sigurðr Bjarnason, frá Minna Mosfelli	2	„
Sigurðr Jónsson fyrri, Rauðará	1	„
Sigríðr Waage,	1	„
Þorsteinn Bergsson	2	„
~~Þortákur~~ Melkoti	~~2~~	„
Guðbjörg Jónsdóttir, Arabæ	1	„
Jessen, hestakaupmaður,	5	„
Samtals	~~60 ríkisd (48 sk)~~ 54 ríkisdalir	

Fundi slitið.

H. Sivertsen, Jón Pétursson, H. Jónsson, O Finsen, Jón Þórðarson

Ár 1868, föstudag þ. 19. Júní áttu fulltrúarnir fund með sér, að undanteknum Dr. J. Péturssyni er sökum lasleika ekki mætti.

Fundarefnið er bréf bæarfógeta dags. í gær hvarmeð hann sendir bréf stiptamtsins dags. 15. þ. m: ásamt bréfi frá lögfræðingi J. Guðmundssyni dags. 13. þ. m, viðvíkjandi görningi á aftarangi inum framhjá Skólavörðu. Í nefndum bréfum stiptamtsins og bæarfógeta, er borið undir álit fulltrúanna hvört þeir, í tilefni af mótmælum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra J Guðmundssonar ásamt fleirri bæarbúa
mót stefnu þeirri, er hann lagður á, sinni ástæðu til
að hætta þessum starfa, hvörju vér viljum
svara á þann hátt: að þar verkamenn þeir er
vér í vor tókum til vinnu eru ráðnir til Jónsmessu,
og vér ekki heldur getum brugðið áður úttalaðri
skoðun um vegarstefnuna, ásamt því að starfi
þessara manna hefir verið skipað þareptir, ~~ætla~~
viljum vér láta ~~starfa~~ framhalda verkinu
við veginn til Jónsmessu, til hvörs tíma hið
áætlaða gjald, líka ~~að~~ mestu er brúkað.
Viðvíkjandi upplýsingunum þeim er vér hvötum að
géta gefið um tilgreindt efni, þá vill formaðurinn
ásamt veraformi: þarinn semja bréf til bæarfógét-
-ans, sem síðar ~~og~~ verður að staðfesta, og má sjá af
bréfabókinni. Fundi slitið.

H A Sivertsen A Thomsen O Finsen Jón Þórðarson

Reikningurinn yfir vinnulaunin fyrir hina ýmsu
starfa er bæarstjórnin hefir látið framkvæma á þessu
vori, frá verzlun P C Knudtzon og sonar er hefir greidt
vinnulaunin þessi, að upphæð 741 ríkisdalir 59ß, er
ávísað þann 2 Júli. Af þessari upphæð er:
fyrir veginn á Ellidarhúsum og skurðina þar, einsog
fyrr er getið, 455rd, fyrir aðgjörð á strætum og
rennum 31rd, fyrir hleðslu á vesturkampi lækjarins
26rd, fyrir ýl veginn á Öskjuhlíð og Fossvogsbrú
55rd og fyrir nýja veginn frá Steinkudysi niður að
Skólavörðu 174rd 59ß. Fyrir tilbúning á 20 föðmum
af hinum nýja vegi fyrir ofan Skólavörðu, er þarað-
-auki borgaðir 50rd, sem hefir verið ávísað 20 og 29. Júni.
Allur kostnaður af vegi þessum (er ~~því 220rd 59ß, hann~~)
sem er 132 faðmar ~~og~~ uppþrekkuðir og 173 faðmar
ruddir, er því nú orðinn 224rd 59ß.

Ár 1868, mánudag þann 27de Júli áttu full-
-trúarnir fund með sér, og afanskrifað, viðvíkjandi
vegabótum, staðfest.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var þá tekið til umræðu að framhalda starfa að alfaravegunum fyrir neðan Skólavörðu, ~~og afráðið nú strax að byrja hann~~, og, þareð leyfi Stiptamtsins er fengið til nýrrar lántöku, sem var ráðgjört á borgarafundi þ. 25te þ.m., til þess nú í sumar að géta komið veginum í hæfilegt ástand meður í breidd, ~~afráðið~~ var tekið nú strax að byrja á þessu verki, og þareð verja leyfinu þeim sem enn eru af því áætlaði vegabótagjaldi.

Bréf frá barnaskólanefndinni, dags. 6ta þ.m hvarmeð hún biður um viðbót 30rd framyfir þá áætluðu 100rd, til aðgjörðar á skólahúsinu, var framlagt, og sem fulltrúarnir samþykkja, þótt þessi beiðni nú mégi heita ofseint framkomin, þar hún hefði átt að gjörast áður enn hinn aukni kostnaður áfell, og fulltrúarnir ekki heldur af bréfinu géta séð að hértil hafi brýn nauðsyn. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen Jón Pjetursson H. Jónsson O. Finsen

Ár 1868, þriðjudag þ. 8da September, áttu fulltrúarnir fund með sér, ásamt bæarfógetanum.

Var þá framlagt:

1/ Tvö bréf frá bæarfógeta 1/ dags: 27. Júli, hvarmeð hann, samkvæmt Stipts amtsbréfi d 9. s.m., tilkynnir bæarstjórninni að hin áætlaða lántaka (400 ríkisdalir) til vegagjörðarinnar á Hlíðarhúsaleið, sé samþykkt af lögstjórninni 12te Júni, 2/ dags 19. August, hvarmeð hann tilkynnir; að Stiptamtið þ. 31. f.m (Júli), að áskildu samþykki lögstjórnarinnar, veiti bæarstjórninni myndugleika til að taka lán það sem framhald á sjóvveginum útheimtir, ~~og sem~~ með skilmálum þeim er bréf bæarstjórnarinnar af 27. þ.m. til Stiptamtsins tiltekur.

2/ Bréf frá bæarfógeta dags: 4 August, ~~hvarmeð~~ ásamt útmælingargjörð byggingarnefndarinnar af 31 s.m: hvarmeð hún hefir úthlutað Latínuskólanum litlum hluta af túni því er liggur norðanvið verat-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að lóð skólans, og sem snikkari J. Jónsson hefir
til erfðafestu. Þessa gjörð bygginganefndarinnar
staðfestum vér, með þeim af henni teknum skilmálum.

3) Ennfremur bréf frá bæarfógeta dags. í dag, ásamt
útskript af tveimur gjörðum bygginganefndarinnar
þ. 5ta þ.m. Hin fyrri þess efnis, að snikkari M.
Markússon vill fá leyfi til að byggja tómhús, af
baðstofu og eldhús úr gömlu geymsluhúsi á ~~túð~~
Efraholtslóð sem hann er eigandi að. Þettað
samþykkist, með teknum skilyrðum bygginganefnd.
Hin síðari viðvíkjandi því að J. Þórðarson á
Hlíðarhúsum hefir beiðst þess ~~að~~ fá einnig leyfi til að bæta á bálnum við timbur-
-hús það sem hann á á ~~á~~ Hlíðarhúsahlaði, en þar
nefnt hús stendur of nærri götunni, vill bygginga-
-nefndin ekki gefa heimild til þessa, nema með
því skilyrði að húsið sé flutt 5 álnir frá götunni.
Bygginganefndin álítur það mjög æskilegt, að hús
þettað sem ekki stendur á réttum stað þegar
byggð verða fleirri hús framm með götunni, verði
flutt ~~??~~ í suður frá ~~götunni~~ húsinu, en gat ekki komist
að samkomulagi við eigandann um þaraf leiðandi
kostnað, sem hann ekki vill taka þátt í, en
mælir þó með flutningnum, og að þaðum gjörist
samkomulag ákomist milli eiganda og bæarstjórnar.
Eptir nokkra umræðu, komumst vér að þeirri niður-
-stöðu, að þótt flutningur á húsinu, sem bygging-
-arnefndin álítur ekki muni kosta minna en 30rd,
sé bæarsjóðnum þúngbær, þá verði það, á hinn
veginn hinni nýu götu til svo mikillar óprýði að
láta húsið standa í stað, og verði því að undir-
-gangast að bæarsjóðurinn beri þann af flutning-
-num leiðandi kostnað.

4) Bréf frá Jóni Ólafssyni í Finbogabæ dags.
í gjær, hvarmeð hann biður um leyfi og styrk
bæarstjórnarinnar til að koma á rennu ígegnum
Grjótagötu út frá húsi sínu. Þettað getum vér að
því leiti fallist á, að honum leyfist á sinn kostnað
að tilbúa nefnda rennu, og ef hann æskir þess að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæarsjóðurinn kosti plankana yfir hana

5/ Bréf fulltrúa J Þórðarsonar dags 15. Febr þ. á viðvíkjandi breitíngu á kosníngu bæarfulltrúa með fleiru í bæarreglugjörð 27 Nov. 1846, og bréf frá honum og herra J Péturssyni dags 26. Agust, sem af fulltrúunum var falið á hendur í samfélagi að semja álit um ~~þettað~~ þessar breitíngar, var afráðið að senda bæarfógeta ~~til~~ bæði bréfin og leita álits ~~hans~~ ~~[illegible]~~ ~~til~~ hans ~~[illegible]~~ og á meðan fresta umræðu þessa bréfsefnis.

6/ Bréf frá bæarfulltrúa J Þórðarsyni ~~[illegible]~~ dags 11. Agust, hvarí hann biður bæarfógetann um lausn frá starfa sínum sem fulltrúi tómthúsmanna. Eptir nokkra umræðu var afráðið að fresta þessu framað árslokum.

7/ Bréf frá Factor Levinsen dags 24. Juni, ~~med~~ hvarí hann biður um að aukaútsvar þeirra Hrr Henderson Anderson + Co. verði niðursett, þareð þeir ekki hafa rekið verzlun í sumar. Eptir kríngumstæðum þeim er fyrir liggja, var því afráðið að setja aukaútsvarið í 60rd ístað áður álagðra 85rd.

8/ Bréf frá kaupm E Wange d. 28. Agust, hvarí hann kærir að Guðbjörg Jónsdóttir í Arabæ, sem hann segir sitt hjú og skyrskotar til manntals prestsins, sé sett í 1rd aukaútsvar. Þessu var frestað þartil nánari upplýsingar eru fengnar.

9/ Framlögð og staðfest byggíngarnefndar-gjörð af 13. Agust viðvíkjandi, ~~[illegible]~~ lóðarparti er Madm Guðrún Jónsdóttir selur bænum til lagníngar hins nýa alfaravegar.

Fundi slitið.

A Thorsteinson H. Sivertsen H. Sigurðsson Jón Þórðarson

Ár 1868, föstudag þann 23. October, áttu fulltrúar-nir fund með sér, hvar þá var framlagt:

Bréf frá Bæarfógetanum, Cancelliráði A Thorstein-son ásamt reikníngi og ýmsum fylgiskjölum, dags. 20ta þ. m., viðvíkjandi Skólavörðunni, er hann á þessu sumri hefir látið byggja að nýu ~~úr steini~~ með múruðum steinveggjum, loptum, gluggum, grindverki,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

m: m:. Hilsta innihald bréfsins er: ad hann ~~[illegible]~~ árid 1866 hafi ásamt 3 ödrum mönnum gengist fyrir ad safna gjöfum til ad hlada upp Skólavördunna, er þá var gjörfallin, og hafi safnast 176rd 72ß, en ad hann á nefndu ári hafi kostad til hledslu hennar 226rd, hvarepter hún þá, ekki fullgjörd, aptur hrundi, — það sem á vantadi af þessu gjaldi hefdi hann sjálfur gefid. Þarnæst: ad þar hann álit ad tregt mundi gánga (ad á ný safna samskotum til ~~þessa~~ fyrirtækis, hefdi hann rádist í ~~fyrst um sinn~~) nú í sumar aptur ad byrja á þessu verki, og fyrst um sinn sjálfur ad greida allan kostnad, ad undanskildum gjöfum nokkrum er sídar skal gefid, og honum eru afhentar, í því trausti ad bæarbúar, ad verkinu afloknu, ekki mundu láta þann tilvantandi kostnad lenda á sér, heldur á einn edur annan veg hafa útvegu til ad honum verdi hann endurgoldinn. Kostnadur vid byggínguna er 1,064rd 48ß, hvarfrá takast ymsar gjafir ad upphæd 591rd 3ß (nl. frá Grossera M Melchior nú greiddir 200rd og von um vidbætir 150rd, frá ónefndum gefanda 180rd, frá bæarfógeta sjálfum 59rd 3ß og L Knudsen 2rd), og verdur þá þad er til vantar 473rd 45ß. Ad þessu tilgreindu, bidur hann bæarfulltrúana ~~[illegible]~~ taka ad sér vördina og umsjón hennar fyrir hönd bæarins, og afhenti formanni fulltrúanna, umleid og bréf þettad var ~~[illegible]~~ lýst þeim bæarbúum er voru tilstadar í vördunni þann 20ta þ m:, likil ad henni, og ánýjadi munlega hid fyrir greinda. Sama dag var af bæarfógeta og formanninum ~~ákvedid~~ ~~afrá~~ rádid ~~ad~~ í med þessari póstferd ad rita herra Melchior þakklætis bréf fyrir hina eindarlegu gjöf hans, og sem bréfabókin lýsir.

Eptir nokkra umrædu um þettad efni, urdum vér á því, ad sá eini vegur til ad geta fengid nokkud ~~[illegible]~~ til endurgjalds uppí tilvantandi kostnad, sé ad leita frivilugra samskota hjá bæarbúum og fjærver-andi mönnum, þar þettad verdur ad vera bæarsjódi ad öllu óvidkomandi, og voru Sivertsen og Tinsen kosnir til, ásamt þeim ~~mönnum~~ bæarbúum er þeir álita helst hæfiliga, ad gángast fyrir þessu, en adrar rádstafanir ad svo komnu eigi gjördar, ef vidvíki umgjörð m m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaðurinn greindi frá að til hins nýja alfaravegar væri nú búið að verja úm 870rd, og virðist því að hætta við starfa þennan, þareð hið áætlaða gjald að mestu er þrotið. Vegurinn er nú kominn frá Skólavörðu og niður að Litlu-Bergstöðum og er úm 250 faðma á lengd.

Var tekið til úmræðu, að fulltrúunum hefir borizt að búendur á Grímsstöðum og Görðunum að undanförnu hafi tekið upp mó í landi bæarins til sölu til utanbæarmanna, að rita bæarfógeta úm þettað, og byðja hann ~~uppáleggja~~ banna mönnum þessum að gjöra þettað framvegis. Líka að rita bæarfógeta úm að hann gangist eptir ~~af~~ hæfilegu gjaldi fyrir slægju þá er nokkrir menn hafa haft á útilandi bæarins. Fundi slitið.

HA Sivertsen, Jón Pjetursson, H. Jónsson, O Finsen
Jón Þórðarson

Ár 1868, laugardag þ: 5te Decbr áttu fulltrúarnir fund með sér, og var þá framlagt:

1) bréf frá bæarfógeta dags 24 Octobr, hvarmeð hann tilkynnir að Stiptamtið í bréfi af 22a s: m birti sér: að lögstjórnin, í bréfi af 15 Águst ~~(samkv: reglugjörð af 27~~ Nov 1846) samþykki erfðafestu leigumálann á nefndum túnpörtum:

Nr 1	Hlíðarhúsaparti No 2 (2)	fyrir 116 álnir	árgjöld
" 2	" No 3.	" 119 "	
" 3.	Ullarstofuparti	" 101 "	
" 4	Hólakots eða Biskupsstofutún	" 72 "	
" 5.	Melshúsa (Melkots) tún	" 104 "	
" 6.	Sefið í Tjarnarenda	" 25 "	

og að því leiti spursmál hafi verið ~~er~~ úm eignarrétt að pörtunum No 3-5, þá hafi hans hátign Konungurinn skipað, að krafa sú er ríkissjóðurinn ~~á til~~ kynni að geta ~~haft~~ gjört til eignar á þessum pörtum, burtfalli, og þeir þessvegna full eign Reykjavíkur kaupstaðar.

2) bréf frá bæarfógeta, dags 5 Novbr, ásamt gjörð byggingarnefndarinnar, viðvíkjandi úthlutun á lóð til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til Jörgens Þorgeirssonar fyrir tómhús er hann vill byggja í Skuggahverfi, sem fulltrúarnir samþykkja með vanalegu lóðargjaldi.

3) bréf bæarfógeta d. 12 Novbr, með hvörju hann sendir fulltrúunum 7 expl af tilskipun af 10 August. um spítalahlutina, ásamt ágripi af reikningi spítalasjóðanna fyrir árið 1867.

4) bréf frá bæarfógeta d. 1sta þ. m. og þarmeð 1) áætlun yfir útgjöld fátækrasjóðsins fyrir komandi ár 1869, að upphæð 1207 ríkisdali 48 skild.; 2) og áætlun yfir útgjöld barnaskólans næstk. ár, að upphæð 701 r., báðar upphæðir að frádregnum tilvonandi tekjum. Þessar áætlanir samþykkja fulltrúarnir.

Fulltrúi tómthúsmanna J Þórðarson bar fram að hann, einsog áður sagt í bréfi ~~hans~~ sínu til bæarfógeta í sumar, óski eptir að fulltrúarnir mæli með því að hann nú við árslokin fái lausn frá þessum starfa. Eptir nokkra umræðu kom hann sér saman við hina fulltrúana um: ekki að halda þessu fram, heldur að fresta því til ársloka 1869.

Þar O Finsen nú hefir lokið fjögra ára starfa sínum sem fulltrúi, og því er að kjósa nýjan fulltrúa í hans stað, varð kosinn til að ganga í kjörnefndina ásamt formanninum, J. Pétursson.

Reikningur yfir verkalaun við hinn nýja þjóðveg (Skólavörðuv.) frá Knudtzons verzlun, að upphæð 836 ríkisd 76 ß, var ávísaður. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, H. Jonasson, O Finsen

H. Stephensen Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1869, þriðjudag þ: 19da Janúar var fundur haldinn, og mættu þar fulltrúarnir frá fyrra ári, hvar þá framlagt bréf frá bæarfógeta dags 15da þ.m, hvarmeð hann tilkynnir að herra O Finsen, sem við árslokin hafði endað starfa sinn sem bæarfulltrúi, á kjörfundi þ: 6ta þ.m hafi verið endurkosinn til 6 ára, að hann taki á móti kosningunni og hann hafi öðlast samþykki Stiptamt-sins.

Þarnæst skoraði formaðurinn frá fyrra ári á fulltrúana að kjósa formann og varafor-mann fyrir hið nú nýbyrjaða ár, og hlaut H Sivertsen 5 atkvæði sem formaður og J Pjetursson 4 atkvæði sem varaformaður.

Framlagt bréf bæarfógeta dags 15da þ.m og þarmeð áætlun yfir tekjur og útgjöld bæar-ins á yfirstandandi ári, með áteiknun um samþykki Stiptamtsins dags 12ta þ.m.

Eptir bréfi bæarfógeta d. 29. Dec f.a. er safnaðarsjóðsgjald bæarins 56 ríkisdalir fyrir árið 1868, er gjaldkeri hefir greidt.

Þá var framlagt bréf frá Jóni Arnasyni í Stöðlakoti dags 18da þ.m, í hverju hann segir af sér starfa sínum sem fulltrúi í fátækranefnd-inni er hann hefir gegnt í síðastl: 6 ár. Eptir að fulltrúarnir munnlega hafa rætt þetta mál við J Arnason, lofar hann að halda þessum starfa til næstu ársloka, með því skilyrði að fulltrúi J Þórðarson gangi í fátækranefndina í stað Th Stephensen, og var þessi samningur gjörður milli J Þórðarsonar og Stephensen, fyrir nú yfirstandandi ár, til þess að geta haldið J Arnasyni í fátækranefndinni.

Framlagt bréf frá snikkara J Sveinssyni dags: í dag, hvarmeð hann kvartar yfir að um-bót sú er nýlega hefir verið gjörð við götuna, aust-anverðt við hús hans, haldi vatni að húsinu og beiðist þess að bæarstjórnin ráði bót á þessu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðvíkjandi umkvörtun og kröfu þessari, vilja fulltrúarnir kynna sér hlutaðeigandi ástæður áður en þeir svara þessu.

Viðvíkjandi umsjón með hinum ýmsu störfum bæarins, þá skiptist hún milli fulltrúanna á sama hátt og síðastliðið ár, og tilgreint er í fundargjörð þ. 6ta Februar 1868.

Á fundinum var árísað nokkrum reikningum.

Fundi slitið.

H. A. Siverts[en] Jón Pétursson. H. Guðmundsson H. Stephensen

Jón Þórðarson O Finsen

Ár 1869, jan 20. skrifað gjaldkera um að veita móttöku 2rd 24ß frá organista Guðjohnsen fyrir torf af Hlíðarhúsatúni, sjá brjefabók No 146 & 147.

H. A. Siverts[en]

Ár 1869, mánudag þ. 8. Februar, áttu fulltrúarnir fund með sér. ~~(voru)~~ ~~[illegible]~~

Var þá framlögð 1) gjörð byggingarnefndarinnar af 20ta fyrra m:, ásamt henni fylgjandi bréf bæarfógeta dags: s: d:, og ~~sölu~~ uppboðs-skilmálum við uppboðið á Hlíðarhúsatúninu í Decbr 1866, sökum þess að útvísun, sú er bréfið umræðir, á byggingar~~stæði~~ undir timburhús til herra J. Jónassen, er á Hlíðarhúsatúnpartinum No 1, sem Guðm Erlendsson hefir til leigu, og er í bréfinu skotið til álits fulltrúanna, hvörsu mikið lækka skuli eftirgjaldið af túnpartinum. Fulltrúarnir samþykkja þessa gjörð ~~[illegible]~~ byggingarnefndarinnar, og hvað snertir lækkun á eftirgjaldi G. Erlendssonar, að hún ~~verði~~ verði metin eptir 2 grein í uppboðsskilmálunum.

2) Bréf frá Sig Steingrímssyni, Seli, hvarmeð hann býður bæarstjórninni, að ~~til~~búa leggja og tilbúa það sem eptir er af veginum á Hlíðarhúsatúni framað Selsgarði, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er úm 60 faðma, (á lengd) fyrir 2 ríkisd 16 skild á hvörn faðm, og borgun að auk fyrir að sprengja grjót það sem liggur á vegarstefnunni. Þareð ekki var ráðgjört, (núiar) að framkvæma þettað verk, þegar áætlunin fyrir nú yfirstandandi ár var samin, og skinnútil vegabóta m m ákveðna fé, verður að verja til annara þarfa, géta fulltrúarnir, nú sem stendur, ekki gengið að þessu boði, jafnvel þótt þeim þyki það sanngjarnt, og því hefðu gengið að því, ef ekki hefði vantað fé.

Viðvíkjandi úmkvörtun E Waage útaf útsvari Guðbjargar Jónsdóttir, sjá fundarhald 8. Sept 1868, þá hafa nú fulltrúarnir fengið vissu fyrir að hún er hjá Waage, og ankautsvar hennar, tríkisd, verður þannig að burtfalla. Fundi slitið

H A Sivertsen, Jón Pjetursson, H Jonsson Jón Þórðarson
O Finsen.

Ar 1869, þriðsúdag þ. 30te Marts áttu fulltrúarnir fund með sér. hvar þá var framlagt bréf Cancelliráds A Thorsteinson dags: 25. fyrram: hvari hann svarar spurningu þeirri, er fulltrúarnir gjörðu í tilskrifi af 19. febr, sjá bréfabók Nr 169, viðvíkjandi eptirstandandi kostnaði af uppbyggingu Skólavörðunnar síðastl: sumar. Þareð samskotin, sem nefnd sú er gengist hefir fyrir að safna þeim, hefr fengið loforð um, einungis eru 19 ríkisdalir, er greiðast skulu á 3 árum, og þaraf líka þarf að taka til að fullgjöra vörðuna, ekki nema að nokkru leiti géta endurgoldið skuldina, þá álítum vér, ámeðan ekki meira getur kvittast af skuldinni, róttast að Skólavarðan að svo-kommnu sé bæarstjórninni óviðkomandi, og því beiðast þess að nefnd sú er gengist hefir fyrir samskotunum, vildi taka að sér ~~að~~ allar þær ráðstafanir er hana snerta. Fundi slitið.

H A Sivertsen, Jón Pjetursson, H Jonsson H Stephensen
Jón Þórðarson O Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1869, þridjudag þ. 6ta April mættu fulltrúarnir, eptir ádur tekuri ákvördun, til ad byrja nidurjöfnun á gjöldum bæarins á bæarbúa, og var bæargjald=kerin líka tilstadar, - þessum starfa var lokid þann 9da.

Þaređ ýmsir, bædi karlar og konur, á sídari árum hafa haft adsetur hér, međfram ánkeypis, og sum=part ekkert goldid til bæarsjóds, en þessir med þeggjandi dvöl hér, med tímanum gjörtu unidsér forsorgunarrétt, höfum vér álitid rettast ekki ad svokomnu ad leggja útsvar á þetta adkomufólk, heldur senda bæarfógeta skyrslu yfir hve margt af slíku fólki oss er kunugt ad nú dvelji hér, og láta í ljósi ad vér álítum rádligt annadhvort ad vísa því burt hedan nú strax í vor, edur fá fulla viður=kenningu frá sveitinni þeim er bér ad forsorga þad. Á fundinum var líka bæarfógetinn, og var þá ákvordid lódargjald á eptirfylg: tómhúslódum

No 118.	Árnaholtsholt Gálmir,		Símon Alexiusson
119.	"	7	Sigurdur Jonsson
120	"	9.	Jörgin Þorgrímsson
121	"	6.	Olafr Olafsson, dýravidr
			Skotfélagid
122.	fyrir vestantúin	6.	Þorst: Borgsson
123.	Ingolfsbr:	8.	Grímur Gudnason
	Hlídarhúsalód	8.	Fatækrasjódurin
		9. 8	Nikul: Jafetsson
	"	9	Jonas Jonassen, (sjá 19. Apr 70)

af þessum tómhúsum er en óbyggt No 119, 120 121, á Hlídarhúsalód, Grímurs og J Jonassens, en vér höfum álitid rett nú strax ad heimta lódar=gjaldid, og heldur aptur eptirgifa þad, ef bidendurnir nú í vor afsala sér þessa lódarbletti.

Framlagt bréf Stiftamtsins dags: 6ta þ. m. hvarmed þad samþykkir ad túnpartur og mýrin fyrir nedan Hlídarhúsavegin, samkv: mælingu og álitu byggingarnefndarinnar, sjá uppbod bjódist til 10 ára leigu, í tveimur pörtum, og á sama hátt og Hlídarhúsatúnpartur vol.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitid
A. Thorsteinsen H. Jónsson Jón Pétursson
H. Stephensen O. Finsen Jón Þórðarson O. P. Möller

Ár 1869, þridjudag þann 18. Mai, áttu fulltrúar-nir fund med sér, hvar á framlagt bréf bæar-fógeta dags: 8. þ. m., hvarmed hann kunngjörir ad Stiptamtid 29. f. m. hafi birt sér ad lögstjórnin hafi lagt samþykki á erfdafestuleigu á Hlídarhúsa tún-parti No 4. fyrir 43 álna árlegt gjald.

Var tekid til umrædu um vegabætur m. fl. og radid sem fyrst ad byrja á ad umbæta Skólavördustíginn frá Steinkudysi ad Bergstödum, líka, ef hæfilegt tilbod fengist, ad byrja á ad bera ofaní Kirkjugardsveginn.

Fundi slitid
A. Thorsteinsen H. Jónsson H. Stephensen Jón Þórdarson
O. Finsen

Ár 1869, þridjudag þann 8da Júní áttu fulltrúar-nir fund med sér, hvar á framlagt:

bréf bæarfógeta dags: 19da f. m., hvarmed hann sendir afskrift af útmælingargjörd byggingarnefnd: á husstædi í Hlídarhúsalód til Jóns Þórdarsonar dags: 18da s. m., er vér stadfestum á þann hátt er nefndin tiltekur.

Þarnæst var tekid til ad leggja gjöld á þá til bæarsjóds menn er í vor hafa tekid adsetur hér í bænum, sem og þá er af ýmsum ástædum ekki var gjört auka-útsvar á nidurjöfnudarfundi 8. 9. April. Gjöld þessi eru fyrir tímabilid frá 1sta Januar 14da Mai og til árslóka, og eru:

Gudni Loptson fyrir 1/4 ár	4 rikisd: 1.	48 skild.
Johana Zoëga "	2.	"
Jonas Jonsson, Seli " "	1.	"
Marta Marteinsdotter "	3.	"
Pétur Ingimundsson "	1.	"
Ragnhildur Gunnarsdotter "	2.	48
Steffán Olafsson fyrir " Steinsholti	1.	
Rannveig Mathiasdotter, fyrir 1/2 ár		

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Solveig ~~Snorradottir~~ Snorradottir fyrir 1/1 ár 1 ríkisd.

~~Jón Jónsson frá Klofa~~

Ágúst Olavsen, hjá Fischer,	1/2 ár	1/2	48.
Sigurdr Jonsson var í Grjóta / Bened: Smith, assistent	1/2 ár	2	48.
Bjarni Björnsson	1/2 ár	2	48
Pétur Kristjánsson	1/2 ár	3	–
Ana Jónsdóttir Sandagerdi	1/2 ár	1	–
Elín Sigurdardóttir frá Myrarhús	1/2 ár	1	
Fridsemd Magnúsdóttir	1/2 ár	1	–
Gudrún Högnadóttir	1/2 ár	1	–
Páll Eyolfsson frá Fossá	1/2 ár	2	48.
Solveig Einarsdóttir Lækjarkoti	1/2	1	–
Gudrún Helgadóttir	1/2 ár	1	–
Magnús Olafsson, sem hjá J Sveinssyni	1/2 ár,	2	–
Gudm: Eyolfr Hallgrímsson, snikkari,	1/2 ár	2	–
~~Fridrik Gíslason, assistent,~~	~~1/2 ár~~		

Þareð fulltrúunum ekki var kunnugt ad hvörin leiti Hendersons og Jacobsens verzlunum mundi verda framhaldið, var á adalniðurjöfnunarfundi frestad ad gjöra þeim aukaútsvar. Eptir nú verandi kringum-stædum álítum vér hæfilegt ad Henderson & Anderssons verzlun borgi 10 ríkisdali í aukaútsvar, og so Jacobsens verzlun, hvar dagliga er verzlað, og eptir sídustu fregnum frá útlöndum, ad líkindum verdur framhald á verzlun, borgi 25 [30.50] ríkisdali í aukaútsvar.

Var ráðið ad rífa upp rennuna við hús gestgjafa Jörgensens, og búa til steinkistu, til þarmed ad leitast við ad eyda vatnsrensli því er vanalega er frá póstinum, og sem olli svomiklum óþverra, helst á sumrum þegar edjan ~~sk~~fnast í rennunni, og þartil ad verja c.a 20 ríkisd:

Fundi slitið

H A Sivertsen, Jón Pjetursson, H Jónsson, J Finsen

Jón Þórðarson

Ár 1869, mánudag þ: 19. Júlí áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar þá formaðurinn skýrði frá að hann við uppboð hefði keypt 10, 12 faðma af grjóti ~~á hinni [illegible]~~ því er L Jacobsen hafði

láta aka ofaní bæ á síðustu vetrum, af hvorju C. 1 faðmur af höggnum steinum, samtals fyrir 36. 38 rd., er með tímanum brúka skal til slíkra umbóta ~~þrobein~~ á strætum og stéttum er útheimtast úr grjóti.

Var framlagt bréf frá skólakennara J. Þorkelssyni hvarmeð hann beiðist að verði betur uppfyllt gatan fram með húsi hans á lækjartorgi, og þvirrennan þar dýpkuð, þá erum vér fúsir áð láta aka fyllingu á götuna nú í sumar, en hvað hreinsun snertir á rennunni, þá álítum vér, að þar hún er afhlaup frá húsi hans, að honum sjálfum standi næst að annast hana.

Formaðurinn greindi frá að Skólavörðuvegurinn væri nú algjörður niður að Bakarastíg, og þaraf leiðandi kostnaður mundi verða um 3(6)0 (360) 3(7)0 rd. Þar nú þaraðauki er verið að umbæta kirkjugarðsveginn, sem mun kosta um 70 rd., og líka er ráðgjört að umbæta bakarastíg, ~~sem~~ álítum vér sem stendur ekki ráðlegt að framhalda vegalagningu fyrir innan Steinkudys, en heldur um sinn að fresta ráðstöfun í þessu tilliti.

Var ráðið að skrifa bæarfógeta, og tjá honum að þar heimting á spítala hlutum eptir tilskipun af 10 ágúst 1868, er svo margbrotin, að vér ekki treystum oss til að annast þau störf er nefnd lagaboð leggur oss á herðar, og því biðja hann ~~bera~~ leita ~~undir~~ ~~samþykki~~ ~~álit~~ tilhlutunar Stiftamtsins að vér mættum vera lausir við þessi störf, sem vér ~~ekki~~ álítum fullkomið ætlunarverk fyrir einn eða tvo menn er ekki eru öðrum störfum háðir. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, O Finsen, H Sigurðsson

Ár 1869, föstudaginn 3ja Novbr áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar þá framlögð:

1) bréf frá bæarfógeta dags. 8da f.m.; hvarí hann tilkynnir svar Stiptamtsins útaf beiðni fulltrúanna um að mega vera lausir við störf þau er tilskipun af 10 ágúst 1868 um spítalahlutina, uppá-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-leggur þeim. Þar ekki allir fulltrúarnir komu til fundar, var þessu máli að svokomnu frestað.

2) Bréf frá bæarfógeta af 12. f.m., hvarmeð hann sendir gjörða byggíngarnefndarinnar af 9da s. m., er úthlutar Lýði Erlendssyni lóðarspildu norðan-vert við lóð hans, og útvísar Gísla Björnssyni Bakka hjallstæði á lóð föður hans, sem full-trúarnir samþykkja.

Var ráðið, ef veður leyfir, nú strax í haust að setja hinn nýja járnpóst, sem kom nú með síðustu póstferð og kostar um 70 rikisd:, í vatns-bólið við Bakarastig, og ef hið gamla posttré reynist brúkanlegt, þá að setja það í vatnsbólið á Lækjartorgi; líka voru teknar ráðstafanir viðvíkjandi snjómokstri á strætum, lækunum um á nú byrjuðum vetri. Fundi slitið

H. A. Sivertsen Hjörnner O. Finsen Jón Þórðarson

Ár 1869, mánudag þ. 15da Novbr áttu fulltrúarnir fund með sér, og var þá ráðið að fá areiðanlegan mann til að semja töflur yfir skip og báta bæarins, fyrir hönd og ábyrgð fulltrúanna, til þará síðar að færa upphæð af afla þeirra er gjalda skal af til spítalanna, og semja við hann um hæfilegt endurgjald fyrir þenna starfa. Var framlagt bréf af 8da þ. m. frá syslum: Clausen, hvari hann biðist að bæar-stjórnin láti moka snjó af Lækjargötu; þessari beiðni geta fulltrúarnir ekki fullnægt, því-vrði hún tekin til greina, vildu slíkar kröfur gjörast um snjómokstur á öllum strætum bæarins.

2) Tvö bréf frá nefnd þeirri er hefir gengizt fyrir að safna gjöfum uppí byggíngarkostnaðinn á Skólavörðunni, hið fyrra dags. 28da f.m., hvari nefndin skorast undan að takast á hendur sérstaklega umsjón við endurbætur, ráðstöfun m. m. er varðan úthlutar framvegis, er bæarfulltrúarnir í bréf af 31. Marts höfðu beðið þá um, – hið síðara dags: 3ja þ.m.: hvari nefndin skýrir frá að gjafir þær er hún hefir fengið loforð fyrir, sem svo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litlar ad þær ekki geta losad skuld vördunar, og því sidur líka til endurbótar þeirrar er vardan naudsynlega þarfnast, þá álítr hún hin helsta veg til ad geta komid þessu máli til einhvörrar lykta, ad bydja bæarfógeta stofna til borgarafundar, og þar leggja fyrir gjaldendur hvört þeir, eptir ad málid er skýrt þeim, vilji láta taka fé til endurbótarinnar edur greidslu á skuldinni úr bæarsjódi, m: m: þessu máli vidkomandi. Eptir nokkra umrædu, var vidtekid ad rita bæarfógeta, og skora á han, ad han sem fyrst hentugleikar leyfa, vildi boda til borgarafundar, hvar þetta mál þá leggist undir umrædu og atkvædi bæarbúa. 3/ Bréf bæarfógeta dags. 13. þ. m: hvarmed han sendir afskrift af gjörd byggingarnefndarinnar sama dag, er hún avísar Joni Olafssyni hússtædi á Hlidarhúsalód, og líka ákvördun hennar um tilætladan veg edur götu á sömu lód, frá sudri ~~til~~ nordur að sjó. Utmælinguna til J. Olafssonar samþykkjum vér, sem og líka ad 30 álna breidt svædi, á þeim af nefndinni tilteknu stad, verdi undanþegid vid útmælingar til byggingar, og ætlad til ~~med~~ á komandi tíma til þar ad leggja veg nordur ad sjó. 4/ Bréf frá Rannveigu Johannsdottur dags. 13. þ. m. med hvörju hún bidur um ad fá annan bæarvagninn lánadan, kauplaust, til ad flytja grjót til fyrirætladrar húsbyggingar, og var formanninum og H. Jonssyni gefin ótakmörkud heimild í tilliti til þessarar beidni. Fundi slitid.

H. A. Sivertsen Jón Pjetursson H. Stephensen Jón Þórdarson
O. Finsen

Ar 1869 mánudag þ. 13. Decbr, áttu fulltrúarnir fund med sér, 1) hvar þá var tekid til ad kjósa ~~til~~ einn af fulltrúunum til, ásamt formanninum, ad ganga í kjörnefnd þá er stofna skal í tilefni af ad, H. Jonsson nú hefir lokid 6 ára starfa sínum sem bæarfulltrúi, og því til komandi árs skal kjósa nýjan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúa; – og hlaut J. Pétursson hin flestu atkvædi;
(2) framlagt bréf bæarfógeta af 11ta þ. m., hvarmed han tilkynnir svar stiptamtsins uppá beidni bæarfull=trúana, af 16da f. m., um ad spursmálid um kostnad af byggingu skólavörðunnar, verdi lagt fyrir borg=arafund, ~~og til~~ sem það sampykkir, og um=leid tilkynnir han ad han hafi ákvedid nefnda borgarafund til hins 22ars þ. m. Enfremur er i nefndu bréfi tiltekid, ad þar han, nl. bæarfógetin, sökum personulegrar stödu sinnar i þessu máli, óski eptir ekki sjálfur ad stjórna fundinum, ad bæarstjórnini sé falid ad kjósa man til ~~ad stjórna fundi þessum~~ þessa starfa, og var til þessa kosin: herra etatsráð Th. Jonassen.

3) Var rádid ad láta bera sand á strætin þau er er bæarsjódurin ~~[illegible]~~ kostar snjómokstur á, og umleid bydja fógeta ad han mælist til vid alla bæarbúa ad þeir líka láti gjöra þetta á strætum þeim er liggja ad lód þeirra, þegar þetta útheimtist sökum ófæda og hálku. Fundi slitid.

H. A. Sivertsen   S. Jonasson   Stephensen   O. Finsen
Jón Þórdarson

Ar 1870, fimtudag þ. 18. Januar, var fundur haldin, og mættu fulltrúarnir frá fyrra ári, ad H. Jonssyni undanteknum, þar han gikk úr bæarstjórnini vid árslókin. Í stad hans mætti Hr. yfirprentari E. Þórdarson, sem, samkv. bréfi bæarfógeta af 17da þ. m., á kosningarfundi þ. 8da þ. m., var kosin til bæar=fulltrúa á hinu ~~[illegible]~~ komandi 6 ár, og kosning þessi hafdi ódlast sampykki Stiptamtsins. Hid áminsta bréf tilgreinir líka ad kaupmadur H. Th. A. Thomsen hafi verid kosin til endurskodara á reik=ningum bæarsjóds.

Formadurin frá f. ári, er bodad hafdi þenna fund, skoradi þar=næst á fulltrúana ad þeir vildu kjósa for=man og varaforman fyrir hid nybyrjada ár,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hlaut H. Sivertsen 5 atkvædi sem formadur, og J Pjetursson 4 atkvædi sem varaformadur.

Var framlagt bréf frá kaupm J Heilmann dags 4da þ.m: hvarmed hann beidist lausnar frá starfa sínum sem gjaldkeri fátækranefndarinnar, er hann hefir haft á hendi hin sídustu tvö ár, og bréf frá J Arnasyni d. 19da þ.m:, hvari hann bidur um lausn sem fátækrafulltrúi, samkv: þarum gjörda samningi á fyrsta fundi fyrra ár. Vidvíkjandi beidni J Heilmanns þá samþykkja fulltrúarnir ~~beidni~~ hans, og kjósa í hans stad, til ad gánga í fátækranefndina: yfir=prentari E Þórdarson. Eptir beidni full=trúanna lofar J Arnason ad halda starfa þessum nú yfirstandandi ár, med því skilyrdi ad J Þórdarson líka verdi í fátækranefndinni, ~~[illegible]~~ og gekst hann undir þad, og því á þessu ekki breyt=ing.

Til ad gánga í byggingarnefndina í stad H. Jónssonar, var kosin O Finsen med öllum atkvædum.

Framlögd áætlun yfir tekjur og útgjöld bæjarins fyrir árid 1870.

Gjörd byggingarnefndarinnar af 24da Decbr 1869, hvarmed hún útvísar Sigfúsi Gudnasyni hússtædi á Hlídarhúsalód, er fulltrúarnir samþykkja.

Vidvíkjandi hinni vanalegu umsjón med hinum ýmsu bæarstörfum, þá skiptist henni þannig: J Pjetursson tekur þann hluta bæar=ins til umsjónar er H Jónsson hafdi, sjá fundar=gjörd 6. Febr 1868, og E Þórdarson adalstræti, en ad ödru leyti eins og ádur ákvedid. Fundi slitid.

H. Sivertsen Jón Pjetursson, Stephensen E Þórdarson

Jón Þórdarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1870, þriðjudag 19da April mættu fulltrúarnir eptir aðurteknri ákvörðun, til að byrja niðurjöfnun á gjöldum bæarins á bæarbúa, og var þessum starfa lokið þann 22r.

Á fundinum var, eptir samkomulagi við bæarfógeta ákveðin eptirfylgjandi lóðargjöld á þeim á síðastl: ári (eður frá april mi í fyrra) útvísuðu tómhús og byggingarstaðum:

á Hlíðarhúsalóð
Sigurður Þórðarson 8 álnir
Guðm: Erlendsson, fyrir lóðarviðbót 8 áln:
Jón Olafsson 11 áln
Jón Þórðarson 11 áln
Magnús Arason 12 álnir
Vigfús Guðnason 11 áln
Einar Einarsson skóari 11 áln
en fremur er þess að geta að lóð sú er J Jónassen í fyrra fékk útvísaða, og þá metin 9 álnir, er 13 álnir, og þessu nú breytt.

á Arnarholsholti
undir No 124. Rannveig Johannesdóttir 11 álnir.

Framlagt bref frá bæarfógeta, dags 31/3 hvarmeð hann sendir "útvísingar gjörð byggingarnefndarinnar" á lóðarstykki ámilli Thomsens túns og Móhúsa, til E Zoëga, og 2) á lóðarstykki ámilli Móhúsa og Tjarnarendans, til G Lambertsen; viðvíkjandi beiðni E Zoëga, þá álítum vér, ef hann vill greiða 45 álnir í árlegt afgjald, þá að leigja honum svæði þetta, eður líka til erfðafestu, en að öðru leyti, þá að setja lóðarstykki þetta til uppboðs, og þá eptir, boði því er gjörast kann, þá að taka nánari ákvörðun. Þar Lambertsen hefir lóð á báða vegu að því umræddu lóðarstykki, og þarmeð byggingarnefndin mælir með að það fylgi Tjarnarendanum, viljum vér verða við beiðni hans, ef hann, eptir að lóðarstykkið er uppmælt, vill greiða viðunanlegt eptirgjald; líka er þess að gjeta ef þessi lóðarstykki leigjast eður verða látin til erfðafestu, að af þeim megi aptur taka til byggingar, vega eður annars er síðar mætti þurfa þurfast.
Var ákveðið við fyrstu hentugleika

að komast að fastri niðurstöðu á hvernig haga skuli gjörð á þjóðveginum, umbót á Skólavörðunni ásamt fl. Fundi slitið

H A Sivertsen, Jón Pjetursson, ? Finsen ~~Th Stephensen~~

Einar Þórðarson Jón Þórðarson

Ár 1870, fimtudag þ: 30 Júní, áttu fulltrúarnir fund með sér, að fráföldum Th Stephensen, sem er farinn í kaupferð, og var þá fyrirtekin auka=niðurjöfnun á bæargjöldum á þá menn er nýkomnir eru til bæarins, sem og líka á einstaka, er af ýmsum ástæðum var sleppt við aðalniðurjöfnuð þ 19, 22. april, og eru þessir:

Asbjörn Sæmundsson, Melbýli, fyrir ½ ár,		2 r	48 ß
Árni Guðmundsson, assistent	" "	2 r	48 "
Ástríður Þorkelsdóttir	" "	1 -	"
Björn í Eyvórsbæ	" "	3 -	"
Guðm: Bergþórsson, Litlaseli	" "	2.	48 "
Guðbr: Guðbrandsson, myndasm: fyrir ½ ár,		3 -	"
Guðm: Guðmundsson [illegible] á Grímsstöðum, fyrir ½ ár		5 -	
" " úr Grafningi	" ½	2.	48 "
" " Þórðarbæ	"	2	48
Guðrún Halldórsdóttir, Sandagerði	" "	1 -	"
" Grímsdóttir, madame	" "	2.	48.
Guðríður Magnúsdóttir	" "	1 -	"
Hinrik Gíslason, Granúborg	" "	1.	48.
~~Herdís Magnúsdóttir, Sandagerði~~		"	"
Jacobsen assistent		2	48
Jakob Jónsson Mosarbotni / Jón Björnsson, Sandagerði fyrir ½ ár		2 / 4 -	48 / "
Karitas Guðlaugsdóttir	"	1 -	
Marta Marteinsdóttir	" "	1 -	"
Rannveig Magnúsdóttir		1 -	
Þórður Jónsson, Hinriksbæ	" "	4 -	
Siemsen, F, assistent	- ½ "	2.	48.
Þorvaldur Klængsson	" "	2	48.
Sæfinnur Magnússon	½ ár	4 -	"
Sólveig Snorradóttir	½ "	1 -	

Þar fulltrúarnir eigi voru ásáttir, um hvert gjöra skuli póststjórninni útsvar, var ráðið að skrifa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæarfógeta, og byðja hann skjóta þessu málefni til úrskurðar Stiftamtsins. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen E. Þórðarson. O. Finsen Jón Þórðarson

Ár 1870, mánudag 29. ~~júlí~~ ágúst, áttu fulltrúarnir fund með, og hvar allir mættu nema Th. Stephensen.

Var framlagt bréf frá bæarfógeta af 2. júlí, hvari hann tilkynnir: að í stað Jóns sál: Jónssonar timburmanns, sé aptur kosin í byggingarnefndina snikkari Helgi Jónsson.

Ávísað reikningi Sverrir Runólfssonar að upphæð 250 ríkisd: uppí vinnu hans við þjóðveginn á Öskjuhlíð, og málsfærslulaunum til J. Guðmundssonar fyrir sókn á máli bæarins gegn prestinum á Helgafelli við yfirréttinn, að upphæð 28r. 4ß.

Framlagt bréf bæarfógeta af 24. þ. m, hvari hann ræður frá að leggja aukaútsvar á póstsjórnina, og eptir nokkra umræðu ráðið, ekki að halda þessu lengra fram, að undanskildum J. Þórðarsyni er ekki gaf atkvæði.

Þarnæst framlagt bréf bæarfógeta af 30. f. m.; hvarmeð hann tilkynnir að Stiftamtið þ. 19da s: m hafi í bréfi ~~til~~ sín uppálagt fulltrúunum að skapa þeim af bæarbúum, er á framtalsþingi þ. 14da maí, ekki töldu fram aflaupphæð sína á undanfarni vor ~~/~~ sumar og haustvertíð, hlutarupphæð á þessum vertíðum. Eptir nokkra umræðu kom umst vér, að undanskildum J. Þórðarsyni, er engan þátt ~~tekk~~ ~~tekið~~ tekið taka í þessu, að þeirri niðurstöðu, að: þótt vér að öllu leiti ókunnugir aflaupphæðar hinna ýmsu fiskimanna hér í umdæmi bæarins, samt ~~eptir~~ eptir beztu vitund að skapa þær aflaupphæðir er til vanta í framtalsskránni af 14 maí og jafnframt að sjá bæarfógeta að vér sjálfir ~~(að vér sjálfir verðum)~~ að álíta þetta verðum verk vort sem ófullkomið, og var þarnæst tekið til þessa starfa, er lokið var á fundinum. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen Jón Pjetursson O. Finsen Einar Þórðarson

Jón Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

175

Ár 1870, mánudag þ. 19. septbr, áttum vér undirskrifadir fund með oss, hvar þá tekið til umræðu bréf frá 57 húseigendum og húsmönnum til vor, hvarmeð þeir lýsa óánægju sinni yfir að vér höfum skapað fiskimönnum hér í bænum aflaupphæð á vor og haustvertíð síðastl: ár, og skora á oss að segja af oss fulltrúastarfa vorum. Eptir umræðu um málefni þetta komumst vér að þeirri niðurstöðu að rita bæarfógeta, og bjóða hann bera fyrir Stiftamtið beiðni vora um að fríast fyrir starfa vorum sem bæarfulltrúar, með ástæðum þeim er bréfabókin undir No 161 sýnir. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen, Jón Pétursson, O Finsen, Einar Þórðarson;

Ár 1870, þriðjudag þ. 27da september áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar þá framlögð útttektargjörð á hinum nýlagða vegi á Öskjuhlíð, er Helgi Jónsson, fyrir hönd bæarins, og Sig. Guðmundsson fyrir hönd Sverris Runolfssonar, hafa fram komið þann 23ja þ. m:, eptir hverri ber að greiða Sverrir Runolfssyni 2 rd 32 sk af þeim umsömdu 2 rd 64 fyrir hvern faðm vegarins; lengd vegarins er 211 faðmar, og upphæðin í dag ávísað með 492 rdl: 32 skild:

Þarnæst framlagt bréf bæarfógeta dags. 23 þ. m. hvarmeð hann tilkynnir svar Stiftamtsins dags. 21 þ. m. uppá beiðni vora af 19da þ. m. um lausn frá starfa vorum sem bæarfulltrúar, ásamt svari til fulltrúa J. Þórðarsonar er áður hefir komið fram með sömu beiðni, þannig hljóðandi: að J. Þórðarsyni muni veitast lausn, ef hann útvegar læknis vitnisburð um lasleika sinn, en að það ekki finni nægar ástæður til að taka beiðni (vora gjöra) til greina, og vér því verðum að halda þessum starfa, sem áður ákveðna tíma. Eptir nokkra umræðu var viðtekið að svo komnu að álíta þessu máli lokið, og umleið að svara þeim 57 áskorendum á þá leið að vér sendum þeim afskrift af bréfi voru, hvarmeð vér bjóðum um lausn, ásamt svari Stiftamtsins. Fundi slitið

H. A. Sivertsen Jón Pétursson, Einar Þórðarson, O Finsen Jon Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1870 midvikudag þ. 21ta december, áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar allir mættu, nema J Pjetursson, og var þá framlagt: 1) bréf bæarfógeta dags: 8da þ.m: hvarmeð hann sendir fulltrúunum áætlun fátækrastjórnarinnar fyrir árið 1871, og 2) ennfremur bréf hans af 9da þ.m. með því fylgjandi áætlun barnaskolanefndarinnar fyrir næstk: ár. Áætlun fátæktranefndarinnar er að upphæð 2525 ríkisd: 48 ß, og barnaskólanefnd: 676 ríkisd:; hvað hina fyrri snertir, þá er upphæðin að vísu mjög há, og c. 1000 rdl. hærri en fyrra árs, en vér verðum að álíta fátækranefndina þessu bezt kunna, og því ekki mótmæla henni, - um hina síðari er ekkert (að) til athugasemdar. 3) Bréf frá fulltrúa J Þórdarsyni dags: 26. novbr, hvari hann tilkynnir að hann, ásamt fulltrúastarfanum, segi sig úr fátækranefndinni nú við árslokin. 4) Voru kosnir til að gánga í kjörnefndina til undirbúnings m: m: til kosningar á hinum nýju bæarfulltrúum, í stað Th Stephensen og J Þórdarsonar, er nú við árslokin hafa endað fulltrúastarfa sinn; Þorv: Stephensen til kosningar á borgarafulltrúa, og J Þórdarson til kosningar á tómthúsmanna fulltrúa. Fundi slitið.

H A Sivertsen Th Stephensen O Finsen E Þórdarson
Jón Þórðarson

Ár 1871, mánudag þ. 16da janúar höfðum vér, nú sem stendur einu fjórir fulltrúarnir, fund með oss, hvar þá framlagt: 1) bréf bæarfógeta af 10da þ m:, hvarmeð hann sendir áætlunina fyrir yfirstandandi ár, samþykkta af Stiftamtinu þ. 7da þ.m: og: 2) bréf bæarfógeta af 12ta þ: m: hvarmeð: bréf frá 23 kjósendum úr borgara og húseiganda, og annað frá 35 úr flokki tómthúsmanna, er fram voru lögð fyrir Kjörstjórnina á kosningarfundi þ. 7da þ. m:, og er helsta innihald þeirra (þeirra) áskorun, yfirlýsing á traustsskorti

þessara manna til vor, m: fl, og þaraf leidandi yfir-
lýsingu: "ad þeir ekki vilji kjósa fulltrúa þá er
kjósa átti úr badum flokkum, medan vér erum
í bæarstjórninni". Eptir ad vér höfum rætt um inn-
hald bréfa þessara, sem vér, hvad álas það er þau
bera á oss, vidvíkur, verdum ad álíta ástædulaus, og
jafnvel illgjörn, komumst vér ad þeirri nidurstödu,
ad vér viljum ánýja beidni vora frá í sumar (29
septbr) til Stiftamtsins um ad það nú þegar veiti
oss lausn frá fulltrúastörfunum, þar oss finst
lítil unun ~~af~~ ad eiga í þessu stríði vid medborg-
ara vora, og ekki framvegis viljum optar eiga undir ad
verda fyrir slíkum æsingaárásum, ~~og vér~~ en
þar ordatiltæki og sakargiftir, sérílagi í bréfi borg-
ara og húseigendanna, finast oss jafnvel meidandi,
höfum vér rádid, ad beidast oss veitta gefins máls-
sókn af Stiftamtinu til þess ad verja oss á ásökunum þessum, med (og lesir bréfabókin þeim þar-
fyrir töldu ástædum (sjá no. 163). Ennfremur var
framlagt: 3 bréf frá 4 húseigendum er höfdu undir-
skrifad hid umrædda bréf frá borgurum og húseig-
endum, hvari þeir aptur kalla hid þari framsagda
og bydja nöfn sín útstrikud, og eptir bréfi bæarfógét-
ans er fylgdi öllum þessum bréfum, hefir T. Finn-
bogason, er líka hafdi undirskrifad, bedist hins sama.
Fundi slitid.

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, Einar Þórdarson, O. Finsen

Ár 1871 midvikudag þ. 1ste febrúar var
fundur haldin, hvar hinir eldri fulltrúar
mættu, ad undanteknum Th. Stephensen, er vid árs-
lokin hafdi endad sex ára starfatíma, og Jóni
Þórdarsyni, sem vid amtsúrskurd, líka fékk lausn
vid árslokin. Í stad Th. Stephensens, mætti hra
cand: theol: Oddur V. Gíslason, sem, samkvæmt
bréfi frá bæarfógeta af 21 f.m., á kosningarfundi
þ. 7da janúar, var, kosin til bæarfulltrúa fyrir hin
komandi sex ár, og hefir kosning þessi, sem og
líka kosning consul E. Siemsens, til endurskodara

Hafnarsjóðsreikningana, hlotið samþykki Stipt-amtsins. Formaðurinn frá 7. ári, er boðað hafði þenna fund, bar þarnæst undir álit fulltrúanna, hvort nú nú, þar en engin fulltrúi er úr flokki tómhúsmanna, skylduin kjósa formann og varaformann, og var, eptir nokkra umræðu, ráðið að gánga til kosningar; ~~(áður en það J Pjetursson, sökum forfalla, ekki hafi mætt, og nú því einungis 4 voru)~~ framfór því kosning þannig: H Sivertsen sem formaður með 3, og J. Pjetursson sem varaformaður líka með 3 atkvæðum.

þarnæst framfóru eptirfylgjandi kosningar 1) í fátækranefndina, í stað J Arnasonar og J Þórðarsonar, er nú við árslokin gengu úr nefnd þessari, voru kosnir: skólakénnari Halldór K Friðriksson og Bjarni Oddsson í Garðhúsum 2) í byggingarnefndina, í stað J Þórðarsonar: O W Gíslason og 3) var hann líka kosinn í Hafnarnefndina, í stað Th Stephensen, og 4) til að gánga í kjörstjórn þá er halda skal þ. m. til kosningar á fulltrúa úr flokki tómhúsmanna, var kosinn, ásamt formanninum, J Pjetursson. 5) í stjórn sjóðs fiskimanna í Kjalarnesþingi; var til bráðabyrgðar, O Finsen. Að þessu afloknu, var með bæarfógetanum, herra cancellíráði A Thorsteinsson, sem var kominn á fundinn, gengið til kosningar á bæargjaldkera, í stað kaupm. O P Möller er nú hefir lokið þriggja ára starfa sínum og hlaut factor Jón Steffensen öll 6 atkvæði.

Aætlun yfir tekjur og útgjöld bæarins fyrir 1871, staðfest af Stiptamtinu þ. 7da f. m, var framlögð, — upphæð allra útgjalda er 5302 ríkisd. 16 sk.; hvar frá dragast ýmsar tekjur að upphæð 417 ríkisd 40 s.

Umsjón með snjómokstur m. m. í febrúar m: tekst E. Þórðarson á hendur. Fundi slitið

A Thorsteinson H. Sivertsen Jón Pjetursson Oddur V Gíslason Einar Þórðarson

O Finsen

Ár 1871 fimtudag þ. 9. februar, áttu fulltrúarnir fund með sér, að undanteknum Ó. Gíslasyni, sem ekki er heima, hvar þá framlagðist:

1/ bréf frá fógeta af 30. f.m. innihaldandi svar Stiptamtsins af 27 s. m: uppá beiðni vora af 17da s. m: um lausn frá fulltrúastarfa vorum, sem og líka um gefins málssókn mót ámælendum vorum, er það svarar á þá leið: að hina umbeðnu lausn sjái það sér ekki fært að veita, en hvað hiðsíðara snertir, þá muni það veitast, þegar málið hefir verið lagt fyrir sáttir. Eptir nokkra umræðu var ráðið að byrja mál þetta með kjörnu til sáttanefndarinnar, 2/ bréf frá bæarfógeta af 3. þ.m. hvarmeð hann tilkynnir að kaupmaður A. Thomsen sé af hafnarnefndinni kosinn til gjaldkera 3/ og bréf frá bæarfógeta af s. d: hvari hann tilkynnir svar Stiptamtsins af 1sta þ.m uppá beiðni fulltrúanna um lánið til Skólavörðunnar; svar þetta heimilar að þeir 200 ríkisdalir er teknir voru til bráðabyrgðar úr bæarsjóði, megi tilfærast til útgjalda í reikningi gjaldkerans fyrir árið 1870.

Þarnæst var framlagt bréf frá skólakennara H. K. Friðrikssyni, af 6ta þ.m. hvari hann, sökum anna þeirra er embætti hans hefir í för með sér, sem og af ýmsum öðrum ástæðum, er að mestu eru í sömu stefnu og mótmæli hans og annara bæarbúa og tómthúsmanna í bréfunum til kjörfundarins, biður um að vér fríum hann fyrir að ganga í ~~Kosning~~ fátækranefndina, og ef vér ekki viljum þetta, þá að senda Stiptamtinu beiðnina. Eptir umræðu og yfirvegun, komumst vér að þeirri niðurstöðu: að oss ekki getur fundist nein ástæða til að verða við beiðni hans, þar embættisstaða hans ekki nú, fremur en fyrri, getur gjört hann að undanþágu frá slíkum skylduverkum, og hann þartil aldrei hefir verið í bæarstjórninni, og þetta eina atriði af ástæðum hans, sem helst skyldi taka til greina, þannig burtfellur, og því ráðið ásamt því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad vir sendum Stiftamtinu brjef þetta, líka ad skýra því frá ástædum þeim er vir álítum mótmæli bid=
=inni. Fundi slitid.

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, O Finsen Einar Þórdarson

Ár 1871, þridjudag þ: 21. marts áttu fulltrúarnir fund med sjer, hvar allir mættu

Voru þá framlagt. 1) brjef frá bæarfógeta dags 13da þ m: ~~hvar er nú er tilstadar á~~ hvarmed hann tilkynnir ad Jón Árason á Skalholtskoti, ~~er nú er tilstaaar á fundarnum~~ hafi tekid ámóti kosningu þeirri til bæarfulltrúa, í stad J Þordarsonar, fyrir eitt ár, er hann hlaut á kjörfundi þ. 28da f m:, og samþykt af Stiftamt: ~~þ. 20da þ m~~ 2) brjef bæarfógeta dags: s: d: hvarí auglýst svar Stift=
=amtsins uppá beidni fátækranefndarinnar um ad mega uppsegja, og sídar verja til líkningar á skuldum sjódsins, 400 rikisd: af innstædufje hans, med skilyrdum er brjefid nánar lýsir. 3) Brjef bæarfógeta d: 25. f m (framlagt á fundi hjá honum sjálfum 8da þ m) er tilkynnir svar Stiftamtsins uppá beidni adjunkts H K Fridrikssonar um lausn frá starfskalli í fátækranefndina, er þad neitar.
4) Brjef frá fátækranefndinni af 6ta þ m, hvarí umgetid ad skuld nefndarinnar, sem vid árslokin var rád=
=gjörd um 900r, eptir uppgjörd á reikningnum sje 847r 30 ß.

Eptir ad bæargjaldkerinn, J Steffensen, var kominn á fundinn, og rádid var ad byrja á nidurjöfnun á bæargjöldunum fyrir yfirstandandi ár, var brjef fátækranefndarinnar tekid til umrædu, og þar bæarsjóds reikningurinn, eptir ad hann nú er upp
=gjördur, líka gefur nokkud meiri eptirstödvar heldur en rádgjört í áætluninni, var rádid ad jafna ekki ad fullu því er áætlunin til visar, ~~(þar líka nokkrir nýjir gjaldendur vidbætast, og tekjur þarmed aukast)~~ var því byrjad á þessu verki, er lokid var í concept, þ: 23tu.

Á fundi þessum voru tilfærdir eptirfylg: lódartollar, er vid áætlunargjördina, í vetur, voru teknir til greina:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Arnarholtskoti:

Sig Jónsson járnsmiður 8 álnir

á Hlíðarhúsalóð

S. Vigfússon, lóðarviðauka 3 álnir, alls 14,

Ingjaldr Ingjaldsson 8 álnir

Björn Pálsson 10 "

Ingim: Sigurðsson, lóðarauka 2, " 14

Jón Jónsson járnsmiður 6 "

Til að gánga í ~~niðj~~ stjórnarnefnd fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi, var, í stað O. Finsen, er á fundi þ. 1st. febr var kosin til bráðabyrgðar, ~~xxx~~ kosin Jón Arason.

Eptir að niðurjöfnunargjörðinni var lokið, og aukaútsvarið talið saman, reyndist svo að upphæðin er c: 50 rd hærri en áætlunin ráðgjörir, en þar vér ekki þaraf hér ráðgjörðu tekjum síðar munu burtfalla, þar lagt er á suma um hverja vér ekki vitum hvört þeir framvegis dvelja hér, og þannig sú hér talda upphæð ~~þegar~~ engu ekki fáanleg, þar van-höld á ýmsan hátt líka munu koma fyrir, og þar oss líka finnst að skipti á gjöldunum sé í svo góðu hlutfalli sem oss er því unt að leysa af hendi, álítum vér ekki þörf að breyta henni, jafn-vel þótt hún ekki sé samhljóða ályktun þeirri er vér tókum við byrjun fundarins. Fundi slitið

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, Einar Þórðarson, O. Finsen

Ó. Gíslason, Jón Arason, J. Steffensen

Ár 1871 föstudag þ. 30 júní, áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar allir mættu nema O. V. Gíslason, sem er fjærverandi og var þá framlagt 1) bréf bæarfógeta d. 22. þ. m. hvarmeð hann tilkynnir að lögstjórnin með bréfi af 2. maí gefi heimild til lántöku þeirrar, að upphæð 700 ríkisdali, er bæarstjórnin í fyrra ráðgjörði að taka til fullkomnunar í Skólavörðunni, mót 6% afborgun í 28 ár. 2) Bréf frá Sverrir Runólfs-syni dags: 15. þ. m, hvari hann tilkynnir að hann sé búinn með þá umsömdu vegagjörð, og býðst til að takast meira af þessu verki á hendur; mál þetta var rætt á fundi hjá bæarfógeta fyrir nokkrum dögum, og því óþarft að geta þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frekar hér.

Þarnæst var fyrirtekin aukaniðurjöfnun á bæargjald-inn á þá menn, er nýkomnir eru til bæarins, sem og líka þá er af ýmsum ástæðum ekki voru settir á aðalniðurjöfnun í marts, og eru:

Brodersen, bakarasveinn, fyrir	1/2 ár,	3 ríkisd:
Elín Sigurðardóttir, Sölfhól	1/2 "	1 "
Guðm: Bjarnason í Ástúbæ	1/2 "	3 "
Guðrún Bergmann	1 "	2 "
" Jónsdóttir, Hlíðarhúsum	1/2 "	1 "
" Steinsdóttir	1/2 "	1 "
Guðríður Magnúsdóttir frá Mýrarhúsum	1/2 (1)	2 "
Jón Jónsson frá Hvassahrauni	1/2 "	3 "
" bókbindarasveinn	1/2 "	2 "
Lárus Gunnarsson	1 "	4 "
Símon Þorsteinsson Efstaholti	1/2 "	3 "
Níelsína Hansdóttir	1/2 "	1
Sæfinnur Hansson	1/2 "	2
Sigurjóna Laxdal	1/2 "	1 - 48 sk:
prestur Ísleifr Hákonsen	1/2 "	2 "
Magnús Árnason snikkari	1/2 "	3 "
Hólmfríðr Guðmundsdóttir	1/2	1 "

Fundi slitið

H. A. Sivertsen Jón Pjetursson Einar Þórðarson. O Finsen
Jón Árnason

Ár 1871, þriðjudag þ 12ta december, áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar allir mættu.

Var þar framlagt bréf frá bæarfógeta dags: 5ta þ m: hvarmeð hann sendir: 1) áætlun fátækranefndarinnar, að uppphæð 2336 ríkisd: 48 skild, og 2) áætlun skólanefndar-innar, að uppphæð 670 ríkisd:, báðar fyrir næstkomandi ár, (1872). Jafnvel þótt áætlun fátækranefndarinnar sé ca 200 rd lægri en fyrir þetta ár, er hún þó talsvert hærri en fyrir hin þaraundan gengnu ár, en - þar vér verðum að álíta fátækranefnd:, sem nú er skipuð af svo góðum mönnum, ~~fullt~~ best hæfa til að bera um málþetta, finnum vér ekki ástæðu til að mótmæla áætlun þessari; hið sama er um áætlun skólanefndarinnar. Fundi slitið

H. A. Sivertsen Jón Pjetursson. O Finsen Ól Pálsson Einar Þórðarson
Jón Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1872, midvikudag þ 17da januar, var fundur hald-
in, hvar hinir eldri fulltrúar voru mættir, nema Jón
Arason, er nú vid árslokin hafdi lokid sínum eins árs
starfa sem bæarfulltrúi; í stad hans ~~m~~ er mættur Jón
Arnason á Stódlakoti, sem, samkvæmt brefi frá bæar-
fógeta af 15da þ. m.; á kjörfundi þ 8da þ. m. var kosin ~~sem~~ til
bæarfulltrúa úr flokki tómhúsmanna, fyrir hin næstu 6 ár; kos-
ningu þessa hefir Stiftamtid samþykt þ 15da þ. m.

Formadurinn frá fyrra ári, er bodad hafdi fundinn,
skoradi þarnæst á fulltrúana ad kjósa formann og varafor-
mann, og hlaut: 1) H Sivertsen Factoreda sem formadur, og
2) J Petursson 4, sem varaformadur.

Vidvíkjandi hinni vanalegu umsjón med hinum ýmis-
legu bæarverkum, þá var rádid ad skipta henni þannig: sjá nedar X

Á fundinum matti fyrir hönd bæarfógetans, skrifari J
Jónasson, er framlagdi uppteiknun yfir ógoldin bæargjöld
fyrir hin 4 umlidnu ár, ad upphæd 133 rikisd. Eptir ad búid var
ad yfirfara lista þennan, var rádid ad stinga uppá ad út-
skrifadir verdi 77rd 88 (78rd 10) af þessari upphæd, sem vér álítum ófaan-
lega, og því ekki ad telja sem eign fyrir bæarsjód

+ sjá ofar. 1) bakarastíg, ~~[illegible]~~ J Pjetursson, 2) alt annad svædi fyrir
austan læk, Jón Arnason, 3) lækin og vestur ad húsi madame G
Möller, ásamt Kirkjubrú, O Finsen, 4) austurvöll og hafnar-
stræti, H Sivertsen, 5) adalstræti og kirkjugardsgötu, E
Þórdarson, og 6) alt svædi fyrir vestan adalstræti, O Gíslason.

Forstödumadur vid slökkvitólin, G Lambertsen, hefir mun-
lega nefnt vid formanninn, ad bera fram fyrir ~~[illegible]~~
fulltrúana hvort þeir æski ad hann haldi slökkviæfingar
um náttúrtíma. Þessu spursmáli álítum vér oss óviðkom-
andi ad svara, en — þar Lambertsen hefir synt fremur
litla framtakssemi í þessu tilliti, hin umlidnu 2—3 ár, var
rádid ad skrifa bæarfógeta um þetta efni, á þann hátt er
brefabókin nánar lýsir. Fundi slitid.

H Sivertsen Jón Pjetursson. Einar Þórdarson. O Finsen
O Gíslason Jón Arnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1872 3. April var fundur haldinn, hvar bæjargjalds-
kerinn lika var mættur og var þá tekið til niðurjöfnunar
á bæjargjaldinu fyrir yfirstandandi ár, og var þessum
starfa lokið næsta dag.
Á fundinum voru ýmsir lóðartollar teknir upp eptir
fylgjandi:

Pétri Vigfússyni --- með	7 alnir gjald
Heyrnarskólaid ásamt áður út-vísaðri lóð № 124. ---	16 - ---
Guðmundur Jónsson snikkari	6 - ---
Einar Einarsson Kastkúer	6 - ---
Sveinn Guðmundsson ---	7 - ---
Geir Zoega ---	6 - ---
Sigurbjörg Sigurðardóttir ---	7 - ---
Gísli Jónsson ---	10 - ---
Jónas Jónsson ---	10 - ---
Þorsteinn Þorsteinsson ---	7 - ---

Þar fulltrúi tómthúsmanna J Árnason er sem stendur
í veri suður í Vogum hafa ýmsir borið niðurjöfnunina
undir hinn eldri fulltrúa tómthúsmanna og tekið þær
leiðbeiningar er þeir hafa gefið oss til greina. Fundi slitið.

P. H. Sivertsen Jón Pétursson, Einar Þórðarson. O Finsen

O Gislason J Steffensen
Gjaldk.

Ár 1872, miðvikudag þ 10. april áttu fulltrúarnir,
ásamt gjaldkéranum, fund með sér, hvar þá framlagt:
1) bréf frá G Jóhannessyni og E Jónssyni um lækkun á
aukaútsvari á eign þeirra: vindmyllu Ahrens, og
2) bréf frá procurator J Guðmundssyni af sama innihaldi;
eptir að innihald bréfa þessara hafði verið til umræðu,
varð beiðni G Jóhannesar tekin til greina, og breytt á
niðurjöfnunarskránni, er nú er hreinskrifuð, og var undir-
skrifuð á fundinum; bréf J Guðmundssonar var ekki tekið
til greina. Fundi slitið.

P. H. Sivertsen Einar Þórðarson. Jón Pétursson O Finsen O Gislason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1872, mánudag þ. 29. april var fundur haldinn, hvar þá bókið til umræðu bréf frá gjaldkeranum til bæarfógetans af 23. þ. m., hvari hann tjáir honum að sjóðurinn sé peningalaus. Þar peningalán nú er ófáanlegt, nema ef það skyldi vera úr sparisjóðnum, og þá með 5% rentu, var ráðið, og framkvæmt á fundinum, að rita bónarbréf til gjaldenda og biðja þá nú strax greiða nokkurn hluta af þ. á. bæargjöldum þeirra, áður frekari tilraun til lántöku gjörð verður. Fundi slitið.

H. A. Sivertsen, Jón Pjetursson, Einar Þórðarson.
O. Gíslason, O. Finsen

Ár 1872, miðvikudag þ. 26. júní, áttu fulltrúarnir fund með sér, hvar allir mættu nema O. Gíslason, sem er fjærverandi, og J. Pjetursson, sem er forfallaður sjálfur lasleika, hvar þá framfór aukaniðurjöfnun á útsvari til bæarsjóðs á þá menn er nýkomnir eru hér, eður af ýmsum ástæðum ekki voru settir í gjald á aðalniðurjöfnunarfundi í april, og eru:

	Littlabæ fyrir ½ ár,	Ríkisd.
Bjarni "		10.
Chapelain kaupmaður	½	5.
Bald, timburmeistari	½	~~4~~
Lyders múrari	½	3.
Manberg "	½	3.
Madsen, bakarasveinn	½	5.
Jensen, bakari	½	3.
Krist: G Schram, snikkari	½	2. 3/
J Jónsson, assistent í Borgen	½	3.
Magnús Arnason. Hliðarhúsinu	1.	5.
Guðmundur Ingimundsson frá Skálholti	½	2.
Nikulás Sigvaldason. Hákoti	1.	5
Jónas Magnússon söðlasmiður	½	2
Þorgeir Lárus Guðmundsson, söðlasmiður.	½	10.
E Egilsson kaupmaður	½	2. 3/
E Hall, assistent.	½	2 / 3
B. Gunnlogsen	½	3
Einar Eyolfsson		

Þarnæst framlögð, tvö bréf af 19. og 20. þ. m. frá Stiftamtinu til bæarfógetans, hið fyrra um hlutteku bæ-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-arins í byggingarkostnaðinum á hinu nýja hegningar
húsi og þarí tilætluðu herbergjum fyrir bæarþing + bc, og
hið síðara um ýmislegar reglur og undirbúning til in-
=leiðslu á hinni nýju bæarstjórnarreglugjörð af 20 april
þ. á.; umræðu og þaraf leiðandi ráðstöfunum útaf bréfum þessum verður
fyrirfram frestað til sameiginlegs fundar við bæarfógét=
=an, og bæði bréfin nú í dag aftur afhent bæarfógéta.

Aukaniðurjöfnunin var hreinskrifuð á fundinum, og
afhendist bæarfógetanum í dag, til vanalegrar ráðstöfunar.

~~Fund~~ Var ráðið að láta umbæta alfaraveginn, frá Þing-
=hlíð og niður í bæin, þar sem þessa kann að þarfnast.

Fundi slitið.

H. A. Siverts[e]n O. Finsen. Einar Þórðarson
Jón Árnason

88 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur